# HANNAR Á HOLLYWOOD-LEIKKONUR

*Linda Árnadóttir vinnur fyrir fatamerkið Rue du Mail sem er vinsælt hjá stjörnunum*







Europris - Akureyri
49 pr. stk
PEPSI - 33 CL
Europris - ódýrt fyrir alla



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. júní 2008 — 174. tölublað — 8. árgangur MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR




# Fámennt lögreglulið réð ekki við slagsmál

**Engin fíkniefnadeild er innan lögreglunnar á Akureyri. Fáliðað lögreglulið réð illa við hópslagsmál í miðbænum. Bæjarstjóri vill fleiri lögreglumenn í bæinn.**

**LÖGREGLUMÁL** „Ef hér væri fíkniefnadeild til staðar hefði þetta mál kannski aldrei komið upp,“ segir Þórarinn Jóhannesson, varðstjóri hjá lögreglunni á Akureyri.

Tvenn hópslagsmál brutust út á Akureyri á fimmtudagskvöld. Talið er að það hafi verið uppgjör milli fíkniefnaneytenda í bænum.

Slagsmálahundarnir voru heimamenn, karlar og konur á aldrinum 18 til 25 ára. Beitt var golfkylfum, borðfótum og öxi.

Slagsmálin fóru fram í íbúahverfum á Akureyri, brekkunni fyrir ofan miðbæinn og í Þorpinu. Allar línur voru rauðglóandi hjá Neyðarlínunni meðan á slagsmálunum stóð.

Einungis tveir voru handteknir og einn fluttur á slysadeild. Handtaka hefði mátt fleiri ef fleiri lögreglumenn hefðu verið til taks að sögn varðstjóra. „Það þarf tvo lögregluþjóna á hvern við þessar aðstæður,“ segir Þórarinn. „Við vorum bara fimm á vakt en fengum tveggja manna liðsstyrk frá Húsavík og reyndum að taka þá sem verst létu.“

„Við höfum ítrekað bent á að hér þurfi að fjölga í lögreglunni,“ segir Sigrún Björk Jakobsdóttir bæjarstjóri. „Við höfum miklar áhyggjur af ástandinu og munum leggja okkar af mörkum til að styrkja lögregluliðið.“

Björn Bjarnason dómsmálaráðherra segir að löggæslan á Akureyri hafi nýverið verið styrkt með sérsveitarmönnum. Þórir Hrafnsson, aðstoðarmaður Björns, segir ólíklegt að gripið verði til sérstakra aðgerða vegna atburðanna á Akureyri nú. **- vsp/ht**



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**DANSAÐ Á LÆKJARTORGI** Skapandi sumarhópar Hins hússins brugðu á leik í góða veðrinu í gær og settu svip sinn á miðborgina.



**GEIR JÓN** Með kraftinn á milli fótanna.

Lét mótorhjóladraum rætast:

## Fer Route 66 á Harley í haust

**FÓLK** Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn lét drauminn rætast í júní og festi kaup á forláta Hondu-mótorhjóli. Í haust hyggur hann á mótorhjólaferð eftir Route 66 í Bandaríkjunum í slagtogi við félaga sína í mótorhjólaklúbbnum Trúboðunum. Til verksins mun hópurinn leigja breiðu af splunkunýjum Harley Davidsson-hjólum, sem þeim býðst svo að kaupa að ferðinni lokinni.

„Ég hef verið með mótorhjóladellu alveg frá því að ég var með skellinöðru á sínum tíma,“ segir Geir Jón, sem nýtur stuðnings konu sinnar. „Hún fer með út sem hnakkaskraut.“ **- sun / sjá síðu 46**

Reykjavík kjörin til hjólreiða:

## Ríkið hjálpar alls ekki neitt

**SAMGÖNGUR Ríkisvaldið hjálpar Reykjavíkurborg „ekki með nokkurn skapaðan hlut“ við að skapa grundvöll fyrir hjólreiðar í borginni, segir Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfis- og samgönguráðs.**

**Ekkert fé er á samgönguáætlun til að leggja hjólreiðarstíga.**

**Ríkisstjórnin ætti því að líta sér nær þegar hún talar um að auka hlut vistvænna samgangna, segir Gísli, sem situr í stjórn Strætós. Ríkið styðji heldur ekki við almenningssamgöngur í borg, þótt það geri það úti á landi.**

**Viðmælendur blaðsins eru annars sammála um að Reykjavík sé kjörin borg til hjólreiða.**

**- kóþ / sjá síður 24 og 25**

## VEÐRIÐ Í DAG




**BEST SYÐRA** Í dag verða 8-15 m/s með norður- og vesturströndinni, annars hægari. Rigning af og til norðan til og austan en bjart með köflum sunnan og suðvestan til. Síðdegisskúrir. Hiti 5-14 stig.

**VEÐUR 4**

Félagsmálaráðherra kveðst ekki vita hvernig upplýsingar bárust bankastjóra:

## Eiga ekki að fá innherjaupplýsingar

**VIÐSKIPTI** Forsætisráðuneytið upplýsti Halldór J. Kristjánsson, bankastjóra Landsbankans og formann Samtaka fjármálafyrirtækja, um fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, áður en þær voru kynntar opinberlega.

Ríkisstjórnin tilkynnti um hækkað lánshlutfall Íbúðalánasjóðs og fleiri aðgerðir síðdegis 19. júní. Um klukkustund áður en ríkisstjórnin sagði almenningi frá aðgerðunum var Halldóri tilkynnt um efni þeirra. Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá Landsbankanum.

Samkvæmt heimildum Markaðarins sá forsætisráðuneytið um að upplýsa hann. Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði eftir ríkisstjórnarfund í gær að sér væri ekki kunnugt um að Samtök fjármálafyrirtækja hefðu brugðist trausti.

„Ég veit ekki hvernig hann bjó yfir þessari vitneskju eða hvernig hann hefur fengið þetta. En hann á ekki að hafa neinar innherjaupplýsingar sem snerta innherjaviðskipti,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

Landsbankinn segir að þessar upplýsingar hafi engin áhrif haft á viðskipti bankans. **- ikh / sjá síðu 10**


„...fyrst á visir.is“



visir.is
...ég sá það á visir.is

ALLIR BÍLAR Á EINUM STAÐ - Á KLETTHÁLSI
HEKLA
NOTAÐIR BÍLAR

OPIÐ til 20 alla daga
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

## SPURNING DAGSINS



*Loftur, ertu í sjöunda himni eða býstu við að allt fari aftur í háaloft?*

„Ég er lentur mjúkri lendingu.“

Loftur Jóhannsson er formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra, sem í gærmorgun náði samkomulagi í kjaradeilu sinni við samninganefnd Samtaka atvinnulífsins.

Obama og Clinton héldu táknrænan kosningafund í New Hampshire:

# Snúa bökum saman gegn McCain

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama, forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins, hélt kosningafund með Hillary Clinton í litlum bæ í New Hampshire-ríki í gær.

Staðsetningin er táknræn: Obama og Clinton fengu bæði 107 atkvæði frá bænum Unity í fyrsta forvali demókrata í janúar. Um sextíu þúsund manns hlýddu á mál þeirra.

Obama og Clinton öttu kappi um að verða forsetaframbjóðandi Demókrataflokksins. Baráttunni lauk með sigri Obama.

Þau hafa nú slíðrað sverðin og einsett sér að sameina Demókrataflokkinn gegn frambjóðanda Repúblikanaflokksins, John McCain.

Samkvæmt skoðanakönnunum styður aðeins um helmingur fyrrverandi stuðningsmanna Clinton framboð Obama. Fimmtungur þeirra segist styðja McCain.

Clinton kynnti í fyrradag Obama fyrir tvö hundruð fjársterkustu stuðningsmönnum sínum. Obama hefur beðið stuðningsmenn sína að aðstoða Clinton við að greiða tuttugu milljóna dollara skuld frá kosningabaráttunni.

Kosið verður til forseta 4. nóvember. - gh



**HILLARY CLINTON OG BARACK OBAMA** Clinton segir að Obama sé „leiðtogi sem fjárfesti í framtíð okkar“. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Braut gegn siglingalögum:

# Pólstjörnukarl dæmdur aftur

**DÓMSMÁL** Bjarni Hrafnkelsson, sem í febrúar hlaut átján mánaða fangelsisdóm fyrir aðild sína að Pólstjörnumálinu svokallaða, hefur verið dæmdur fyrir brot á lögum um eftirlit með skipum, lögum um vaktstöð siglinga og lögum um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og áhafnalögum.

Bjarni vanrækti að tilkynna um skipið, sem var auk þess vanmannað. Brotið framdi hann í júní í fyrra. Hann játaði það greiðlega en var ekki gerð nein refsing í ljósi þess hversu þungan dóm hann afplánar nú þegar vegna Pólstjörnumálsins. - sh



**BÍTLARNIR** Hið nýfundna viðtal ku vera hvalreki á fjörur Bítlaaðdáenda.

Filmubox geymir gersemar:

# 44 ára gamalt viðtal fundið

**MENNING** Týnt sjónvarpsviðtal við meðlimi Bítlanna fannst nýlega í ryðguðu filmuboxi á verkstæði í London, 44 árum eftir að það var tekið upp.

Bítlarnir voru á hljómleikaferðalagi um Bretlandseyjar í apríl 1964, þegar þeir veittu BBC sjónvarpsstöðinni stutt viðtal í Skotlandi. Eftir að viðtalið var sýnt í barnaþætti stuttu síðar virðist filman hafa týnst, en fannst svo aftur fyrir stuttu. Í viðtalinu spjalla fjórmenningarnir um nýtilkomna alheimsfrægð sína og aðferðir við lagasmíðar.

Viðtalið verður sýnt á BBC þann 1. júlí næstkomandi. - kg

Fasteignaviðskipti glæðast:

# Helmingi fleiri keyptu fasteign

**FASTEIGNIR Nær helmingi fleiri kaupsamningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í liðinni viku en vikuna þar á undan.**

**Dagana 20. til 26. júní var 62 kaupsamningum þinglýst samanborið við 33 vikuna á undan. Aftur á móti var 249 samningum þinglýst síðustu vikuna í júní í fyrra.** - ht

# Þrír af fjórum finna fyrir niðursveiflunni

**Um fjörutíu prósent finna mikið eða mjög mikið fyrir samdrætti. Tæplega helmingur kvenna og íbúa landsbyggðarinnar eru því sammála.**

**SKOÐANAKÖNNUN** Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins finna 41,4 prósent mikið eða mjög mikið fyrir áhrifum niðursveiflu efnahagslífsins á ráðstöfunartekjur heimilisins. Segjast 34,8 prósent finna nokkuð fyrir niðursveiflunni, en 23,8 prósent segjast finna lítið eða ekkert fyrir áhrifum hennar á ráðstöfunartekjur.

Konur segjast frekar finna fyrir niðursveiflunni en karlar og þá segjast íbúar landsbyggðarinnar frekar finna fyrir henni en íbúar höfuðborgarsvæðisins.

Segjast 46,4 prósent kvenna finna mikið eða mjög mikið fyrir niðursveiflunni, en 36,4 prósent karla eru sama sinnis. Um 35 prósent karla og kvenna segjast finna nokkuð fyrir niðursveiflunni, en 18,5 prósent kvenna og 28,9 prósent karla segjast finna lítið eða ekkert fyrir henni á ráðstöfunartekjur.

Af íbúum á landsbyggðinni segjast 46,7 prósent íbúa finna mikið eða mjög mikið fyrir samdrættinum á ráðstöfunartekjur heimilisins, en 38,0 prósent íbúa höfuðborgarsvæðisins. Segjast 36,5 prósent íbúa á landsbyggðinni finna nokkuð fyrir niðursveiflunni og tæp 34 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu. Þá segjast 28,2 prósent íbúa á höfuðborgarsvæðinu ekkert eða lítið finna fyrir niðursveiflunni, en tæp 17 prósent íbúa á landsbyggðinni.

Ef litið er til svara eftir kjósendum stjórnmálaflokkanna segjast kjósendur Sjálfstæðisflokks minnst finna fyrir samdrættinum. Af þeim segjast 21,0 prósent finna mikið eða mjög mikið fyrir honum, en rúm 38 prósent kjósenda Framsóknarflokks og 46 til 53 prósent kjósenda annarra flokka eru því sammála. Þá segjast 31,8 prósent sjálfstæðisfólks lítið eða ekkert finna fyrir samdrætti í efnahagslífinu. Rúm 26 prósent framsóknarfólks og 18 til 22 prósent kjósenda annarra flokka eru því sammála.

Hringt var í 800 manns á kosningaaldri laugardaginn 21. júní og skiptust svarendur jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir búsetu. Spurt var: Hversu mikið finnur þú fyrir áhrifum niðursveiflu efnahagslífsins á ráðstöfunartekjur heimilisins? Tóku 96,9 prósent afstöðu til spurningarinnar.



**MANNLÍF** Alls kveðast 46,7 íbúa úti á landi finna mikið eða mjög mikið fyrir samdrættinum á ráðustöfunartekjur heimilisins. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**FINNUR ÞÚ FYRIR NIÐURSVEIFLU Á RÁÐSTÖFUNARTEKJUM?**




Norður-Kórea sprengir turn:

# Sýna viðleitni til afvopnunar

**NORÐUR-KÓREA, AP Norður-Kóreumenn sprengdu í gær kæliturn helsta kjarnorkuvers landsins. Athöfnin er sýnilegasta merkið hingað til um viðleitni stjórnarmanna í Norður-Kóreu til að verða við alþjóðlegum kröfum um að falla frá kjarnorkuvopnaáætlun sinni.**

**Stjórnvöld í Norður-Kóreu sýndu að landið væri orðið kjarnorkuveldi þegar þau sprengdu kjarnorkusprengju neðanjarðar árið 2006. Sérfræðingar telja líklegt að Norður-Kórea eigi nóg plútón til að framleiða tíu kjarnorkusprengjur.** - gh

Íbúðalán Kaupþings:

# Vextir lækka í kjölfar útboðs

**VIÐSKIPTI** Vextir á íbúðalánum Kaupþings lækka um 0,35 prósent frá og með næstkomandi mánudegi í kjölfar útboðs bankans sem lauk síðdegis í gær og eru nú 6,05 prósent.

Í fréttatilkynningu frá Kaupþingi kemur fram að útboð á skuldabréfum til fagfjárfesta vegna fjármögnunar á nýjum íbúðalánum hafi gengið vel. Tilboðum hafi verið tekið fyrir 4,8 milljarða í tveimur skuldabréfaflokkum. Þetta var í fyrsta sinn sem Kaupþing fer þá leið að bjóða út sérvarin skuldabréf í þessum tilgangi. Hyggst bankinn gera það reglulega héðan í frá og munu vextir íbúðalána ráðast af viðtökum fjárfesta hverju sinni. - bih

## FINNLAND

**Sjóða drykkjarvatnið**

*Íbúar í bænum Borgå í Finnlandi eru hvattir til að sjóða allt sitt drykkjarvatn. Bakteríur hafa mælst í vatninu eftir að leiðsla fór í sundur í þrumu- og eldingaveðri.*




Hátt á þriðja þúsund pilta og foreldra skemmta sér á Shell-mótinu í Eyjum:

# Sonurinn betri en Eiður Smári

**VESTMANNAEYJAR** Um þúsund strákar keppa á Shell-mótinu sem nú stendur yfir í Vestmannaeyjum. Veðurblíðan hefur leikið við mótsgesti sem eru hátt á þriðja þúsund. „Þegar veðrið er svona gott þá er ekki hægt að klúðra þessu,“ sagði Jónas Sigurðsson, starfsmaður mótsins, í samtali við Fréttablaðið í gærkvöld. Hann bætti því við að fyrir utan fótbolta væri nóg um að vera. „Það eru kvöldvökur fyrir krakkana og svo verða skemmtanir á kvöldin fyrir fullorðna.“

Í Eyjum eru saman komin 80 lið í 6. flokki karla. Liðin koma hvaðanæva af landinu og er keppnisgleðin mikil og margir efnilegir knattspyrnumenn etja kappi.

Fótboltakappinn Eiður Smári Guðjohnsen er í Vestmannaeyjum með Sveini Aroni syni sínum, sem leikur með HK. Eiður þekkir Shell-mótið vel enda tók hann þátt sem ungur drengur. Hann lét þau orð falla í gær að Sveinn Aron væri miklu betri en hann var sjálfur á hans aldri.

Einn gestadómara mótsins er Mike Riley en hann er þekktur dómari úr ensku úrvalsdeildinni. Riley dæmdi í gær leik Pressuliðsins og Landsliðsins en leikurinn fór 2-0 fyrir Pressuliðinu. - hþj



Fræknir feðgar Eiður Smári og Sveinn Aron nutu lífsins í góða veðrinu í Eyjum í gær. Sveinn Aron keppir með HK á mótinu. MYND ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON


Úllen
dúllen
doff
kikke
lane
koff
koffe
lane
bikke
bane
úllen
dúllen
doff!
Stærsta útsala
landsins er hafin
Kringlan
Mán til mið 10–18:30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18
Sími 568 9200
www.kringlan.is

## GENGIÐ 27.06.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 81,33 | 81,7 |
| Sterlingspund | 161,64 | 162,42 |
| Evra | 128,07 | 128,79 |
| Dönsk króna | 17,17 | 17,27 |
| Norsk króna | 16,04 | 16,14 |
| Sænsk króna | 13,61 | 13,69 |
| Japanskt jen | 0,76 | 0,77 |
| SDR | 133,3 | 132,91 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
164,572

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Verkfall flugumferðarstjóra stóð stutt í gærmorgun:

# Fá 11 prósenta launahækkun

**VINNUMARKAÐUR** Samningar náðust í kjaradeilu flugumferðarstjóra og Samtaka atvinnulífsins, SA, í gærmorgun. Samkvæmt samningum fá flugumferðarstjórar með þriggja ára starfsreynslu og lengri samtals um 11 prósenta launahækkun. Gert er ráð fyrir að reyndari flugumferðarstjórar taki að sér að þjálfa óreyndari menn til starfa.

Samningur flugumferðarstjóra er að uppistöðu til framlenging á fyrri samningi. Samningurinn gildir til 31. október 2009 og felur í sér hækkun upp á 4,75 prósent í júní hjá öllum flugumferðarstjórum, þriggja prósenta kennslugjald 1. september til þeirra sem hafa þriggja ára starfsaldur og fá réttindi til að þjálfa fólk, og svo fær allur hópurinn þrjú prósent 1. febrúar.



**LOFTUR JÓHANNSSON** Formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra segir niðurstöðuna hafa náðst á síðustu metrunum.

„Við skrifuðum undir samninginn og það þýðir að við sættum okkur við hann," segir Loftur Jóhannsson, formaður Félags íslenskra flugumferðarstjóra. „Þessi niðurstaða náðist á síðustu metrunum og ég vona auðvitað að menn sætti sig við hana. Við töldum að við værum komnir eins langt og við kæmumst í þetta sinn."

Verkfall flugumferðarstjóra hófst klukkan sjö í gærmorgun en var blásið af skömmu síðar. Óverulegar tafir urðu vegna verkfallsins og mun minni en búist hafði verið við. Vélar höfðu farið í loftið fyrir sjö. Flugumferð var komin í gott horf fyrir hádegi.

Innanlandsflug lá niðri í gærmorgun en komst fljótt í samt lag eftir að verkfalli lauk. **- ghs**

Sýkna í líkamsárásarmáli:

# Ekki sekur um hnífstungu

**DÓMSMÁL** Karlmaður hefur verið sýknaður af ákæru um hnífstunguárás. Pólskur starfsmaður við Hellisheiðarvirkjun var stunginn í nóvember síðastliðnum eftir að hópur íbúa í svefnskála við virkjunina hafði horft á knattspyrnuleik.

Þegar lögregla kom á staðinn var allt alblóðugt þar og flestir drukknir. Benti var á þann ákærða sem sökudólginn og viðurkenndi hann eftir handtöku að hafa átt í átökum við þann slasaða. Hann kannaðist hins vegar ekki við hnífsstunguna og þykir dómnum ekki sannað að hann hafi verið þar að verki. **- sh**

Stjórnarfrumvarp á Ítalíu:

# Berlusconi gerður friðhelgur

**ÍTALÍA, AP** Ríkisstjórn Silvios Berlusconi á Ítalíu hefur lagt fram lagafrumvarp sem veitti fjórum æðstu leiðtogum ríkisins, þar á meðal forsætisráðherranum Berlusconi, friðhelgi fyrir saksókn.



**SILVIO BERLUSCONI**

Berlusconi hefur lengi átt í útistöðum við réttarkerfið og er nú sakborningur við réttarhöld í spillingarmáli.

Lagafrumvarpið verður líklegast tekið fyrir af ítalska þinginu í júlí. Þar eru stuðningsmenn forsætisráðherrans í meirihluta.

Fyrri ríkisstjórn Berlusconis lét samþykkja svipað lagafrumvarp en stjórnlagadómstóll ríkisins taldi lögin stjórnskipulega ógild. **- gh**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Keyrði á timburvegg

Maður keyrði á vegg brunarústirnar á horni Lækjargötu og Austurstrætis í gær. Hann er grunaður um ölvun.

## BRETLAND

### Þriggja milljarða drottning

Kostnaður við rekstur bresku krúnunnar í fyrra nam fjörutíu milljónum punda, jafnvirði rúmlega þriggja milljarða króna að því er fram kemur í tilkynningu frá krúnunni.

## LEIÐRÉTTING

Þau mistök urðu við vinnslu blaðsins í gær að rangt nafn fylgdi með mynd á forsíðu. Hið rétta er að á myndinni var Sveinbjörn Sigurðsson. Viðkomandi eru beðnir velvirðingar á mistökunum.

# Kosning í skugga ofbeldis sniðgengin

**Forsetakosningar fóru fram í Simbabve í gær þó aðeins sitjandi forseti, Robert Mugabe, hafi verið í framboði. Dræm mæting var á kjörstaði þrátt fyrir ógnanir stjórnarliða. Mugabe vill sýna fram á mikinn stuðning við sig meðal fólksins.**

**SIMBABVE, AP** Ógnanir stjórnarliða einkenndu forsetakosningar í Simbabve í gær. Kosningunum var ætlað að sýna stuðning Simbabvemanna við eina frambjóðandann, Robert Mugabe, sitjandi forseta. Þrátt fyrir viðleitni stjórnarliða til að fá fólk á kjörstaði virðist sem kjörsókn hafi verið dræm.

Morgan Tsvangirai, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, hafði áður dregið sig út úr baráttu um forsetastöðuna vegna ofbeldis stjórnarliða gagnvart stuðningsmönnum stjórnarandstöðunnar.

Tsvangirai sagði að kosningarnar væru merkingarlausar og „endurspegluðu aðeins ótta fólksins".

Blek var sett á fingur þeirra sem kusu. Stuðningsmenn forsetans gengu á milli húsa og leituðu fólks án bleks til að láta það kjósa. Við kjörstaði mátti sjá stuðningsmenn forsetans merkja við nöfn þeirra sem kusu. Fregnir herma að fólki hafi verið hótað því að hús þess yrði brennt færi það ekki að kjósa.

Erlendum fjölmiðlum var að mestu meinað að vera viðstaddir kosningarnar. Að minnsta kosti þrír fréttamenn voru handteknir.

Erlendir leiðtogar andmæltu kosningunum. Talsmaður Evrópusambandsins sagði kosningarnar innantóma uppgerð. Utanríkisráðherra Bandaríkjanna, Condoleezza Rice, ætlar að ljá máls á refsiaðgerðum gegn stjórnvöldum í Simbabve í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Tsvangirai vann forsetakosningar sem fram fóru í mars en fékk samkvæmt opinberum tölum ekki hreinan meirihluta svo önnur umferð var nauðsynleg.

Nafn Tsvangirais var á kjörseðlum í gær. Kjörstjórn segir að hann hafi dregið sig of seint úr kosningabaráttunni til að hægt væri að breyta kjörseðlum.

**gunnlaugurh@frettabladid.is**



**ROBERT MUGABE** Forsetinn virtist vera í góðu skapi þegar hann kaus. Hann sagðist vera „í góðu formi og bjartsýnn". FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## ROBERT MUGABE

Robert Mugabe hefur verið leiðtogi Simbabve síðan 1980. Hann reis til frægðar með baráttu sinni gegn yfirráðum Breta í Simbabve, sem þá hét Ródesía.

Hann hefur verið umdeildur. Stuðningsmenn hafa hyllt hann sem baráttuhetju gegn nýlendustefnu en andstæðingar hafa sagt hann vera ofbeldishneigðan einræðisherra.

Efnahagur Simbabve hefur farið illa undir stjórn Mugabe. Verðbólga hefur verið sú mesta í heiminum. Landbúnaðarframleiðsla stórminnkaði þegar hann lét reka hvíta bændur af jörðum sínum. Matarskortur er í Simbabve og fólk hefur flúið landið í stórum stíl.



**GRÆNLAND** Hvalveiðar Grænlendinga teljast frumbyggjaveiðar.

Frumbyggjaveiðar Grænlands:

# Hnúfubaksveiðar ekki leyfðar

**GRÆNLAND Alþjóðahvalveiðiráðið hefur hafnað kröfu Grænlendinga um að fá að veiða tíu hnúfubaka á ári.**

**Grænlendingar fá að veiða rúmlega 230 hvali af öðrum tegundum: hrefnur, langreyðar og sléttbaka.**

**Nokkrar deilur spunnust um það í ráðinu hvort heimila ætti Grænlendingum að veiða hnúfubaka. Bandaríkjamenn, Rússar og Japanar studdu Grænlendinga en Evrópusambandið var á móti veiðunum.** **- gh**

Alcoa og Landsvirkjun semja:

# Styrkja djúpa holu við Kröflu

**VIRKJANIR** Fyrsta borholan við Kröflu í íslenska djúpborunarverkefninu verður styrkt af Alcoa. Fulltrúar Landsvirkjunar skrifuðu undir samkomulag þess efnis í fyrradag.

Alcoa ætlar að leggja til 3,5 milljónir Bandaríkjadala, jafngildi 300 milljóna íslenskra króna. Borað verður niður á þriggja og hálfs kílómetra dýpi til að byrja með en ráðgert er að dýpka holuna á næsta ári.

Verkefnið felst í að kanna hagkvæmni þess að vinna orku úr háhitasvæðum með því að bora mun lengra niður í jörðina en áður hefur verið gert. **- ht**




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HELGIN**
Það verður að viðurkennast að veðurhorfur þessa helgina eru ekki par spennandi. Það er stíf norðanátt í kortunum einkum norðvestan til og á Norður- og Austurlandi verður væta af og til í fremur svölu veðri. Þokkalegt verður það í uppsveitum á Suðurlandi en þar má búast við síðdegisskúrum.




**Á MORGUN**
5-13 m/s hægastur með suðurströndinni.

**MÁNUDAGUR**
Hvasst með norður- og vesturströndinni

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Billund | 17° |
| Ósló | 22° |
| Stokkhólmur | 19° |
| Gautaborg | 18° |
| Helsinki | 21° |
| Eindhofen | 21° |
| Amsterdam | 22° |
| London | 22° |
| Berlín | 20° |
| Frankfurt | 22° |
| Friedrichshafen | 28° |
| París | 24° |
| Basel | 27° |
| Barcelona | 28° |
| Alicante | 29° |
| Algarve | 30° |
| Tenerife | 23° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.



# Pallaefni

Gagnvarin fura

**189 kr/lm**

Fura hefluð og fúavarin.
28 x 95, lengdir 0,9 - 4,5 metrar.
Nr. 628601

**Gildir til 30. júní**

# HELGARTILBOÐ

Í HÚSASMIÐJUNNI

**NÝ MÁLNING BETRA VERÐ**

## Pallaolía

**3 ltr.**

**Jotun Treolje**, 3 ltr.
7049123-37




**Jotun Treolje, olíubundin viðarvörn á pallinn sem smýgur vel inn í viðinn, veitir góða vatnsvörn og hamlar gegn gráma og sprungumyndun**

**1.799** ~~2.629~~

**Mest selda** pallaolía á Íslandi

## Útimálning

**30% AFSLÁTTUR AF HÚSASMIÐJU ÚTIMÁLNINGU Í ALLT SUMAR**

**Ný endurbætt utanhúss-málning frá Húsasmiðjunni á steinsteypta fleti, sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður með gott veðrunarþol.**

3 ltr 7207020-6 **2.295** ~~3.995~~

10 ltr 7207040-6 **4.990** ~~8.995~~






**Tré og runnar 20-50% afsláttur**



**14.590** ~~17.690~~

**11.990** ~~15.490~~

**Kælibox,**
Mobicool,
W48, AC/DC,
12/230V, 48 ltr
3899294

**Kælibox,**
Mobicool,
W35, AC/DC,
12/230V, 35 ltr
3899293

**Á hjólum, tekur 2 ltr. flöskur.**

## Sylt

fjölskyldutjald



**4 manna**
2 svefnherbergi
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag: 185T polyester, Pu húðað
9,5/8,5 mm stangir
Stærð með fortjaldi: 460 x 210 x 190 sm
5869206
**8.590**

**6 manna**
2 svefnherbergi
Innra lag: öndunarefni úr Polyamid
Ytra lag: 185T polyester, Pu húðað
8,5 mm stangir
Stærð með fortjaldi: 450 x 210 x 185 sm
5869206
**12.590**



**Hengilobelía 399**

HÚSASMIÐJAN x blómaval | Frábær saman

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Vöruúval er háð lagerstöðu í hverri verslun.

**KJÖRKASSINN**



*Er álver á Bakka í mótsögn við umhverfisáætlun Samfylkingarinnar, Fagra Ísland?*

| | |
|---|---|
| Já | 63% |
| Nei | 37% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú líkur á enn meiri verðbólgu?*

Segðu skoðun þína á vísir.is

Tónleikagestir hvattir til að mæta ekki á bíl á náttúruverndartónleika í Laugardal síðdegis:

# Fólk komi gangandi, hlaupandi eða hjólandi

**NÁTTÚRA** „Við hvetjum fólk til að koma gangandi, hlaupandi eða hjólandi,“ segir Margrét Vilhjálmsdóttir, leikkona og einn af skipuleggjendum Náttúrutónleikanna sem fram fara í Þvottalaugabrekkunni í Laugardalnum síðdegis.

„Þetta er svo fallegt og stórt svæði að fólk getur komið snemma og átt fjölskyldu- og vinadag í rólegheitunum. Tónlist Sigur Rósar, Bjarkar og hinna mun óma upp í Fjölskyldugarð og Laugardalslaugina þar sem fólk getur slakað á og notið lífsins.“ Tónleikarnir hefjast klukkan 17 og standa fram til klukkan 22.

Margrét telur bílastæðaskort ekki verða vandamál. „Það er fjöldi bílastæða í Laugardalnum og í nágrenninu. Svo verður lögreglan og Hjálparsveit skáta á svæðinu til að greiða fyrir umferðinni.“



**NÁTTÚRUTÓNLEIKAR Í LAUGARDAL** Svið fyrir tónleika Bjarkar og Sigur Rósar í Laugardal í dag er risið. Búist er við tugum þúsunda gesta. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Margrét bendir á að tónleikarnir séu tileinkaðir náttúrunni. „Við hvetjum fólk til að koma ekki á bílum og sýna þannig náttúruvernd í verki og eins til að sneiða hjá umferðarteppu og stressi.

Fólk á að slaka á og hugleiða náttúruna með vinum og fjölskyldu.“

Einar Örn Benediktsson segir undirbúninginn hafa gengið prýðilega. „Við erum með virkilega mikið af græjum og dóti þannig að þetta hefur tekið tíma. En þetta verður líka rosalegt.“

**- ges**





DYNAMO REYKJAVIK

Þú **sparar** á **Orkustöðvunum**

**Net Orkustöðvanna** umhverfis landið þéttist sífellt til enn frekari hagsbóta fyrir almenning. Kynntu þér hvar Orkustöðvarnar eru og hvað **bensínið er ódýrt þar.**

www.**orkan.is**

ORKAN BENSÍN

SPÁÐU Í HVAÐ ÞÚ SPARAR!




**GRUNNSKÓLABÖRN Á EGILSSTÖÐUM** Á Evrópska efnahagssvæðinu kveða reglur svo á að allar opinberar framkvæmdir sem kosta meira en 450 milljónir króna skuli boðnar út.

# Segir bæinn fara á svig við útboðslög

**Lögfræðingur Samtaka iðnaðarins hefur sent þremur ráðuneytum erindi þar sem hann fer fram á ítarlega athugun á því að Fljótsdalshérað hafi ekki boðið út stækkun á Grunnskólanum á Egilsstöðum fyrir einn og hálfan milljarð.**

**EGILSSTAÐIR** Samtök iðnaðarins fullyrða að stækkun Grunnskólans á Egilsstöðum, sem kostar einn og hálfan milljarð króna, sé útboðsskyld framkvæmd. Verkið var hins vegar ekki boðið út, heldur tók bærinn það yfir þegar Eignarhaldsfyrirtækinu Fasteign hf. tókst ekki að útvega fjármagn til framkvæmdanna.

Sigurður B. Halldórsson, lögfræðingur Samtaka iðnaðarins, hefur sent fjármálaráðuneytinu, iðnaðarráðuneytinu og samgönguráðuneytinu, sem fer með sveitarstjórnarmál, erindi vegna málsins. Þar fer hann fram á að málið verði skoðað til hlítar, enda telur hann að með þessu sé verið að fara á svig við útboðsreglur sem kveða á um að allar opinberar framkvæmdir á Evrópska efnahagssvæðinu sem kosta meira en 450 milljónir skuli boðnar út.

Upphaflega stóð til að Fasteign hf., fyrirtæki í eigu ellefu sveitarfélaga og banka, annaðist verkið. Þá hefði verkið ekki verið útboðsskylt, að sögn Soffíu Lárusdóttur, forseta bæjarstjórnar, þar sem Fasteign hefði reist húsið á eigin vegum, átt það og síðan leigt bænum það undir skólastarfið. Þannig hefði ekki verið um framkvæmd á vegum bæjarins að ræða.

Vegna efnahagsástsandsins gat Fasteign hf. hins vegar ekki fengið lán til að fjármagna framkvæmdina. Þá voru góð ráð dýr, að sögn Soffíu, og var ákveðið að bærinn sjálfur tæki verkið að sér, lán sótt í Lánasjóð sveitarfélaga og þjónustusamningur gerður við Fasteign hf. um framkvæmdina.

Soffía segir að þrátt fyrir þetta sé verkið ekki útboðsskylt, enda sjái bærinn sjálfur um framkvæmdina. Eftir sem áður verði rúmur helmingur verksins boðinn út til undirverktaka.

Að sögn Guðjóns Bragasonar, lögfræðings hjá Samtökum íslenskra sveitarfélaga, leitaði Fljótsdalshérað álits samtakanna á því hvort það stæðist lög að fara þessa leið, og fékk þau svör að svo væri. Slíkar fyrirspurnir séu afar óalgengar, enda um sérstakar aðstæður að ræða.

**stigur@frettabladid.is**





**Reiðnámskeið**

**fyrir hressa krakka**

**Reiðskóli Reykjavíkur býður upp á 2ja vikna reiðnámskeið. Námskeiðið er hálfan daginn og þú velur hvort þú vilt koma fyrir eða eftir hádegi.**

Börnin fá sér hest til umráða á meðan námskeiðinu stendur. Öll börn notast við öryggisreiðhjálma og höggheld reiðvesti. Allur útbúnaður innfalinn í verði. Grillveisla í boði síðasta daginn og þá verður einnig foreldrasýning.

Verð námskeiðisins er kr 20.000. Skráning fer fram á heimasíðu skólans, *www.reidskoli.is*. Upplýsingar í síma 692 0889.

**7. júlí - 18. júlí.** Nokkur pláss laus eftir hádegi.
**21. júlí - 1. ágúst.** Laust.
**5. ágúst - 15. ágúst.** Nokkur pláss laus.

**Auglýsingasími**

512 50 50

– Mest lesið


Meira en tveir af þremur kjósendum óánægðir með borgarstjórnarmeirihlutann:

# Lítil ánægja með borgarstjóra

**STJÓRNMÁL** Ríflega tveir af hverjum þremur borgarbúum eru óánægðir með störf borgarstjórnarmeirihluta Sjálfstæðisflokks og F-lista. Þetta er niðurstaða könnunar sem Félagsvísindastofnun vann fyrir Samfylkinguna.

Alls sögðust um 14 prósent ánægð með meirihlutann, tæp 18 prósent hvorki ánægð né óánægð, en 68,5 prósent sögðust óánægð.

Heldur færri voru ánægðir með störf Ólafs F. Magnússonar borgarstjóra. Alls sögðust 63,5 prósent óánægð með störf hans, rúm 23 prósent hvorki ánægð né óánægð, og 13 prósent ánægð.

Til samanburðar sögðust 62,4 prósent hafa verið ánægð með störf Dags B. Eggertssonar, fyrrverandi borgarstjóra, og 17,3 prósent sögðust hafa verið óánægð.

Samfylkingin fengi 48,2 prósent atkvæða og átta borgarfulltrúa af fimmtán væri kosið nú, samkvæmt könnuninni. Sjálfstæðisflokkur fengi 29,2 prósent atkvæða og fimm borgarfulltrúa. Vinstri græn mælast með 17 prósenta fylgi, sem myndi færa flokknum tvo borgarfulltrúa.

Frjálslyndi flokkurinn mælist með 1,2 prósenta fylgi og Framsóknarflokkurinn með 4,3 prósent. Hvorugur flokkurinn kæmi manni að væru þetta niðurstöður kosninga.

Könnunin var gerð dagana 2. til 22. júní. Í úrtakinu voru 1.200 Reykvíkingar og var svarhlutfallið tæplega 60 prósent.

**- bj**

**FYLGI FLOKKANNA**





# FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ VIÐ ESJURÆTUR

**Í dag bjóða SPRON og Ferðafélag Íslands þér og fjölskyldunni að taka þátt í fjölskylduhátíð við Esjurætur frá kl. 13 til 15.**

Fjölmargt verður til skemmtunar:
Euróbandið, Haríus og Baktus, Jónsi, Esjukapphlaup upp á Þverfellshorn, skipulagðar gönguferðir, hoppukastali, blöðrur, ís, spennandi ratleikur fyrir alla fjölskylduna, Skógræktarfélag Reykjavíkur gefur plöntur og margt fleira skemmtilegt.

**Komdu á fjölskylduhátíðina og njóttu útiverunnar – hlökkum til að sjá þig**

## Dagskrá Esjudagsins

**12:30 – 13:00** Skráning í Esjukapphlaup
**13:00** Esjudagur settur
**13:05** Esjukapphlaupið ræst
**13:10** Kynning á ratleiknum
**13:15** Ganga á Þverfellshorn í umsjón fararstjóra frá Ferðafélagi Íslands
Gönguferð um skóginn á Mógilsá í umsjón Rannsóknarstöðvar Skógræktar ríkisins og Skógræktarfélags Reykjavíkur
**13:20** Jónsi tekur lagið
**13:50** Karíus og Baktus bregða á leik
**14:20** Euróbandið skemmtir
**14:55** Verðlaunaafhending fyrir Esjukapphlaupið
**15:00** Dagskrá lýkur

Kynnir verður Bergur Þór Ingólfsson.




FÍ MÓGILSÁ Skógræktarfélag Reykjavíkur

spron

ARGUS 08-0257

VEISTU SVARIÐ?



1 *Hvaða lið mætast í úrslitaleik Evrópumótsins í knattspyrnu?*

2 *Hver neitaði ljósmyndara Fréttablaðsins um að ljósmynda undirskrift fyrir álverið á Bakka?*

3 *Hvaða bókaútgáfa hefur undanfarið gagnrýnt úthlutanir Bókmenntasjóðs?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU ??

Maður grunaður um stórfelldan og ítrekaðan kortaþjófnað áfram í gæslu:

# Skipti á fartölvu og amfetamíni

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur staðfest gæsluvarðhald til 22. júlí yfir manni sem grunaður er um stórfelldan og ítrekaðan þjófnað á greiðslukortum, sem hann ýmist reyndi að nota eða tókst að nota.

Fyrr í þessum mánuði var maðurinn handtekinn með greiðslukort sem hann hafði stolið úr jakkavasa á kaffihúsi. Hann hafði þá þegar keypt fartölvu út á það á rúmar 200 þúsund krónur, sem hann hafði svo selt fyrir tíu grömm af amfetamíni. Þetta hefur hann játað.

Auk þessa er maðurinn grunaður um fimm brot í júní. Hann var tekinn með þrjár fartölvur, sem voru þýfi, svo og vegabréf annars manns í vasanum. Þá gerði hann ítrekaðar tilraunir til þjófnaðar og fjársvika með stolnum kortum.

Það sem af er árinu hefur maðurinn verið mikið á ferðinni og iðkað innbrot og þjófnaði. Meðal annars fór hann inn í bíl og hafði upp úr krafsinu kassa sem í voru hundrað geisladiskar með Karlakór Akureyrar.

Maðurinn var dæmdur í tólf mánaða fangelsi í nóvember á síðasta ári fyrir fjölmörg auðgunarbrot. Þar af voru níu mánuðir skilorðsbundnir. Er ljóst að verði hann fundinn sekur um brotin á þessu ári hefur hann rofið skilorð. **- jss**



**HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS** Staðfesti úrskurð héraðsdóms um gæsluvarðhald yfir síbrotamanni til 22. júlí.

Brown um orkustefna Breta:

# 16.000 milljarðar í vistvæna orku

**BRETLAND, AP** Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, hvatti á dögunum til þess að Bretar verðu 100 milljörðum sterlingspunda, andvirði um 16.000 milljarða króna, til að draga úr olíunotkun og til að uppfylla markmið ESB um þróun endurnýjanlegra orkugjafa.

Brown lagði til að þessum fjárfestingum yrði dreift yfir tólf ára tímabil. Þær yrðu liður í viðleitni stjórnarinnar að því takmarki að minnst 15 prósent af orkuþörf landsins komi frá endurnýjanlegum orkugjöfum fyrir árið 2020. „Þetta er græn bylting,“ sagði Brown. **- aa**

Afmælisagur Kasakstanforseta:

# Gerður að þjóðhátíðardegi

**KASAKSTAN, AP** Afmælisdagur forseta Kasakstans, Núrsúltans Nasarbajev, 6. júlí, hefur verið gerður að þjóðhátíðardegi í Kasakstan.



**NÚRSÚLTAN NASARBAJEV**

Frumvarp þessa efnis var samþykkt af þingi Kasakstans í gær og strax í framhaldi af því staðfesti forsetinn lögin. Eingöngu þingmenn úr flokki forsetans sitja á þinginu.

Þingmenn höfðu áður lagt til að ný höfuðborg landsins, Astana, yrði nefnd Núrsúltan til heiðurs forsetanum, en hann hafnaði því. Nasarbajev gerði Astana að höfuðborg ríkisins í stað stærri borgarinnar Almaty árið 1997.

Nasarbajev hefur verið við völd í Kasakstan frá því áður en Sovétríkin féllu. **- gh**

RÚMENÍA

### Fær fóstureyðingu

Yfirvöld í Rúmeníu hafa heimilað ellefu ára gamalli stúlku, sem varð þunguð eftir að frændi hennar nauðgaði henni, að fara í fóstureyðingu. Stúlkan var komin 21 viku á leið, en fóstureyðingar eru almennt ólöglegar í Rúmeníu eftir fjórtán vikna meðgöngu.

# Of tíðar breytingar á samgönguáætlun

**Samgönguráðherra segir úttekt Ríkisendurskoðunar áhugaverða og ætlar að bregðast við henni með aðgerðum. Vegamálastjóri segir erfitt fyrir Vegagerðina að fara að samgönguáætlun þegar áætlunin sjálf breytist oft og mikið.**

**STJÓRNSÝSLA** Kristján L. Möller samgönguráðherra segir að stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á Vegagerðinni og Siglingastofnun Íslands verði yfirfarin gaumgæfilega á komandi vikum og mánuðum.

„Ég ætla að boða til mín yfirmenn stofnananna auk yfirmanna Flugmálastjórnar og Umferðarstofu og heyra þeirra sjónarmið,“ segir Kristján um tillögu Ríkisendurskoðunar um að sameina þær allar undir eina stjórnsýslu. Spurður um þá gagnrýni sem Vegagerðin fær í skýrslunni segir Kristján: „Vissulega er margt sem þarf að skoða í málefnum Vegagerðarinnar, þetta er stór stofnun með mörg verkefni.“

Í úttektinni er vinnulag Vegagerðarinnar gagnrýnt; einkum örar breytingar í framkvæmdum, vöntun á eigin stöðlum og erfiðleikar við að fara að samgönguáætlun.

Hreinn Haraldsson vegamálastjóri segir skýrsluna vera ágætis yfirferð þótt hann samþykki ekki allt sem kemur fram í henni. Hann segir þó umfjöllunina um vöntun á stöðlum ágætist ábendingu. „Við erum að vinna í endurgerð á þeim stöðlum sem fyrir eru og stefnum á útgáfu þeirra með haustinu,“ segir Hreinn. „Öryggi er algert forgangsatriði í vinnu okkar en vinnuaðstæður hér á landi eru oft flóknar og fjölbreyttar.“ Hreinn bætir því við að erfiðleikar Vegagerðarinnar við að fara að samgönguáætlun séu oft fólgnir í því að áætlunin sjálf breytist ört og því sé erfitt að laga umfang stofnunarinnar að þeim. „Verkefnin eru ekki ákveðin innan Vegagerðarinnar og því verðum við að laga okkur að þeim aðstæðum sem koma upp hverju sinni.“ **helgath@frettabladid.is**



**VEGAGERÐIN Í VANDA** Vegamálastjóri segir Vegagerðina ekki ákvarða verkefnin á hverjum tíma og því erfiðara fyrir stofnunina að fara að áætlun FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**VÉLAR ICELAND EXPRESS** Hækkandi eldsneytisverð veldur samdrætti hjá félaginu.

Veiking krónunnar hefur áhrif:

# Sætaframboð dregst saman

**SAMGÖNGUR Iceland Express hefur ákveðið að draga úr sætaframboði í haust og vetur til Kaupmannahafnar og London auk þess að hætta við heilsársflug til Alicante. Ástæðuna segja stjórnendur vera hækkandi eldsneytisverð og veiking krónunnar.**

**„Við teljum að á þessari stundu sé það forgangsatriði að ná niður eldsneytiskostnaði eins og kostur er,“ segir Matthías Imsland, forstjóri Iceland Express.**

**Farþegar sem áttu bókað flug sem fellt verður niður verða látnir vita og samkvæmt reglum um breytingar á áætlun er þeim boðin endurgreiðsla eða önnur ferðatilhögun. - vsp**








**Meindl Island Pro GTX**
*„Einn sá allra besti“.*
*Heil tunga og vandaður frágangur.*
*Ótrúlega léttir! Þyngd: 830 g (stærð 42).*
*GTX vatnsvörn. MFS fóður lagar sig að fætinum.*
*Vibram veltisóli með fjöðrun.*
*Sérlega góður stuðningur við ökklann.*
*Einnig fáanlegir í dömustærðum, bláir.*
**Tilboð 28.990 kr.**
**Verð áður 33.990 kr.**




**Meindl Borneo**
*Nubuk leður.*
*Gore Tex vatnsvörn.*
*Multigriff sóli.*
*Þyngd: 750 g (stærð 42).*
*Einnig til í herraútfærslu.*
**Tilboð 24.990 kr.**
**Verð áður 28.990 kr.**




**Meindl Colarado lady**
*Nubuk leður.*
*Gore Tex vatnsvörn.*
*Multigriff sóli.*
*Þyngd: 750 g (stærð 42).*
*Einnig til í herraútfærslu.*
**Tilboð 21.990 kr.**
**Verð áður 25.990 kr.**

HOLTAGÖRÐUM ○ GLÆSIBÆ ○ KRINGLUNNI ○ SMÁRALIND ○ SÍMI 545 1500

ÚTILÍF




Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.417 **-0,70%**

**Fjöldi viðskipta:** 325
**Velta:** 8.628 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **CENTURY ALUM.** | +1,41% | **365** | -2,59% |
| **MAREL** | +0,77% | **EIK BANKI** | -2,14% |
| **FÆREYJABANKI** | +0,70% | **SPRON** | -2,06% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Atorka 6,44 +0,63% ... Bakkavör 29,25 -0,34% ... Eimskipafélagið 14,3 +0,00% ... Exista 7,60 -0,65% ... Glitnir 15,65 -1,26% ... Icelandair Group 16,15 +0,31% ... Kaupþing -1,16% ... Landsbankinn 23,35 +0,22% ... Marel 91,20 +0,77% ... SPRON 3,33 -2,06% ... Straumur-Burðarás 9,96 -0,10% ... Teymi 2,04 -0,97 ... Össur 93,10 +0,00

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Greining Glitnis fagnar virkjunum

Greiningardeild Glitnis telur að rennslisvirkjanirnar þrjár í Þjórsá sem fyrirhugað er að ráðast í, sem og auknar líkur á álveri á Bakka, séu góð tíðindi fyrir íslenskt efnahagslíf.

„Ofangreindar framkvæmdir eru heppilegar og líklegar til þess að vega gegn verulegum samdrætti í innlendri eftirspurn á næstu misserum,“ segir greining Glitnis.

Greiningardeildin telur að ört hækkandi orkuverð á heimsvísu að undanförnu sé líklegt til að haldast næstu árin. „Segja má að álframleiðsla og annar orkufrekur iðnaður sé leið Íslendinga til að flytja út orku með hliðstæðum hætti og olíuríki selja afurðir sínar á heimsmarkaði, og hátt orkuverð er að öðru óbreyttu jákvætt fyrir arðsemi af slíkum orkuútflutningi,“ segir greining Glitnis. -as



**ÞJÓRSÁ** Áætlað er að virkjanirnar þrjár sem fyrirhugaðar eru í Þjórsá hafi samanlagt 265 MW afl, en til samanburðar er afl Kárahnjúkavirkjunar 690 MW. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Hver var þáttur Íbúðalánasjóðs?

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra neitar því að bankarnir hafi haft nokkuð með tillögur ríkisstjórnarinnar um Íbúðalánasjóð að gera. „Nei, þær voru búnar til, aðallega í mínu ráðuneyti, í samráði við Íbúðalánasjóð.“ Guðmundur Bjarnason, forstjóri sjóðsins, sagði daginn eftir að tillögur ríkisstjórnarinnar voru kynntar: „Þetta kom óvænt, ég vissi lítið um þetta fyrr en í gær.“ Þar átti Guðmundur við lán sjóðsins til fjármálastofnana. Þegar þetta er rifjað upp segir Jóhanna: „Ja, við vorum að vinna þetta í ráðuneytinu hjá mér, í samráði við forsætisráðuneytið og fjármálaráðuneytið. Íbúðalánasjóður fékk vitneskju um þetta áður en þetta var kynnt,“ bætir Jóhanna við. - ikh

# Innherjaupplýsingar ekki fyrir bankastjóra

**Félagsmálaráðherra segist ekki vita hvernig bankastjóri Landsbankans hafi haft vitneskju um aðgerðir ríkisstjórnar áður en þær voru kynntar. Bankastjórinn eigi ekki að búa yfir slíkum innherjaupplýsingum. Forsætisráðherra segir að fjármálaeftirlitið kunni að vilja skoða málið. Bankamenn hafi ekki brugðist trausti ríkisstjórnarinnar.**

„Ég hef bara ekkert um þetta að segja. Ég veit ekki hvernig hann bjó yfir þessari vitneskju eða hvernig hann hefur fengið þetta. En hann á ekki að hafa neinar innherjaupplýsingar, sem snerta innherjaviðskipti,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra.

Greint hefur verið frá því að Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans og formaður Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), hefði haft nákvæma vitneskju um aðgerðir ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, áður en þær voru kynntar almenningi. Tölvupóstur var sendur frá skrifstofu SFF, í nafni Halldórs, til stjórnarmanna í samtökunum, yfirmanna fjármálastofnana hér á landi, upp úr klukkan hálfffjögur 19. júní. Skömmu síðar sama dag kynnti ríkisstjórnin breytingar á hámarksláni Íbúðalánasjóðs, breytingar á veðsetningarreglum og 75 milljarða króna skuldabréfaútgáfu.



**JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR FÉLAGSMÁLARÁÐHERRA**



**HALLDÓR J. KRISTJÁNSSON BANKASTJÓRI LANDSBANKANS**



**GEIR H. HAARDE FORSÆTISRÁÐHERRA**



**ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON FORSTJÓRI KAUPHALLARINNAR**

Fram hefur komið að Kauphöllin rannsakar hvernig á þessu stóð. Þegar tölvupósturinn var sendur hafði skuldabréfamörkuðum verið lokað. Sama dag átti Landsbankinn raunar í töluverðum viðskiptum með íbúðabréf.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir brýnt að málið skýrist sem fyrst. Hann vilji fátt um það segja meðan það sé í vinnslu.

Landsbankankinn segir að Halldór J. Kristjánsson hafi frétt af málinu klukkan þrjú hinn 19. júní. Samkvæmt heimildum Markaðarins var hann boðaður til fundar í forsætisráðuneytinu þar sem honum voru kynntar fyrirhugaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Landsbankinn segir að hann hafi ekki látið aðra stjórnarmenn í SFF vita fyrr en skuldabréfamörkuðum hafði verið lokað. Engin viðskipti hafi orðið á grundvelli þessara upplýsinga.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagðist eftir ríkisstjórnarfund í gær bíða eftir því að málið skýrðist í rannsókn Kauphallarinnar.

Spurður hvort það væri eðlilegt að bankamenn byggju yfir slíkum upplýsingum áður en þær væru kynntar sagðist Geir ekki geta svarað. „Það er hluti af þeirri rannsókn sem er í gangi.“ Ríkisstjórnin hefði átt ágætt samstarf við SFF „og mér er ekki kunnugt um að þar hafi menn brugðist trausti“.

Geir var spurður hvort þetta væri ef til vill lögreglumál. „Það held ég að sé nú ansi djúpt í árinni tekið, en vera má að þetta sé eitthvað sem fjármálaeftirlitið myndi vilja skoða líka.“

ingimar@markadurinn.is




ENN BETRI REYKJAVÍK

**Reykjavíkurborg leitar að kraftmiklum samstarfsaðilum á sviði forvarna, lýðheilsu og fegrunar í hverfum borgarinnar.**

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Forvarna- og framfarasjóði Reykjavíkurborgar. Markmið sjóðsins er að styrkja forvarnarstarf, efla félagsauð, auka öryggi og bæta umgengni.

Hér fá einstaklingar, félagasamtök, fyrirtæki og stofnanir frábært tækifæri til frumkvæðis og nýsköpunar á þessum sviðum í samstarfi við Reykjavíkurborg.

Umsóknarfrestur vegna fyrstu úthlutunar úr sjóðnum er til 1. ágúst 2008. Úthlutað verður tvisvar á ári á árunum 2008 - 2010.

Við lýsum eftir nýstárlegum hugmyndum að verkefnum frá einstaklingum, fyrirtækjum, félagasamtökum eða stofnunum. Margvísleg verkefni koma til greina en þau verða að hafa minnst eitt af eftirfarandi markmiðum:

- Forvarnir í þágu barna og ungmenna
- Eflingu lýðheilsu
- Aukið öryggi íbúa
- Fegurri ásýnd hverfis
- Markvisst samstarf íbúa, félagasamtaka, fyrirtækja og borgarstofnana í þágu forvarna og félagsauðs

Verkefnin skulu unnin í samstarfi við þjónustumiðstöðvar í hverfum og/eða fagsvið borgarinnar.
Upplýsingar um úthlutunarreglur og umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/ennbetri

Umsóknum er hægt að skila á netfangið: ennbetri@reykjavik.is eða í Ráðhús Reykjavíkur merkt „Enn betri Reykjavík“

Frekari upplýsingar veita Regína Ásvaldsdóttir skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra í síma 411 4500, regina.asvaldsdottir@reykjavik.is og Stella K. Víðisdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs í síma 411 9000, stella.kristin.vidisdottir@reykjavik.is.

Reykjavíkurborg


## Nýskráningum bíla fækkar

Nýskráningum bifreiða fækkaði um tæplega fjörutíu prósent milli ára í maí, segir í Hagvísum Seðlabanka Íslands. Kreditkortavelta dróst saman um 2,5 prósent milli ára eftir 14,3 prósenta vöxt á fyrsta þriðjungi ársins. Áður hafði debetkortavelta dregist saman í maí um tæplega fjórtán prósent.

Um fimmtungi færri kennitölur voru gefnar út til maíloka en á sama tímabili í fyrra. Þar sem starfsmaður þarf kennitölu til að fá vinnu bendir það til þess að dragi úr innflutningi vinnuafls á næstu mánuðum, segir í Hagvísum Seðlabankans. - bþa

## Sement hækkar

**Sementsverksmiðjan á Akranesi mun hækka verð á sementi um þrettán prósent 1. júlí næstkomandi. Segir í tilkynningu að vegna mikilla verðhækkana á kolum sé ekki hægt að komast hjá því að hækka verð á sementi.**

**Gjallbrennsluofn verksmiðjunnar er kyntur með kolum en kolafarmur sem verksmiðjan hefur nýlega keypt var 130 prósentum dýrari en sambærilegur farmur sem keyptur var í desember 2007. Til samanburðar hefur verð á olíu hækkað um tæp fimmtíu prósent frá áramótum.** - as

## Bráðnun efnahagslífsins

Bráðnun Íslands er fyrirsögn vefrits Forbes í umfjöllun um íslenskt efnahagslíf. Í greininni segir að búið sé að umbylta íslensku efnahagslífi á síðustu árum úr hagkerfi byggt á fiskvinnslu en vaxandi áhrif fjármálalífsins hafi í raun gert landið að stórum vogunarsjóði. Greinarhöfundur bendir sem dæmi á orðróm um að erlendir fjárfestar hafi vísvitandi sett þrýsting á efnahagslífið til að fella bankana. -bþa



**BENSÍNSTÖÐ** Íslendingar eru ekki þeir einu sem þurfa að sæta hækkun á eldsneyti. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Olíutunnan yfir 140 dollara:

## Olíuverð nær nýjum hæðum

**VIÐSKIPTI, AP Heimsmarkaðsverð á olíu náði í gær enn methæðum þegar verð á olíutunnu fór yfir 142 dollara.**

**Mikla hækkun olíuverðs undanfarið má að miklu leyti rekja til fjárfestinga fjármálamanna, sem hafa flúið áhættusama verðbréfamarkaði. Fall dollarans hefur einnig stuðlað að hækkuninni en olíuviðskipti fara að mestu fram í dollurum. Enn fremur hefur óstöðugleiki á framleiðslusvæðum og aukin eftirspurn frá vaxandi mörkuðum, einkum í Kína og Indlandi, haft áhrif á olíuverð.** - gh

Geir Haarde forsætisráðherra:

## Álver gegn atvinnuleysi

**EFNAHAGSMÁL** Þensluáhrif af álveri í Helguvík eru ekki áhyggjuefni vegna samdráttar á öðrum sviðum, sagði Geir H. Haarde forsætisráðherra að loknum ríkisstjórnarfundi í gær.



**GEIR H. HAARDE**

„Sem betur fer er ekkert alvarlegt atvinnuleysi að halda hér innreið sína,“ sagði Geir. Þess vegna verði stjórnvöld að halda vöku sinni og koma í veg fyrir að atvinnuleysið aukist mikið.

„Meðal annars þess vegna er mikilvægt að vinnuaflsfrek starfsemi eins og nú er hafin í Helguvík nái að skjóta rótum,“ sagði Geir. - bj / ikh



**SEÐLABANKINN**

## Útboð ríkisbréfa heppnaðist vel

**Tilboð að nafnvirði um 44 milljarða króna bárust í ríkisbréf sem Seðlabanki Íslands bauð út á fimmtudaginn var.**

**Fram kemur í Morgunkorni Glitnis að óskað hafi verið eftir tilboðum í tvo stystu ríkisbréfaflokkana. Seðlabankinn hugðist taka tilboðum fyrir fimmtán milljarða króna í annan flokkinn sem hann og gerði en alls bárust tilboð að nafnvirði 26 milljarða króna. Eins fylgdi Seðlabankinn áætlun sinni um að taka tilboðum fyrir tíu milljarða í hinn ríkisbréfaflokkinn en alls bárust tilboð að nafnvirði 18,4 milljarða króna.**

**„Í stuttu máli má segja að útboðið hafi verið vel heppnað og að viðtökur hafi verið í samræmi við væntingar. Krafa þessara tveggja flokka hefur hækkað um 114 og 178 punkta frá því tilkynnt var um stækkun þeirra síðastliðinn fimmtudag,“ segir í Morgunkorni. Jafnframt kemur fram að upplýsingar um hvenær efnt verði til annars viðbótarútboðs og þá í hvaða flokkum liggi ekki enn fyrir.** - as

Eftirlitsstofnun EFTA telur fyrirkomulag Íbúðalánasjóðs stríða gegn samkomulagi:

# Húsnæðislán verði ekki styrkt

**FÉLAGSMÁL** Eftirlitsstofnun EFTA telur að fyrirkomulag lána Íbúðalánasjóðs samræmist ekki samkomulagi um Evrópska efnahagssvæðið. Stofnunin mun fjalla áfram um málið en segir að tryggja verði að almenn húsnæðislán verði ekki ríkisstyrkt.

Félagsmálaráðherra hefur þegar boðað breytingar á fyrirkomulagi sjóðsins á haustþingi. Til stendur að aðskilja félagsleg lán frá almennum lánum og afnema ríkisábyrgð á almennum lánum.

Eftirlitsstofnun EFTA ákvað í gær að halda áfram að fjalla um málefni Íbúðalánasjóðs. Bráðabirgðaniðurstaða stofnunarinnar byggir einkum á því að lán sjóðsins séu veitt á almennum markaði, en ekki einskorðuð við félagsleg lán. Eftirlitsstofnunin mun þó ekki leggja til breytingar á starfsemi Íbúðalánasjóðs. Í tilkynningu frá eftirlitsstofnunninni í gær kemur fram að það sé íslenskra stjórnvalda að gera breytingar á starfseminni, stofnunin muni ekki gera tillögur að breytingum.

Tekið er fram í tilkynningu frá eftirlitsstofnun EFTA að ákvörðun stofnunarinnar frá því í gær sé tekin óháð breytingum á verkefnum Íbúðalánasjóðs sem stjórnvöld kynntu í síðustu viku. - bj



**ÍBÚÐIR** Félagsmálaráðherra hefur þegar boðað breytingar á starfsemi Íbúðalánasjóðs til að koma til móts við athugasemdir eftirlitsstofnunar EFTA. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ný stefna Samtaka verslunar og þjónustu:

# Tíminn er kominn

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Samtök verslunar og þjónustu hafa nú sett fram skýra stefnu um undirbúning að Evrópusambandsaðild. Tilgangurinn er að finna leið til að bæta samkeppnisstöðu atvinnugreinarinnar. Tíðindum sætir þegar mikilvæg samtök í atvinnulífinu taka nýjan pól í hæðina um jafnumdeilt málefni með svo afgerandi hætti.

Talsmenn samtakanna vísa til þess að engin atvinnugrein þrífist til lengdar við núverandi efnahagsaðstæður. Það má til sanns vegar færa. Eigi að síður er það svo að reikna verður með að takast muni á næstu tveimur árum að ná tökum á þeim hluta efnahagsvandans sem á rætur í alþjóðlegri lánakreppu. Það kostar margvíslegar fórnir en er óháð spurningunni um Evrópusambandsaðild.

Langtímavandi fyrirtækja í verslun og þjónustu, rétt eins og annarra fyrirtækja og alls almennings, er á hinn bóginn fólginn í því að íslenska krónan er ekki samkeppnisfær. Það er sú staðreynd sem öðru fremur kallar á nýja stefnu í peningamálum og skoðun á aðild að evrópska myntbandalaginu og Evrópusambandinu.

Raunverulegar ógöngur peningastefnunnar komu ekki fram við gengisfallið heldur þegar gengi krónunnar var hæst. Lífskjörin og trúin á stöðugleikann voru þá látin ráðast af erlendum lántökum en ekki verðmætasköpun. Það var sýndarveruleiki. Með nokkrum sanni má segja að við séum nær raunveruleikanum við ríkjandi aðstæður.

Mál eru ekki þannig vaxin að stjórnendur Seðlabankans hafi tekið sýndarveruleikann fram yfir raunveruleikann af ráðnum hug. Vandinn felst í gjaldmiðli sem vegna smæðar sinnar getur ekki tryggt launafólki og fyrirtækjum álíka stöðugleika og þær þjóðir njóta sem við jöfnum okkur helst til. Það þýðir að hættan á að við drögumst aftur úr í lífskjörum er að sama skapi meiri.

Hnífurinn stendur þar í kúnni að bankastjórn Seðlabankans fæst ekki til að ræða þetta grundvallarvandamál. Helstu forstöðumenn hagsviðs og hagrannsókna í Seðlabankanum hafa á undanförnum tveimur árum gert grein fyrir þeim hagfræðilegu sjónarmiðum sínum í innlendum og erlendum fjölmiðlum að krónan geti ekki tryggt sambærilegan stöðugleika og öflug myntkerfi. Þeir hafa einnig birt niðurstöður rannsókna sem skjóta vísindarökum undir slíkt mat á stöðunni.

Bankastjórn Seðlabankans hefur á hinn bóginn ekki haft styrk til að taka á þessari umræðu, sem kemur þó innan úr bankanum sjálfum. Hún hefur hvorki afneitað henni með hagfræðilegum rökum né tekið undir hana. Sú vandræðalega þögn talar sínu máli um veikleika peningastefnunnar.

Forsætisráðherra sagði réttilega á ársfundi Seðlabankans í vor sem leið að senn væri kominn tími til að endurskoða peningastefnuna. Yfirlýsingin var að vísu varfærin um tímasetningu. Þær köldu staðreyndir sem búa að baki nýrri stefnu Samtaka verslunar og þjónustu eru skýr vísbending um að tíminn sé kominn.

Þrennt er nú brýnast að gera: Í fyrsta lagi að bregðast við lánsfjárkeppunni. Það er ríkisstjórnin í óða önn við. Í annan stað að flýta ákvörðunum í orkumálum til að auka verðmætasköpun. Þar eru hlutir á hreyfingu en hún mætti vera markvissari. Í þriðja lagi að móta sannfærandi framtíðarstefnu í peningamálum. Í því efni er tíminn byrjaður að hlaupa frá mönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Ert þú með þurrar og/eða sprungnar hendur/fætur?**

O'Keeffe's viðgerðarkremin eru lausnin!




- **Merkjanlegur árangur á einni nóttu**
- **Mælt með fyrir sykursjúka**
- **Algerlega lyktarlaust**
- **Engin olía – engin fita**

Þessi sérstaka samsetning á kreminu örvar náttúrulega færni húðarinnar til að græða sig sjálfa. Það viðheldur eðlilegum raka húðarinnar og jafnar sýrustig hennar. Öruggt og árangursríkt fyrir allar húðtegundir.

Kremin fást í flestum verslunum Lyfju, Apótekinu, Árbæjarapóteki, Lyfjaveri Suðurlandsbraut Lyfjavali í Mjódd, Laugarnesapóteki, Snyrtistofunni Laufið í Reykjanesbæ og Snyrtistofu Grafarvogs.

Ís – Undur ehf. www.isundur.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Með storminn í fangið

Ungir jafnaðarmenn taka Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra á beinið í harðorðri ályktun vegna framlengingar viljayfirlýsingar um álver á Bakka. Ekki sé nóg með að hann gangi beint gegn stefnu flokksins heldur bíti hann höfuðið af skömminni með því að slá sig til riddara í leiðinni. Hvað ætli væri hægt að reisa mörg álver ef Össur kynni að virkja mótvind?



### Ný stefna

Iðnaðarráðherra skýlir sér bak við tvennt: Í fyrsta lagi að álverið á Bakka verði fyrsta álver í heimi sem gangi aðeins fyrir jarðhita. Í öðru lagi hafi enginn mótmælt þessum áformum á þingflokksfundi Samfylkingarinnar áður en viljayfirlýsingin var undirrituð. Gott og vel. En yfirlýst umhverfisstefna Samfylkingarinnar kveður ekki á um að reisa skuli umhverfisvæn álver, heldur að slá ákvörðunum um frekari stóriðjuframkvæmdir á frest þangað til nauðsynleg heildarsýn yfir verðmæt náttúrusvæði liggur fyrir. Ef þessi stefna á sér ekki einu sinni talsmann í umhverfisráðherra á þingflokksfundum Samfylkingarinnar, hvers vegna gerir forysta flokksins þá ekki hreint fyrir sínum dyrum og játar að Fagra Ísland hafi beðið skipbrot?

### Kappklædd



Listræn teikning af Dorrit Moussaieff sem kom í leitirnar í Danmörku hefur vakið mikla athygli. Bloggarinn vinsæli Stefán Friðrik Stefánsson segir myndina til dæmis „skemmtilega viðbót“ við formlegri myndir sem til eru af forsetafrúnni. Stefán skriplar hins vegar á skötu þegar hann segir að Dorrit hafi „greinilega farið úr hverri spjör“ þegar hún sat fyrir á myndinni. Það er ekki rétt. Á myndinni er Dorrit greinilega í uppháum hönskum. Og með hatt.

bergsteinn@frettabladid.is

# Verðstofa Íslands



**HALLGRÍMUR HELGASON**

**Í DAG** | Gengi krónunnar

Sumarið er tíminn. Þá hringir maður í Húsasmiðjuna og pantar glugga í sumarhúsið. Ellefu stykki af tvöföldu gleri og tvær hurðir að auki, allt framleitt í faglegri smiðju í Eistlandi. Verð gefið upp í krónum en reiknað í evrum. „Þetta er náttúrlega 30% dýrara nú en í fyrrasumar,“ höfðu kunnugir varað mig við. En ég er grænn í gluggamálum og því sáttur við upphæðina. Þá var hins vegar komið að flotáhrifum íslensku krónunnar.

Mér snerist hugur varðandi lögun eins gluggans. Því þurfti að útbúa nýja pöntun. Og henni fylgdi nýtt verð. Þar sem krónan hafði fallið daginn áður var nýja verðið 90.000 krónum hærra. Af tilviljun mölluðu viðskiptafréttir í útvarpi á borði Húsasmiðjumanns. Einhver Benderinn sagði allt benda til þess að krónan myndi „styrkjast þegar líða tekur á daginn“. Ég gerði mér upp frekari vandamál varðandi opnanlegu fögin og eftir að hafa hlustað vel á Morgunkorn Glitnis daginn eftir mætti ég í Húsasmiðjuna með nýja pöntun. Og fékk nýtt verð. Verð dagsins var 40.000 krónum lægra en gærdagsverð sem var 90.000 krónum hærra en fyrradagsverð. Jæja, jæja. Ég ákvað að kýla á þetta. En þá fékk ég það svar að „endanlegt verð“ væri miðað við „afhendingardag“. Samkvæmt nýjustu áætlun eiga gluggarnir að lenda í lok júlí. Frá því að pöntun fór í loftið hefur krónan fallið á hverjum degi.

Þegar tilveran snerist um dagróðra sættu menn lagi til að komast út úr brimgarðinum. Í flotkrónulandinu á maður ekkert val. Allt upp á von og óvon.

Sjómaður fræddi mig nýverið um sjómannslíf okkar daga. Það snýst ekki lengur bara um afla, veður og enska boltann. Nú hlusta sjómenn jafn spenntir á verðfréttir og veðurfréttir. Því aflaverðmætið miðast við evrur og hluturinn hásetans því jafn fljótandi og krónan. „Á leiðinni inn úr síðasta túr hækkaði verðmæti aflans um tíu milljónir. Bara á leiðinni inn fjörðinn. Verst að helvítið skuli ekki vera lengri.“

Manni verður hugsað til þeirra sem véla með alvöru upphæðir, fólks sem pantar ekki bara glugga í eigin hús heldur í heilu blokkirnar, borgar laun og tekur milljónalán. Hvernig getur það sætt sig við að vinna frá morgni til kvölds með þessu skringilega verkfæri sem þjóðarmyntin er orðin? Króna að morgni er hálf að kvöldi …

Það má líkja þessu við fótboltaleik þar sem boltinn breytir sífellt um lögun. Í miðri fyrirgjöf er hann allt í einu orðinn að körfubolta. En þegar útsparkið er tekið er hann á stærð við tennisbolta. Aðeins eitt er öruggt: Í síðari hálfleik er boltinn orðinn á stærð við golfkúlu og endar svo sem hagl í uppbótartíma.

Það er þessi sveigjanleiki sem forsætisráðherra var að dásama í London í vikunni. Er Geir H. Haarde grínisti?

Daginn eftir bætti hann um betur: Ef kasta ætti krónunni væri dollar skárri kostur en evra. Hér talaði ekki viagrabryðjandi bjórvembillinn sem kemur reglulega fram á netabol í símatímanum á Útvarpi Sögu, heldur forsætisráðherra Íslands. Hvers konar framtíðarsýn felst í því að ætla að senda barnabörnin út í búð með rakaþvældan dollaraseðil í vasa? Hvar væri slíkur málflutningur boðlegur? Á Cayman-eyjum kannski. En ekki Íslandi.

Á dollara og evru er talsverður munur. Evra er sameiginlegt myntkerfi sjálfstæðra ríkja. Dollari er gjaldmiðill eins lands. Munurinn á því að taka upp dal eða evru jafngildir muninum á því að selja sig og gifta sig.

Forsætisráðherra getur ekki leyft sér að tala eins og símakarl á Sögu. Við þurfum ekki meira dollaragrín heldur tilfinningu fyrir því að ráðamenn okkar hafi einhver ráð. Eins og staðan er nú virðist engum þeirra geta haft áhrif á gengi krónunnar. Hið fljótandi gengi fylgir engu nema sjávarföllum. Og þótt sjómennskan sé Íslendingum kær er kannski full langt gengið að miða allt okkar líf við flóð og fjöru: Brauðið á borðinu, mjólkin í ísskápnum, innistæðan í bankanum: Allt minnkar það og stækkar eftir stöðu sjávar.

Ef ríkisstjórnin hefur engar hugmyndir aðrar en að halda dauðahaldi í þá skoppandi bauju sem krónan er orðin ætti hún í það minnsta að stofna Verðstofu Íslands, reisa henni hús við hlið Veðurstofunnar og láta útvarpa þaðan verðspá og verðfréttum oft á dag. Það minnsta sem flotkrónustjórnin getur gert er að segja okkur á tveggja tíma fresti hve miklu við höfum tapað. „Bandaríkjadalur, 82 krónur og 50 aurar, hækkandi, eftirspurn ágæt. Evra, 131 króna …“

# Hver á að gera hvað?

**UMRÆÐAN**

Árni Páll Árnason skrifar um gengi krónunnnar



**ÁRNI PÁLL ÁRNASON**

Við fall krónunnar undanfarið hafa margir gagnrýnt viðskipti bankanna með gjaldeyri og gert því skóna að þau hafi haft áhrif til veikingar krónunnar. Leit að blórabögglum af þessum toga er fánýt.

Erlendir spekúlantar hafa misst áhuga á krónunni og því sveiflast verðgildi hennar til og frá í litlum viðskiptum, til tjóns fyrir almenning og fyrirtæki. Bankamenn munu alltaf eiga viðskipti þegar þeim hentar því það er skylda þeirra gagnvart hluthöfum bankanna. Það er tilgangslaust að fárast yfir því. Sama á við um auðmenn landsins. Það er ekki hægt að byggja efnahagslegan stöðugleika á því að fara bónarveg að bönkunum eða auðmönnum og biðja þá vinsamlegast að reyna að passa að hagnast ekki á ónýtri krónu. Þeir munu alltaf gæta sinna hagsmuna og ekkert er við því að segja. Með sama hætti verður stöðugleiki ekki byggður á því að beita úreltum handaflsaðgerðum til að reyna að hafa áhrif á gengi gjaldmiðils sem flýtur á markaði.

En rétt eins og bankamenn bera skyldur gagnvart eigendum sínum og auðmenn bera skyldur gagnvart sjálfum sér bera stjórnmálamenn skyldur gagnvart kjósendum sínum. Það er hlutverk stjórnmálamanna að hugsa um hag almennings og verja hann. Þar skiptir mestu að skapa nógu sterka umgjörð um peningamál til að tryggja að bankar og auðmenn geti átt þau viðskipti sem hugur þeirra stendur til á markaði, án þess að almenningur þurfi að hljóta af því óásættanlegt tjón. Það á ekki að vera hlutskipti stjórnmálamanna að rella í auðmönnum og biðja þá um að haga viðskiptum sínum á einn veg eða annan til að verja ónýtt peningakerfi.

Það er ekki hægt að réttlæta það að einstök viðskipti á markaði eða áhugaleysi örfárra erlendra spekúlanta geti kallað stórfellda kjaraskerðingu og atvinnuleysi yfir fjölda fólks. Slíkt ástand sýnir algert ráðþrot íslensks stjórnmálakerfis gagnvart brýnustu verkefnum samfélagsins og átakanlegt getuleysi stjórnmálamanna til að varna því að örlög vinnandi fólks og verðmætaskapandi atvinnugreina ráðist af stundarhag markaðsafla.

*Höfundur er alþingismaður.*




OPIÐ Í DAG
11-18

# ÚTSALAN
## ER Í FULLUM GANGI

Verslanir Smáralindar eru sneisafullar af spennandi útsöluvörum fyrir alla fjölskylduna. Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup.




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

# Bátar um land allt

Komdu við í Útilegumanninum á Fosshálsi 5-7 um helgina og skoðaðu glæsilegt úrval af bátum.

## Galeon skemmtibátar

290 HT • 330 FLY/HT • 390 FLY/HT • 530FLY



**Galeon skemmtibátarnir** hafa verið framleiddir í tugi ára við frábæran orðstír og slegið í gegn um allan heim. Styrkur þeirra og þyngd gefa þeim mikinn stöðugleika og ganghraða í straumþunga Atlantshafsins. Bátarnir eru einstaklega vel hannaðir og ríkulega útbúnir.

## Regal sportbátur

FasTrack 1900/2200/2450

Limited Edition pakki



**Regal** hrað- og sportbátar hafa verið framleiddir í Bandaríkjunum frá 1968. Á síðustu þremur árum hefur Regal hlotið alls **fimm J.D. Power** neytendaverðlaun og er fyrsti framleiðandinn til að vinna tvenn verðlaun tvö ár í röð.

## Karnic sportveiðibátar



**Karnic 2265** er mjög skemmtilegur og hraðskreiður sportveiðibátur, bæði fyrir fisk- og skotveiði. Karnic bátarnir frá Kýpur eru margverðlaunaðir og hafa getið sér gott orð víða um heim fyrir stöðugleika og góða hönnun.

## Galia vatna- og sjóbátar

FasTrack 1900/2200/2450



**Galia** bátarnir eru einstaklega vel hannaðir, mjög sterkbyggðir, stöðugir og ráða yfir mikilli sjóhæfni. Galia bátarnir eru allir í hönnunarflokki **C** og henta því mjög vel til notkunar á bæði vatni og sjó.

Fossháls 5-7 • 110 Reykjavík
Sími 551 5600 • Fax 551 5601
www.utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn


MAÐUR VIKUNNAR

# Með stjörnunum í Hollywood

Stórmyndin Journey to the Center of the Earth verður frumsýnd í kvikmyndahúsum í Bandaríkjunum 11. júlí næstkomandi. Íslenska leikkonan Aníta Briem fer með eitt aðalhlutverkanna í myndinni. Þrátt fyrir að vera aðeins nýorðin 26 ára virðist Aníta stefna hratt og örugglega að því að ná langt í draumaborginni Hollywood, nokkuð sem fáir Íslendingar geta státað af.

Leyndardómar Snæfellsjökuls, eins og stórmynd Anítu heitir upp á íslensku, er byggð á frægri sögu Jules Verne. Í myndinni fer Aníta með hlutverk leiðsögukonunnar Hönnuh sem fylgir vísindamanni og ungum frænda hans í mikinn leiðangur, leiðangur að miðju heimsins, en inngangurinn er að finna í Snæfellsjökli. Aðalhlutverk myndarinnar er í höndum stórstjörnunnar Brendans Fraser. Mikil eftirvænting ríkir vegna myndarinnar. Talað hefur verið um að hún verði sýnd í 1.500 kvikmyndahúsum í Bandaríkjunum og í henni verður í fyrsta sinn þrívídd varpað á kvikmyndatjald án þess að áhorfendur þurfi að notast við þar til gerð gleraugu. Það eru sem sagt allra augu á hinni ungu Anítu.

Snemma varð augljóst að Aníta myndi velja sér starfsvettvang í listageiranum. Hún fylgdi foreldrum sínum, tónlistarfólkinu Gunnlaugi Briem og Ernu Þórarinsdóttur, hvert sem þau fóru; hvort sem það var við hljóðversvinnu eða á tónleikum. Það hefði eflaust ekki gengið ef Aníta hefði ekki verið einstaklega rólegt og þægilegt barn. Hún lærði sjálf á flautu og söng í Gradualekór Langholtskirkju og þótti standa sig ágætlega í tónlistinni. Reyndar er það svo að tónlistin er enn eins konar hliðargrein hjá Anítu. Hún á gítar og semur og spilar lög í frístundum sínum. Fjölskylda hennar bindur miklar vonir við að einhvern daginn fái lögin að heyrast utan veggja heimilisins.

Aníta steig sín fyrstu spor í leiklistinni þegar hún lék í Þjóðleikhúsinu níu ára gömul. Hlutverkið var Ída systir Emils í Kattholti. Eftir það varð ekki aftur snúið; hún hafði fengið bakteríuna. Við tóku ýmis hlutverk á leiksviði og við hljóðsetningu.

Aníta var sautján ára gömul þegar hún fluttist með fjölskyldu sinni til London. Viðbrigðin voru talsverð í fyrstu en hún var fljót að komast yfir erfiðustu hindranirnar. Til að mynda náði hún fljótt afar góðum tökum á enskunni, en það átti eftir að koma sér mjög vel þegar kom að námi í leiklistarskóla.

Anítu er lýst sem afskaplega duglegri manneskju. Hún sé mjög fylgin sér sem lýsi sér best í því að hún nái alltaf þeim markmiðum sem hún setur sér. Aníta er sögð afar jarðbundin, hún reisi sér aldrei neinar skýjaborgir. Hins vegar geti hún verið fulldramatísk á köflum, það komi sér vissulega vel í leiklistinni en getur lagst misjafnlega í fólkið í kringum hana.

Á námsárunum í London hélt Aníta góðu sambandi við íslenskar vinkonur sínar sem búsettar voru þar. Hún og Álfrún Örnólfsdóttir leigðu saman íbúð eitt árið og þriðja vinkonan í hópnum var söngkonan Hafdís Huld Þrastardóttir. Þá var gott samband á milli Anítu og Védísar Hervarar Árnadóttur. Vinkonur Anítu segja að hún sé afar opin og hress stelpa, það sé alltaf mikið stuð í kringum hana og alltaf hafi verið mikið stuð á árunum í London.

Eftir að hafa lokið leiklistarskólanum RADA fékk Aníta strax nokkur spennandi verkefni, bæði í leikhúsi, sjónvarpi og kvikmyndum. Hún lék til að mynda í spænsku hrollvekjunni The Nun og í íslensku spennumyndinni Köld slóð. Þá lék hún á móti stórum nöfnum á borð við Martin Landau í spennuþáttunum The Evidence, sem einmitt hefja göngu sína á SkjáEinum á mánudag.

Næstum þrjú ár eru síðan Aníta fluttist frá London til Los Angeles. Í fyrstu var það fyrir upptökur á The Evidence. Síðan hefur margt breyst og nú hefur Aníta fest þar rætur. Það er ekki síst vegna unnustans, hins grískættaða leikstjóra Dean Paraskevopoulos. Þau hafa verið saman í tæp tvö ár og hafa komið sér vel fyrir í borg englanna. Ekkert fararsnið virðist á Anítu enda bíða hennar mörg tækifæri. Til að mynda kvikmyndin The Storyteller sem kemur fyrir sjónir almennings á næsta ári. Þar leikur hún á móti Wes Bentley úr American Beauty og American Idol-stjörnunni Katharine McPhee. Þá má ekki gleyma sjónvarpsþáttunum The Tudors sem vakið hafa talsverða athygli. Þar leikur Aníta Jane Seymour.

Víst má telja að stórmyndin Leyndardómar Snæfellsjökuls, sem frumsýnd verður hérlendis 12. september, muni opna enn fleiri dyr fyrir Anítu Briem. Og velgengni Anítu kom viðmælendum Fréttablaðsins alls ekki á óvart: „Það kemur ekkert á óvart að hún sé í Hollywood.

Hún er hæfileikarík, gullfalleg og kann að sjarmera fólk, hreinlega laðar fólk að sér. Hún ætlaði alltaf að komast á toppinn,“ sagði einn þeirra.

hdm@frettabladid.is

## ANÍTA BRIEM



## ÆVIÁGRIP

Aníta Briem fæddist í Reykjavík 29. maí árið 1982. Foreldrar hennar eru tónlistarfólkið Gunnlaugur Briem trommuleikari og Erna Þórarinsdóttir söngkona. Aníta er búsett í Los Angeles. Sambýlismaður hennar er hinn grískættaði leikstjóri Dean Paraskevopoulos.

Aníta gekk í Hvassaleitisskóla og lauk einu ári í Menntaskólanum við Sund. Árið 1999 flutti hún með fjölskyldu sinni til London. Þar lauk hún menntaskóla sem bauð upp á leiklistarkennslu meðfram hefðbundnu námi. Leiklistarbakteríuna fékk Aníta strax á unga aldri. Hún var ekki nema níu ára gömul þegar hún fékk hlutverk Ídu í Emil í Kattholti sem Þjóðleikhúsið setti upp. Hlutverkinu deildi hún með Álfrúnu Örnólfsdóttur. Eftir þetta lék Aníta í Kardemommubænum, Óskastjörnunni og Fiðlaranum á þakinu svo eitthvað sé nefnt.

Að loknum menntakóla í London var Aníta ákveðin í að verða leikkona. Hún fékk hlutverk í leikritinu Lenin in Love sem sett var upp í Norður-London. Aðalhlutverkin í sýningunni léku þau Maryam d'Abo, sem lék í Bond-myndinni The Living Daylights, og James Faulkner. Eftir þetta tækifæri varð ekki aftur snúið; Aníta sótti um í fimm helstu leiklistarskólana á Bretlandi. Hún fékk vilyrði fyrir inngöngu í alla skólana en valdi að endingu Royal Academy of Dramatic Art, hinn virta RADA. Þaðan útskrifaðist hún árið 2004.

Eftir útskrift hefur Aníta fengið nokkur bitastæð hlutverk. Hún lék í sjónvarpsþáttaröðinni The Evidence og í sjónvarpsþáttunum The Tudors. Stærsta hlutverkið er svo vitaskuld í stórmyndinni Leyndardómar Snæfellsjökuls, Journey to the Center of the Earth, sem frumsýnd verður í Bandaríkjunum eftir tvær vikur.

## HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Ég vissi nú ekkert um hana fyrr en ég sá viðtal við hana í blaði og fannst góður tónn í því. Ég boðaði hana því í prufu sem hún leysti vel. Svo boðaði ég hana í aðra prufu fyrir stærra hlutverk og hún sótti bara í sig veðrið. Samvinna okkar var mjög góð, hún var mjög fagmannleg í öllu. Þetta er greind og hæfileikarík stúlka sem getur alveg leikið með þeim bestu í hvaða mynd sem er.“

Björn Brynjúlfur Björnsson, sem leikstýrði Anítu í Kaldri slóð.

## HVAÐ SEGIR HÚN?

„Það hefur aldrei heillað mig. Fólk sem vill fá fullt af athygli og peningum fer þangað en það er ekki ástæðan fyrir því að ég er í leiklist. Væri mér hins vegar boðið að leika í Hollywood-mynd þá væri það náttúrulega frábært tækifæri. Stundum þarf maður að gera hluti sem maður hefur ekki persónulegan áhuga á til að koma sér á framfæri. Það koma einstakar myndir frá Hollívúdd sem eru virkilega góðar en þessar týpísku myndir eru í raun bara afþreying.“

Aníta spurð um framtíðardrauma í Hollywood, í Fókus 2. febrúar 2001.




## Veldu þinn stað

# Fjölskylduparadís í Úlfarsárdal

Á næstu vikum hefst á ný úthlutun lóða á nýju svæði í Úlfarársdal. Um er að ræða svæði í vesturhlíðum dalsins, sem hallar niður að Úlfarsá til suðurs, en til vesturs í átt að Vesturlandsvegi. Útsýnið yfir sundin og Faxaflóa er stórkostlegt.

Áhersla er lögð á að skapa fjölbreytta, lágreista byggð. Útivistarsvæði hverfisins gengur þvert í gegn um byggðina og tengir tvo hverfishluta með aðgengi að grænu svæði fyrir alla íbúa.

Áhugasömum er bent á að kynna sér efni deiliskipulagsins á skrifstofu Skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkur, Borgartúni 3.

**Til úthlutunar á næstu vikum**

- LÓÐIR FYRIR FJÖLBÝLISHÚS MEÐ UM 350 ÍBÚÐUM
- LÓÐIR FYRIR RAÐHÚS MEÐ 120 ÍBÚÐUM
- 45 LÓÐIR FYRIR EINBÝLISHÚS
- SKÓLI, LEIKSKÓLI, ÍÞRÓTTA- OG ÚTIVISTARSVÆÐI







Nánari upplýsingar er að finna á reykjavik.is, skipbygg.is og í síma 411 1111

Reykjavíkurborg




# Frost í Víti; forsætisráðherra

Í dagbók Þráins Bertelssonar er fjallað um merkilegt tungumál íþróttafréttamanna, eingetið afkvæmi Jóhönnu Sig, líkamlegt þungly



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**FÖSTUDAGUR, 20. JÚNÍ.**

### Jóhanna leggst á sæng og elur ríkisbanka

Ríkisstjórnin – að minnsta kosti Jóhönna Sigurðardóttir – er að reyna að klóra í bankann og koma með efnahagsaðgerðir. Nú er Jóhanna orðin léttari og búin að ala af sér nýjan ríkisbanka. Vaggan stendur inni í Lánasjóði. Til hamingju með það! Það jákvæða er að það er verið að tryggja Lánasjóð í sessi; þetta óskabarn þjóðarinnar sem einkavæddu bankarnir og Flokkurinn töldu að best væri að brytja sundur, grillsteikja og gefa bönkunum í kaupbæti.

En nú er Íbúðalánasjóður ekki lengur eingöngu hugsaður sem bjargvættur efnalítils almennings, heldur mjúkur móðurarmur og hjálparhella illa rekinna einkabanka.

Í raun er búið að stofna hér nýjan þjóðbanka í eigu almennings í stað þeirra sem voru einkavinavæddir hérna um árið. Þeir bankar umturnuðust og breyttust í heilalausar ófreskjur sem réðust á þjóð sína í þakkarskyni fyrir frelsið og reyndu að sjúga úr henni hvern blóðdropa áður en þeir tóku til við að reyna að drekkja henni í botnlausum skuldafenjum erlendis.



Mín hugmynd um aðgerðir í efnahagsmálum byggist á kapítalískum viðhorfum í einföldustu mynd. Látum bankana og fyrirtækin reiða sig á markaðinn, þann guð sem þessir aðilar trúa á, og notum krafta ríkisins, til þess að sjá til þess að hugsað sé fyrir sjálfsögðum þörfum almennings – nægri vinnu, mannsæmandi lágmarkslaunum, menntun handa öllum óháð efnahag, heilsugæslu, þjónustu við aldraða, þjónustu við börn og umfram allt aðstoð við þá sem ekki eru sjálfbjarga.

Loksins niður með Pilsfaldakapítalista Flokksins. Þeir eru eins og tilberar sem vilja smjúga upp undir kýrnar og sjúga þær svo að þeir geti selt þeim sem eiga bæði kýrnar og hagana tilberasmjör á hæsta verði.



Annars hef ég sagt það áður: Við eigum að þjóðnýta ónýta og gagnslausa banka eða stofna nýja banka frekar en að bjarga einkabönkum frá gjaldþroti. Ef þeir vilja láta skera sig niður úr snörunni með ærnum tilkostnaði eigum við að þjóðnýta þá. Og einkavæða þá aftur þegar tími er til kominn. Einkavæða – ekki einkavinavæða. Einkabankar á Íslandi hafa haft svipuð áhrif og illkynja sjúkdómur í litlu hagkerfi.



SAMSETT MYND

**LAUGARDAGUR, 21. JÚNÍ.**

### Menningarhús ísjaka í Hvalfirði

Þetta blíðviðri ætlar engan endi að taka. Það hefur ekki sést skýhnoðri á himni dögum saman. Ef allir rithöfundar eru jafnsvag og ég fyrir góðu veðri koma engar jólabækur út í ár.

Við Sólveig förum upp í Kjós að Neðra-Hálsi að heimsækja gamla og góða vinkonu, hana Kjurugej Alexöndru Argunovu sem er búin að byggja sér hús frá ættlandi sínu Síberíu þarna uppi í Hvalfirði rétt hjá Maríuhöfn. Það fer vel á því að þær María mey og Kjurugei búi saman þarna. Kraftaverkakonur báðar. Menningarhúsið heitir SÍBERÍA, SAKHA-JAKÚTÍA, MENNINGARHÚS ÍSJAKA.

**SUNNUDAGUR, 22. JÚNÍ.**



### Fagurt mannlíf í 101

Í dag uppgötvaðist að í hundrað metra fjarlægð frá okkur býr stúlka sem heitir Áróra og er ofurlítið yngri en litla Sól. Hún var úti á blómabreiðunni á túninu fyrir utan hjá Ragnheiði í Hákoti og þær voru fljótar að kynnast. Nú eru þær óaðskiljanlegar. Einhvern veginn hefur sú „urban legend“, flökkusaga, komist á kreik að líf okkar sem búum í miðbænum gangi út á að amast við fögru mannlífi en það er nú eitthvað annað. Það er frábært að búa í borg eins og Reykjavík þar sem börn geta verið úti og leikið sér í miðbænum – og þannig vil ég hafa það áfram og sé ekkert því til fyrirstöðu, nema skrílsdýrkun, eiturlyfja- og áfengissalar fái því breytt.



**MÁNUDAGUR, 23. JÚNÍ.**

### Leiðin frá vöggu til grafar

Því miður er ég kominn af þeim aldri sem grundvallar kirkjusókn sína á giftingarathöfnum, skírnar-



HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 08-0942

ÞÚ FÆRÐ 15% VEXTI OG LEGGUR NÁTTÚRUNNI LIÐ

**Save&Save** er reikningur sem Glitnir mun bjóða á helstu markaðssvæðum sínum. Farðu inn á **saveandsave.is** eða talaðu við ráðgjafa Glitnis og kynntu þér málið.

Glitnir er leiðandi í fjármögnun verkefna á sviði sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda.

HAGUR FYRIR ÞIG

Þú leggur inn á **Save&Save** reikning og færð allt að **15% ársvexti***

&

HAGUR FYRIR HEIMINN

Glitnir leggur mótframlag í **Glitnir Globe – Sustainable Future Fund**, sjóð sem styrkir sjálfbæra þróun.

GLITNIR GLOBE SUSTAINABLE FUTURE FUND

*Skv. vaxtatöflu Glitnis 21. júní 2008.

GLITNIR


# dansar línudans

ndi, grasekkil í 101, Menningarhús Ísjaka, og leiðina frá vöggu til grafar.

samkomum og fermingum. Ég er staddur nær leiðarlokum en upphafi ferðarinnar og því tilheyrir að kveðja þá samferðamenn sem ekki ná að sitja í með mér þangað til ég er kominn á minn áfangastað.

Kær vinkona mín, Brynja Benediktsdóttir leikstjóri og leikkona, lést á laugardag og nú er hugurinn hjá Erlingi vini mínum og kærum samstarfsmanni. Huggunarorð kann ég engin, nema reyna að vera þakklátur fyrir það sem manni hefur verið gefið. Það er sárt þegar fólk deyr. Fyrirsjáanlegt kannski, því að það er leiðin okkar allra. Samt sárt. Og ég vona að Erlingur og Benedikt séu Guði faldir.

Hvaða Guði? Nú, til dæmis þeim sem skapaði sólina. Hann gerir sér títt um okkur núna. Leiðin frá vöggu til grafar er ekki nærri eins löng og ég hélt þegar ég var að leggja stað í ferðalagið.

**ÞRIÐJUDAGUR, 24. JÚNÍ.**

## Líkamlegt þunglyndi?

Í sundlauginni í morgun fann ég hvernig gigtin kraumar ennþá í líkamanum. Það er eins og hvítu blóðkornin í ónæmiskerfinu séu að skemmta sér við að halda grillveislur í öllum liðamótum og grillmaturinn séu heilbrigð eggjahvítuefni sem sérsveitir og greiningardeildir líkamans eiga að kunna að þekkja frá innrásum óvinaherja. Þessi sársaukafulla árás líkamans á sjálfan sig stendur venjulega í einn eða fleiri sólarhringa. Að bardaganum lokinum er vígvöllurinn, líkaminn sjálfur dauðþreyttur og getur ekki gert öllu meira en leggjast fyrir til að jafna sin eftir stríðsátökin.

Það er nú í rauninni ágætt, því að gigtarlæknirinn minn segir að því meira sem ég sofi því betra, vegna þess að á meðan líkaminn sefur séu viðgerðarsveitir að störfum og reyni að koma öllu aftur í samt lag og til góðrar heilsu. Sjálfseyðingarhvöt er yfirleitt sett í samband við andlega sjúkdóma en þessi gigtarplága er fyrst og fremst líkamlegur sjúkdómur, kannski nokkurs konar líkamlegt þunglyndi, þannig að ég get sagt um mig að ég sé þunglyndur á bæði sál og líkama. :

En þar sem ég er nægjusamur maður finnst mér að það hálfa væri meira en nóg.

**MIÐVIKUDAGUR, 25. JÚNÍ.**

## Grasekkjumaður

Sólveig litla og Sólveig stóra fóru í Bolholt í dag. Ég eftir í kotinu með köttunum, Alíbaba og Aladín. Horfði á Tyrki og Þjóðverja á Evrópumeistaramótinu í fótbolta með furðulegasta þul sem ég hef heyrt í. Þegar ég kveikti var hann að rausa um gífurlega meðfædda „hæfileikaleiðtoga“ Mikka Ballacks, fyrirliða þýska liðsins. Loks kom félagi hans þessum manni til bjargar og upplýsti að í staðinn fyrir dularfulla „hæfileikaleiðtoga“ var hann að reyna að segja orðið „leiðtogahæfileikar“.



Togleiðaleikhæfi, hæfitogleiðaleikur, leikleiðahæfitog, þetta er til marks um hve löng orð geta verið varasöm. Sömuleiðis hélt hann að Þjóðverjar væru yfir í leiknum lengst af þegar jafntefli var, eitt eitt.

Ég held að það þurfi ekki eldflaugasérfræðinga til að lýsa knattspyrnu frekar en pólitík sem er líka tiltölulega einfaldur leikur sem karlmenn hafa fundið upp. Þorsteinn J. var svo í stúdíói með tveimur ágætlega máli förnum viðmælendum og bjargaði manni undan hinum víðátturuglaða þul sem hélt að fótbolti væri eitthvað til að trylla fólk og gera það frávita af æsingi, en það er hlutverk stjórnmála ekki íþrótta.

**FIMMTUDAGUR, 26. JÚNÍ.**

## Úr takti við þjóðina

Í Viðskiptablaðinu í dag segir Geir Haarde: „Við gætum jafnvel tekið upp Bandaríkjadal“. Fréttaveita Dow Jones segir Geir telja mögulega dollarann betri en evru. Hann er frekar seinheppinn þessi forsætisráðherra okkar og þótt hann sé sagður músíkalskur ætlar honum ekki að takast að komast í takt við þjóðina. Það er að segja íslensku þjóðina. Ég veit ekki um þá bandarísku.

Fyrr frýs í Víti en Íslendingar taki upp Bandaríkjadollar sem gjaldmiðil. Og einhvern veginn er ég sannfærður um að Geir Haarde verður orðinn að feimnislegri neðanmálsgrein í sögunni löngu áður en þær glæður kulna. Þá er spurning hvort hægt verður að halda á sér hita með því að dansa bandarískan línudans?

Af tillitssemi við lesendur mína lýk ég dagbókarskrifum þessarar viku áður en Spánverjar og Rússar taka til við að leika um hvor þjóðin fær að mæta þýsku grjótmulningsvélinni í úrslitum Evrópumótsins. Ég get orðið nokkuð vanstilltur í ræðu og riti ef úrslit í þessu móti eru ekki mér að skapi.



SAMSETT MYND

**JOHN CUSACK LEIKARI ER 42 ÁRA**

*„Þegar maður nær þeim áfanga að þurfa ekki að vera ástfanginn getur maður fyrst leyft ástinni að koma. Maður þarf bara að vera í fullri sátt við sjálfan sig áður – og það er geysilangt ferli.“*

***Kvikmyndaleikarinn John Cusack er einn af heitustu piparsveinum heims en enn í leit að ástinni og sennilega ekki búinn að finna sjálfan sig.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 28. JÚNÍ 1867

## *Grímur Thomsen kaupir Bessastaði*



Það var þennan dag fyrir 141 ári að Grímur Thomsen skáld og alþingismaður keypti æskuheimili sitt að Bessastöðum og settist þar að ásamt eiginkonu sinni Jakobínu Jónsdóttur. Grímur fæddist á Bessastöðum árið 1820, sonur gullsmiðsins og skólaráðsmannsins Þorgríms Tómassonar og Ingibjargar Jónsdóttir konu hans.

Saga Bessastaða nær allt frá landnámstíð til vorra daga, en rannsóknir fornleifafræðinga hafa leitt í ljós að fyrstu íbúarnir settust þar að á landnámsöld og hefur búseta þar verið óslitin síðan. Á þjóðveldisöld bjó þar Snorri Sturluson, skáld og höfðingi, en eftir dauða Snorra sló Noregskonungur eign sinni á staðinn. Síðari hluta miðalda sátu í konungsgarði á Bessastöðum æðstu fulltrúar erlends valds á Íslandi, en eftir einveldistöku Danakonungs urðu Bessastaðir embættisbústaður fulltrúa konungs, landfógeta og amtmanns, allt þar til yfirstjórn landsins flutti til Reykjavíkur.

Árið 1805 fluttist Hólavallaskóli, þá eini lærði skóli landsins, til Bessastaða. Hann hlaut heitið Bessastaðaskóli og starfaði til 1846.

Grímur fór ungur til náms við Hafnarháskóla þar sem hann nam lög, heimspeki og bókmenntir. Eftir árafjöld í útlöndum varð Grímur alþingismaður og bóndi að Bessastöðum á Álftanesi, en Grímur er enn í dag talinn eitt af höfuðskáldum Íslendinga.

Hann lést árið 1896 og seldi ekkja hans Landsbanka Íslands Bessastaði.

**MERKISATBURÐIR**

**1541** Klerkar Skálholtskirkju samþykkja nýja kirkjuskipun og siðaskiptin hefjast.

**1820** Sannað er að tómatur sé meinlaus mönnum og ekki eitraður.

**1840** Efnt til fagnaðarhátíðar í Reykjavík í tilefni krýningar Kristjáns áttunda Danakonungs.

**1863** Fyrsta kirkja Akureyringa vígð.

**1934** Hitler flýgur til Essen á „nótt hinna löngu hnífa“.

**1941** Hestamenn fjölmenna til Þingvalla og verður það undanfari landsmóta.

**1947** Landbúnaðarsýning opnuð í Reykjavík og 60.300 af 135.000 landsmönnum sækja hana.

**1973** Flugfélag Íslands og Loftleiðir sameinast.



*Ástkær móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Sigríður Theódóra Jónsdóttir**

frá Lunansholti, Frostafold 85, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 26. júní á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

**Jóna Guðrún Ólafsdóttir** **Óttar Guðmundsson**
**Sigríður Theodóra Egilsdóttir** **Hörður Guðmundsson**
**Snorri Freyr Harðarson**
**og systur hinnar látnu.**



*Kæru ættingar og vinir.*
*Af öllu hjarta þökkum við ykkur öllum sem sýnt hafið okkur ástvinum*

**Þórs Willemoes Petersen**

samúð og vinarhug við andlát hans. Vinum Þórs eru færðar innilegar þakkir fyrir einstakan þátt þeirra við fráfall hans. Andrési Ragnarssyni færum við fjölskyldan bestu þakkir fyir áralangan stuðning og hlýju. Ólafi Gísla lækni og Sigrúnu hjúkrunarfræðingi og öðru starfsfólkii Barnaspítala Hringsins færum við alúðarþakkir fyrir einstaka umhyggju við Þór og okkur ástvini hans. Það fæst aldrei fullþakkað. Bestu þakkir til SKB og Liverpoolklúbbsins á Íslandi fyrir sýndan hlýhug og stuðning.

Guð blessi ykkur öll.
You'll never walk alone.

**Sigrid Foss** **Guðmundur Jónsson**
**Þóra Antonsdóttir** **Friðþjófur Sigurðsson**
**Per Willemoes**
**og fjölskyldur.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og sonur,*

**Jón Ólafsson**

frá Kirkjulæk,

sem andaðist á líknardeild Landspítalans aðfaranótt 24. júní verður jarðsunginn frá Breiðabólstaðarkirkju í Fljótshlíð fimmtudaginn 3. júlí kl. 11.00.

**Ingibjörg Elfa Sigurðardóttir**
**Sveinbjörg Jónsdóttir**
**Signý Rós Jónsdóttir** **Samúel Ingi Guðmundsson**
**Ómar Smári Jónsson**
**Andri Geir Jónsson** **Agnes Helga Steingrímsdóttir**
**Patrik Þór Leifsson**
**María Jónsdóttir**




LEGSTEINAR

Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara.

Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

Hafðu samband eða komdu við í verslun okkar.

www.shelgason.is

S·HELGASON

Skemmuvegi 48 200 Kóp. sími 557 6677


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

RAGNHILDUR STEFÁNSDÓTTIR MYNDHÖGGVARI: 50 ÁRA

# Afmæli í vestfirskri á

„Á fjórða afmælisdegi mínum var ég á leið til Ísafjarðar með afa, ömmu og frænku, en afi átti gamlan skrjóð sem hann ók vestur, fullum af vegaryki. Lítið var um brýr, yfir mörg vöð að fara, og í vestfirskri á festi hann bílinn. Úti í straumnum var þá slegið upp afmæli, tekin upp Mackintosh-dós og lengi á eftir talað um að ég ætti afmæli í ánni, en ég fattaði ekki fyrr en löngu síðar að ég ætti minn eigin afmælisdag,“ segir brosmilt afmælisbarn dagsins, Ragnhildur Stefánsdóttir, myndhöggvari í Reykjavík. Hún rekur hið spennandi listamannahús Start Art á Laugavegi 12b ásamt fimm þjóðþekktum listakonum.

„Mér finnst skrýtið að hafa lifað í hálfa öld. Er örugglega seinþroska og skil ekki enn hversu langan tíma það tekur að verða fullorðin. Sem barn stóð ég í þeirri trú að fullorðnir vissu allt um lífsins gang, en í raun veit maður fátt nema að lífið er kraftaverk og maður þarf að vanda sig að lifa því.,“ segir Ragnhildur sem fæddist og ólst upp í höfuðstaðnum, en vann flest ungdómssumrin á Laugarvatni við tilfallandi hótelstörf.



**LIFAÐ Í HÁLFA ÖLD** Ragnhildur Stefánsdóttir myndhöggvari í stofunni heima með fimm af sínum fallegu og forvitnilegu fígúrum. Veggmyndin í bakgrunni er einnig eftir Ragnhildi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég var barnung þegar mamma sagði að ég ætti að verða myndhöggvari, en þá fylgdist hún með mér móta fígúrur í kertavax. Síðan fór ég á náttúrufræðibraut í MH og hugsa að ég hefði orðið líffræðingur ef ég hefði ekki sótt um Myndlista- og handíðaskólann og komist þar inn á nítjánda ári. Ég komst ekki hjá því að verða myndhöggvari. Hann bara bjó innra með mér. Ég vildi alltaf vinna í þrívídd því snerting við það áþreifanlega tengir mig við lífið, og í listinni hefur líffræðin alltaf fylgt mér; hvernig líkami og sál eru eitt og líffærakerfin fúnkera í samræmi við sálarlífið,“ segir Ragnhildur sem eftir meistaranám í Bandaríkjunum hóf að höggva fígúrur úr niðurbútuðum og endursamsettum líkömum.

„Þú segir mig unglega miðað við árafjöld, en mér þykja allar listakonur haldast unglegar lengi. Kannski listagyðjan fari svo mjúkum höndum um okkur. Því miður eru konur á miðjum aldri úr leik í íslensku þjóðfélagi vegna æskudýrkunar. Það er sorglegt, þá eru þær kraftmeiri og fegurri en nokkru sinni.“ **thordis@frettabladid.is**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Baldur S. Kristensen**

sem lést laugardaginn 21. júní, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 1. júlí kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á félag aðstandenda Alzheimersjúklinga.

**Helga Kristinsdóttir**
**Kristinn Baldursson** **Hulda Guðný Ásmundsdóttir**
**Ingibjörg Baldursdóttir** **Finnur Magni Finnsson**
**afabörn og langafabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Vébjörn Eggertsson**

rafvirkjameistari, Skarðshlíð 34 a, Akureyri,

lést 24. júní. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 4. júlí kl. 13.30.

**María Árnadóttir**
**Hallgrímur Eggert Vébjörnsson**
**Halldóra Vébjörnsdóttir** **Baldur Guðlaugsson**
**Unnur Elva Vébjörnsdóttir**
**Jóna Guðrún Vébjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Helga Þorleifsdóttir**

frá Uppsölum, Svarfaðardal,

lést á Hrafnistu í Reykjavík 23. júní síðastliðinn. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 3. júlí kl. 15.00.

**Jón Leifur Óskarsson** **Lára Valgerður Ingólfsdóttir**
**Selma Jónsdóttir**
**Hildur Jónsdóttir** **Sigmundur Karl Ríkarðsson**
**Magnea Björg Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, amma og langamma,*

**Sigríður Ragna Júlíusdóttir**

frá Stafholti, Vestmannaeyjum,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðinesi 25. júní sl. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Júlíus A. Sveinsson**
**Ragnar Sveinsson**
**Sveinn S. Sveinsson**
**Birgir Sveinsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**


**Legsteinar**

í **miklu** úrvali



REIN

Steinsmiðja
• Viðarhöfða 1
• 110 Reykjavík
• ☎ 566 7878
• Netfang: rein@rein.is




ENNEMM / SÍA / NM34391 / Ljósm. Gunnar Sverrisson

**Te & Kaffi** opið alla daga. Opið frá kl. **10-18 virka daga** og **11-16 laugardaga**



**UPPI Á BAULU** Þórhallur Ólafsson kleif Baulu í vikunni og hafði þá klifið tindana, alls 151. Hér sést Þórhallur á toppnum ásamt Guðmundi Frey Jónssyni og Jóni Helga Guðmundssyni. MYND/GUÐMUNDUR FREYR JÓNSSON

# Göngunni á alla tindana lokið

**Þórhallur Ólafsson** göngugarpur hefur síðastliðin þrjú ár gengið á alla tindana sem nefndir eru í bókinni Íslensk fjöll eftir Ara Trausta Guðmundsson og Pétur Þorleifsson. Þeir félagarnir gengu á Baulu á fimmtudaginn til að marka tímamótin. *Helga Tryggvadóttir* ræddi við þá garpana um sérstaklega eftirminnilegar fjallgöngur eftir að fjöldamargir tindar hafa verið unnir.

Þetta hefur verið ærið verkefni,“ segir Þórhallur Ólafsson sem hefur síðastliðin þrjú ár sigrað sérhvern fjallstind sem frá er greint í bók Ara Trausta Guðmundssonar og Péturs Þorleifssonar, Íslensk fjöll, alls 151.

Þórhallur hefur á leið sinni á tindana klifið nær tíu þúsund metra og gengið tæplega 1800 kílómetra sem jafngildir göngu hringinn í kringum landið og aftur til Akureyrar.

Þeir félagar gengu á Baulu í vikunni til þess að marka tímamótin og vekja athygli á bókinni, sem vonir standa til að komi bráðlega einnig út á ensku.



**BAULA** Þórhallur kleif fjallið ásamt höfundum bókarinnar Íslensk fjöll, þeim Ara Trausta Guðmundssyni og Pétri Þorleifssyni, í síðustu viku.

> „Veðrið stóð alla nóttina og allan daginn eftir en þarnæsta dag birti loks og við gengum á hnúkinn í glampandi veðri.

### Björgunarsveitin til hjálpar

Margir tindar standa upp úr hjá Þórhalli eftir að hafa gengið á alla 151 en gangan á Grendil í Vatnajökli er þó sérlega eftirminnileg.

„Við lentum í slæmu veðri á leiðinni og höfðum ekki þann búnað sem þurfti til að standa óveðrið af okkur,“ segir Þórhallur. „Björgunarsveitin kom okkur þá til hjálpar og færði okkur gas og búnað til að hafast við í tvo daga. Þá daga fengum við besta veður sem hægt er að fá á fjöllum og ferðin varð alveg ógleymanleg.“

### Ævintýri á oddmjóum tindi

Ara Trausta Guðmundssyni er sérlega eftirminnileg ganga á áður óklifinn tind við suðurjaðar Vatnajökuls.

„Þetta var spennandi klifur og löng ganga á afar fallegt fjall sem er 1324 metra hátt og gnæfir yfir Kálfafellsdal í Suðursveit. Tindurinn var svo uppmjór að aðeins einn okkar í einu gat kropið þar og haldið sér fast,“ segir Ari.

### Í fárviðri á Hvannadalshnúk

„Þetta var alveg einstök lífsreynsla sem ég man meðan ég lifi,“ segir Pétur Þorleifsson um fjallgöngu á Hvannadalshnúk að vetrarlagi fyrir mörgum árum en það var fyrsta ganga hans á háa tinda. Pétur nálgast nú 75 ára aldurinn og hefur síðan gengið á hnúkinn fjórum sinnum en þetta fyrsta skipti er alltaf eftirminnilegt.

„Við hrepptum fárviðri uppi í fjallinu og urðum að fara út í nóttina og hlaða í kringum tjöldin,“ segir Pétur. „Veðrið stóð alla nóttina og allan daginn eftir en þarnæsta dag birti loks og við gengum á hnúkinn í glampandi veðri.“

Þessi fjallganga var merkileg fyrir margra hluta sakir, að sögn Péturs, en einkum þó að þetta var í fyrsta skipti sem gist var í tjöldum að vetrarlagi uppi á jökli.

**Skemmtilegar gönguleiðir**

- Snæfellsjökull
- Hrútfellstindar
- Herðubreið
- Stöng
- Þverártindsegg
- Dyrfjöll
- Hrútfjallstindar
- Eyjafjallajökull
- Arnarfell hið mikla



**STÖNG Í BERUFIRÐI** Þórhallur ásamt Jóni Helga Guðmundssyni og Guðmundi Frey Jónssyni sem gengu saman á Stöng í Berufirði en það hefur örsjaldan verið gert áður. MYND/GUÐMUNDUR FREYR JÓNSSON



**KERLINGAFJÖLL** Þórhallur Ólafsson í Kerlingarfjöllum. Á rétt rúmum þremur árum lagði Þórhallur að baki einn tind í viku og kleif tíu kílómetra af fjöllum.

LANDVÉLAR ehf

ÞJÓNUSTA FRÁ 1978
ístækni ehf.

# Höfum nú sameinast að Smiðjuvegi 66

Breitt úrval af vélum, verkfærum,

lagnaefnum og varahlutum

fyrir alvöru iðnaðarmenn

og handlagið fólk




*Við höfum verkfærin*

**LANDVÉLAR ístækni**

Smiðjuvegi 66   200 Kópavogi   Sími 580 5800

# Að hjálpa öðrum drífur mann áfram

Flóttafólki fer síst fækkandi í heiminum, raunar fjölgaði þeim í fyrsta skipti í fimm ár í fyrra. **Thomas Straub** starfar hjá Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna og hann sagði ***Kolbeini Óttarssyni Proppé*** frá erfiðu starfi, vandanum og framlagi Íslendinga.

Thomas Straub vinnur á skrifstofu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna í Stokkhólmi. Skrifstofan sér um málefni flóttafólks á Norðurlöndunum og í Eystrasaltslöndunum. Þrettán starfsmenn sinna þessu stóra svæði og hafa þeir nóg að starfa.

Thomas var staddur hér á landi í tilefni af alþjóðadegi flóttamanna. Hann heimsótti meðal annars Akranes, þar sem blaðamaður hitti hann, en þangað er væntanlegur hópur flóttafólks í haust.

**Frjáls félagasamtök**

*Flóttamönnum fjölgaði í fyrsta skipti í fimm ár í fyrra og hefur það verið rakið beint til innrásarinnar í Írak. Hvaða áhrif hefur það á þá sem starfa að þessum málefnum?*

„Maður reynir að leiða ekki hugann að svona tölfræði. Á bak við svona tölur er fólk og mannlegur harmleikur. Við sem vinnum með flóttafólki reynum að hugsa um andlitin á bak við tölurnar.

Maður verður þó vissulega fyrir vonbrigðum og fyllist áhyggjum þegar flóttafólki fjölgar. En engu að síður veit maður að það starf sem við vinnum skiptir máli fyrir stóran hóp fólks sem virkilega þarf á hjálp að halda daglega.

Vissulega erum við starfsfólk Sameinuðu þjóðanna oft eins og dropi í hafið miðað við fjölda flóttafólks. En við njótum dyggrar aðstoðar frjálsra félagasamtaka um allan heim. Hér á Íslandi gegnir Rauði krossinn lykilhlutverki og það er okkur lífsnauðsynlegt að félagasamtök sinni starfinu úti á akrinum, ef svo má segja.

Þrettán starfsmenn í Stokkhólmi hefðu ekki mikið að segja í þessum átta löndum ef ekki væri fyrir félagasamtök í hverju landi fyrir sig.“

*En er einhver von til að hægt sé að leysa vanda flóttafólks í eitt skipti fyrir öll?*

„Flóttafólk verður til í kjölfar átaka og stríðs og því miður virðist enginn endir vera á þeim. Það er útbreiddur misskilningur að flóttafólk leiti til Vestur-Evrópu vegna þess að það er svangt eða vilji betri vinnu. Fólk flýr pyntingar, nauðganir og ofsóknir; raunverulegar ógnir sem eru til staðar mjög víða í heiminum enn þann dag í dag.

Á meðan heimurinn er ekki friðsamur staður mun flóttafólk verða til, eins sorglegt og það er nú. Að sjálfsögðu þráum við öll ekkert heitar en frið og hamingju um alla veröld og að fólk geti búið óáreitt á sínum heimaslóðum. Það er staðan sem okkur öll dreymir um.

Við hjá Flóttamannastofnun vonumst helst til þess að störf okkar verði óþörf. En til þess þarf heimurinn að verða friðvænlegri staður en hann er í dag.“

**Erfitt með svefn**

*António Gueterres, yfirmaður Flóttamannastofnunar SÞ, sagði nýverið í viðtali við BBC að fólk í hjálparstarfi ætti oft erfitt með svefn vegna þess hve vandamálin væru mikil. Í raun væri vissan um það fólk sem stofnunin hefði hjálpað það eina sem gerði það að verkum að hann gæti sofið. Þekkirðu þá tilfinningu?*

„Já, vissulega er maður oft svefnvana yfir þeim vandamálum sem maður verður vitni að. En til þess að vinna svona starf verður maður að helga sig því algjörlega. Ég held að flestir þeir sem vinni að hjálparstarfi geri það.

Áður en ég kom til Stokkhólms var ég í Gana. Þar voru um 50 þúsund líberískir flóttamenn í búðum sem upphaflega höfðu verið hugsaðar til skamms tíma. Þeir voru búnir að vera þarna í tíu til fimmtán ár.

Í búðunum var ekkert rennandi vatn og einn læknir í sjálfboðavinnu. Þetta var gríðarlega erfið reynsla og vissulega átti maður oft erfitt með svefn við þessar aðstæður.

En á stundum sem þessum, þar sem maður íhugar oft að gefast upp, þarf ekki annað en að líta á flóttamennina sjálfa. Þeir búa oft við skelfilegar aðstæður en halda þó enn í vonina. Og það væri rangt af manni að gefast upp á meðan þeir vona enn.

Þó að þetta sé mjög krefjandi starf þá er það um leið afskaplega gefandi.“

**Einstakt íslenskt kerfi**

*Ísland er eitt þeirra ríkja sem taka þátt í svokölluðu „resettlement-kerfi“ en þá er flóttafólki komið til þriðja lands þar sem því er hvorki vært í dvalarlandi, né að snúa heim til upprunalands. Er framlag Íslendinga mikilvægt?*

„Já mjög svo. Það er alls ekki sjálfgefið að ríki taki þátt í þessu kerfi, til að mynda gera það aðeins sjö aðildarríki Evrópusambandsins. Við leggjum ríka áherslu á að fá fleiri lönd til að taka þátt í þessu verkefni og Ísland á hrós skilið fyrir að gera það.

Aðstoð Íslendinga er sérstaklega beint að konum í hættu og það er gríðarlega mikilvægt. Fáir hópar fólks í heiminum búa við verri aðstæður en konur á flótta og því er aðdáunarvert að hjálpa þeim.

Þá er íslenska kerfið sérstaklega til fyrirmyndar þegar kemur að aðlögun að samfélaginu. Þá horfi ég bæði til þeirra þátta sem eru á herðum hins opinbera - menntun, búseta, atvinna og fleira í þeim dúr - en ekki síst stuðningsfjölskyldnakerfi Rauða krossins.

Það kerfi er séríslenskt og til mikillar fyrirmyndar. Það ljær verkefninu mannlega sýn, fólk hefur einhvern til að spjalla við og umgangast og það hefur skilað miklum árangri.“

*Hefurðu haft færi á að kynna þér verkefni tengd flóttafólki í heimsókn þinni hingað?*

„Við fylgjumst náttúrulega alltaf með þar sem Ísland er á okkar starfssvæði. Nú hafði ég líka færi á að heimsækja fjölda aðila sem koma að þessu starfi og það var mjög athyglisvert.

Mest þótti mér þó vænt um að hitta flóttafólkið sjálft. Ég fór heim til einnar kólumbískrar konu sem kom hingað nýverið og átti langt spjall við hana. Þá heimsótti ég íslenskutíma í Alþjóðahúsinu, en þar voru einnig kólumbískar flóttakonur.



**ÍSLENSKA KERFIÐ GOTT** Thomas Straub, hjá Flóttamannastofnun SÞ, segir íslenska kerfið til aðlögunar flóttafólks hafa gefið mjög góða raun. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ég tók strax eftir því hve þær voru rólegar og sáttar við umhverfi sitt. Þrátt fyrir að menningin og umhverfið sé allt annað en þau eiga að venjast - langir, kaldir vetur eru ekki algengir á þeirra heimaslóðum - og tungumálið sé erfitt, voru þær mjög jákvæðar gagnvart dvöl sinni hér.

Ég spurði eina þeirra í gríni hvernig væri með dansinn, hvort hún saknaði hans ekki frá heimalandinu. Hún svaraði mér grafalvarleg: „Nei, hér nýt ég öryggis. Það er mun mikilvægara en það að dansa.“ Þetta virðist kannski vera einfalt mál en þetta skiptir í raun höfuðmáli. Konurnar eiga skelfilega fortíð að baki en hér líður þeim vel og það ber íslenska kerfinu mjög gott vitni.“

**Sameiginleg ábyrgð**

*En hvernig stendur á því að fleiri þjóðir taka ekki þátt í þessu kerfi? Er það ekki siðferðileg skylda okkar?*

„Þetta er mjög erfið spurning og ég er ekki viss um að ég geti svarað henni. Við metum það mjög mikils við þau lönd sem taka þátt í verkefninu og reynum að hvetja fleiri lönd til að gera slíkt hið sama. Það er mun fleira fólk í þörf fyrir aðstoð en pláss er fyrir í þeim löndum sem eru í kerfinu. Við berum öll sameiginlega ábyrgð og ættum að deila henni á milli okkar og þess vegna hvetjum við fleiri lönd til að taka þátt í kerfinu.

Ef við lítum til svokallaðra vanþróaðra landa þá eru þrjár milljónir afganskra flóttamanna í Pakistan og Íran og tvær milljónir Íraka í Sýrlandi og Jórdaníu. Hvernig eigum við að sannfæra Sýrlendinga um að þeir eigi að taka við flóttafólki, svo dæmi sé tekið, þegar ríku vestrænu löndin gera það ekki?

Það væri því mjög mikilvægt ef allar þjóðir hugsuðu hnattrænt og sinntu alþjóðlegum skyldum sínum.“

*Nú fjölgaði flóttafólki í kjölfar Íraksstríðsins. Er ekki nægilega hugað að vanda flóttafólks þegar farið er út í átök af því tagi?*

„Þessari spurningu get ég einfaldlega ekki svarað. Ég get ekki tekið afstöðu til einstakra svona dæma sem starfsmaður Sameinuðu þjóðanna.“

## ➜ ÞAKKLÁTUR AKURNESINGUM

„Mér líst mjög vel á að Akranes taki á móti flóttafólki. Ég hef ekki enn fengið færi á að kynna mér staðinn almennilega en líst vel á það sem ég hef séð. Ég heyrði reyndar af því að einhverjar pólitískar væringar hefðu orðið vegna málsins.

Af því tilefni langar mig að undirstrika þakkir okkar hjá Flóttamannastofnun sérstaklega. Mönnum ber engin lagaleg skylda til að taka þátt í „resettlement“-kerfinu, en nú hefur Ísland sett sér kvóta um 25 til 30 flóttamenn árlega og það er lofsvert.

Að lítill bær eins og Akranesi skuli taka á móti flóttafólki í sárri neyð frá fjarlægum heimshluta er gríðarlega lofsvert. Ég vona því að tekið verði vel á móti flóttafólkinu þegar það kemur. Þessar konur eru í hópi þeirra sem búa við hvað sárasta neyð hér í heimi og það er mikið góðverk að aðstoða þær á neyðarstundu.“

www.ellingsen.is

# RISAafsláttur
# af hjólhýsum og húsbílum

**90%**
**FJÁRMÖGNUN**




**Nú er tækifærið til að tryggja sér góðan gististað fyrir sumarið; útilegurnar, ættarmótin, hestamannamótin og allt þetta skemmtilega sem er framundan. Það skiptir höfuðmáli að láta sér líða vel á ferðalaginu.**

**Allt að**
**1.200.000 kr.**
**afsláttur af húsbílum**

Eigum gott úrval glæsilegra húsbíla frá Adria, Hymer og Carado – allt eðalvagnar. Komdu og skoðaðu og kynntu þér hvað hentar best.







Hjólhýsi gerast ekki öllu vandaðri en Hymer. Um er að ræða þýska eðalframleiðslu hvort sem litið er á tæknibúnað eða öryggisatriði, hönnun innréttinga eða almenn þægindi. Hæsta einkunn fyrir upphitun og einangrun og endursöluverð er með því hæsta sem þekkist.

**Allt að**
**800.000 kr.**
**afsláttur af hjólhýsum**

Í 40 ár hefur Adria framleitt heimili á hjólum með áherslu á góða hönnun og þægindi. Hægt er að velja um fjölda gerða af hjólhýsum með mörgum mismunandi lausnum. Adria-hjólhýsin eru í hæsta gæðaflokki og búin öllum helstu tækninýjungum.




TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–17 og sunnud. 13–17
Söluaðilar: BÍLASALA AKUREYRAR & BÍLASALA AUSTURLANDS

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

# Íslendingar setjist aftur í hnakkinn

**Hjólreiðamenn segja Ísland kjörið land fyrir hjólreiðar, betra en mörg Evrópulönd. Reykjavík sé alls ekki slæm heldur. Veðurfar í borginni hafi batnað mikið. En íslensk samgöngustefna gerir vart ráð fyrir hjólum. Þau eru best séð uppi á gangstétt þar sem þau flækjast ekki fyrir bílum. *Klemens Ólafur Þrastarson* tók púlsinn á hjólreiðamönnum, sem eyða ekki einni einustu krónu í bensín.**

Fyrir fólk sem langar til að venja sig af einkabílnum er kannski ágætt að byrja á því að taka strætó. Í honum má slappa af og lesa blaðið eða horfa bara út um gluggann.

Meðan farþeginn hugsar sitt er maður á launum við stýrið og hann tekur á sig þá áþján að hafa áhyggjur af því að fara yfir um á næsta ljósi.

En fyrir þá sem búa nálægt vinnustaðnum er auðvitað gráupplagt að ganga svolítið meira. Hugsuðir og listamenn dásama gjarnan gönguferðir í endurminningum sínum. Á göngu fá þeir sínar bestu hugmyndir.

En upp á líkama og sál og tíma og sparnað að gera eru hjólreiðar líklega einn besti ferðamátinn.

Þó skyldi maður ætla það óðs manns æði að fara allra sinna ferða á reiðhjóli, sérstaklega í einkabílaborginni ógurlegu, Reykjavík?

„Ég bý í Norðlingaholti og á ekki bíl. Ég hjóla allt árið. Þetta var nú frekar harður vetur í fyrra, en ég fór aldrei á bíl í vinnuna,“ segir Pétur Þór Ragnarsson, formaður Íslenska fjallahjólaklúbbsins.

Hann telur ofsögum sagt hversu erfitt sé að vera á hjóli. Með viljann að vopni sé það í raun lítið mál og ánægjulegt.

Magnús Bergsson, sem er stjórnarmaður í Landssamtökum hjólreiðamanna, tekur í sama streng. „Í hvert sinn sem ég stíg upp í bíl kemur mér á óvart hvað það er erfitt að komast um í borginni,“ segir hann. „Það er allt önnur mynd en af hjólinu. Á því er maður fljótur milli staða.“



**MAGNÚS BERGSSON** Segir sjaldnast hlustað mikið á rödd hjólreiðamanna þegar ákvarðanir um samgöngur eru teknar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Út í veður og vind

En hvað með veðrið? Þetta er alræmt rokrassgat þessi borg og oft rigning líka eða snjór. Er ekki skelfilegt að hjóla hérna?

„Eftir að trén komu og hlýnaði er veðrið allt annað hérna og miklu minni vindur. Reyndar er kjörið að hjóla á Íslandi því hér er hvorki of kalt né of heitt. Við þurfum því ekki að kvarta. Þetta er til dæmis erfiðara í hitanum á Spáni,“ segir Magnús, sem hefur hjólað í áratugi.

Hjólreiðar að vetri til séu þó óskemmtilegri en þær þyrftu að vera, því göturnar eru saltaðar og bílarnir á nagladekkjum. Útkoman geti því verið mjög sóðaleg. Burtséð frá sóðaskapnum og bílamengun getur hjólreiðamaðurinn sjálfur notið hverrar árstíðar. Nú eru til dæmis komin endingargóð nagladekk fyrir hann, og ódýr.

Garpurinn Pétur Þór bætir við að Reykjavík sé tiltölulega flöt borg og því bara nokkuð hentug til hjólreiða.

„Það er eiginlega bara ein raunveruleg brekka og hitt lít ég á sem hraðahindranir. Og við regni er til ótrúlega góður fatnaður. Það er lítið mál að klæða það af sér.“

### Bílatískan

Ein kenning um orsakir þess að Íslendingar hjóla lítið er að þeir séu hégómlegir.

Bíllinn sé íslensk úlpa og fólk vilji vera klætt í sumarjakka og mínípils allan ársins hring.

„Já, fólk er hrætt við að blotna og hrætt við að hárið ruglist,“ segir Pétur. Í nágrannalöndunum, þar sem hann er kunnugur, klæði fólk sig hins vegar eftir veðri.

En það er greinileg heilbrigðisvakning í samgöngumálum, að minnsta kosti hjá almenningi.

Tískan virðist vera að breytast í þá áttina að stórir jeppar séu ekki bara mengandi og hættulegir öðrum bílum, heldur beinlínis kjánalegir í innanbæjarakstri.

Ef til vill verður það ekki bara bensínverð og hollusta heldur líka tískan sem fær prúðbúna Íslendinga út úr skriðdrekunum og aftur í hnakkinn?

### Nýja hugsun, takk

„Ég gerði það sem barn og unglingur að hjóla á Miklubrautinni en ég geri það helst ekki í dag. Þá voru bílar miklu færri og bannað að hjóla á gangstéttum. En svo var ákveðið 1981 að hjólin mættu vera á gangstéttum. Það var röng ákvörðun,“ segir Magnús Bergsson. „Það er nefnilega miklu öruggara að hjóla á götum en á gangstétt. Við viljum því fá hjólin aftur á göturnar.“

Helsta vandamál hjólreiðamanna virðist ekki vera einkabíllinn, heldur samgönguhugsun borgar og ríkis.

Umferðarmenning tekur mið af einkabílnum og að hann komist áreynslulaust milli staða. Helst án þess að bílstjórar þurfi að hugsa.



**PÉTUR ÞÓR RAGNARSSON** Formaður Fjallahjólaklúbbsins hjólaði hvern dag úr Norðlingaholti og í vinnuna í vetur. Hann gefur lítið fyrir að erfitt sé að hjóla í bænum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ➜ MÁNAÐA SUMARFRÍ Í SPARNAÐ

Samkvæmt tölum frá Félagi íslenskra bifreiðaeigenda kostaði milli 770.000 og 1,5 milljónir að reka bíl í eitt ár á Íslandi, miðað við kostnað í janúar síðastliðnum.

Þær tölur hafa hækkað síðan, og sérstaklega vegna hærra bensínverðs. Miðað við að meðallaun séu ekki langt frá 350.000 krónum væri hægt að lengja sumarfríið umtalsvert með því að leggja bílnum.

Hægt er að kaupa nýju City-Surfer hjólin í Hljómalind á Laugaveginum á litlar 12.500 krónur.

Útilíf selur hjól frá 30.000 krónum og verslanir eins og Húsasmiðjan og Byko selja fjallahjól fyrir fullorðna frá sirka 19.000 krónum.

Ódýr hjól fást auðvitað líka í sérhæfðum hjólabúðum, svo sem Markinu, Erninum og G.Á.P.

En í þeim er einnig hægt að fá ofurhjól sem kosta hátt í þrjúhundruð þúsund krónur. Og þar kann starfsfólkið að hjóla.




## ➜ GÍSLI HJÓLAR Í RÍKIÐ

Svo skemmtilega vildi til að **Gísli Marteinn Baldursson,** formaður umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkur, var staddur á hjólaferðalagi með fjölskyldu sinni í Búrgúndarhéruðum Frakklands, þegar Fréttablaðið náði af honum tali. Hann er afar jákvæður á framtíð hjólreiða í landinu. „Reykjavík er frábær hjólreiðarborg. Og nú höfum við margfaldað framlög til þessara samgangna. Við erum að setja hundruð milljóna í að rífa þetta upp,“ segir hann. Gísli nefnir sem dæmi sérstakan hjólreiðarstíg milli Ægissíðu og upp í Elliðarárdal.



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**

„Þessi leið átti nú alltaf að vera ein af aðalæðum borgarinnar, þangað til flugvöllurinn kom. En við erum að skoða þetta frá grunni og ætlum að hafa hann eins beinan og kostur er, slétta brekkur og jafnvel hita hann upp sumstaðar,“ segir Gísli, sem er einnig að skoða hjólreiðastíga við Suðurgötu og á fleiri stöðum.

Hann sér til dæmis fyrir sér að Ósabraut, sem er á aðalskipulagi og mun liggja úr Grafarvogi og framhjá Geirsnefi, verði eingöngu hjólreiðagata. „Og þetta mun gjörbreyta því hvernig litið er á hjólreiðar þegar fólk getur hjólað beint í miðbæinn úr Grafarvogi,“ segir hann.

Spurður um hlut ríkisins í þessu var svarið fljótt að koma. „Ríkið hjálpar ekki með nokkurn skapaðan hlut í þessum málum. Ef fólki þar er alvara með að auka hlut vistvænna samgangna ætti ríkið að líta sér nær. Ríkið styður bara ekki við almenningssamgöngur hér í borg þótt það geri það úti á landi. Þessar forgangsakreinar strætisvagna og hjóla eru greiddar af okkur að langmestu leyti, en ríkið borgar bara fyrir götur fyrir bíla.“

Í Frakklandi hjólar Gísli á miðjum veginum með konu sinni. Dæturnar eru hægra megin. „Það er miklu öruggara þegar bílarnir koma að ég líti bara á mig sem bíl á veginum, frekar en að þeir séu að fara fram úr mér á miklum hraða.“ Bílstjórarnir sýni þeim þó mestu kurteisi.

**Róbert Marshall,** aðstoðarmaður samgönguráðherra, segir að engir peningar séu fráteknir fyrir hjólreiðastíga á samgönguáætlun enn sem komið er. Hins vegar sé svigrúm með nýrri heimild í vegalögum til að ríkið geti brugðist við þessu í samstarfi við sveitarfélög.



**RÓBERT MARSHALL**

Róbert segir að ekki hafi verið rætt sérstaklega í ráðuneytinu að efla gerð hjólreiðastíga.

„En mikil aukning á ferðalögum hjólandi fólks á þjóðvegunum á reiðhjólum gerir það að verkum að þetta er nokkuð sem menn ættu að skoða,“ segir hann.

Um vegi innan höfuðborgarsvæðisins, sem gætu fallið undir ráðuneytið að styrkja, segir hann að skipulagið kæmi þá frá borginni fyrst. Hjólreiðastígar hafi hingað til verið algjörlega á hendi sveitarfélaganna.

**SPARNEYTINN BÍLL**
Flugmálastjórn á Keflavíkurflugvelli fékk á dögunum afhentan DAF CF 75-vörubíl sem á að nota í tilfallandi verkefni á vellinum.
BÍLAR 2



**ÚT Í ÆVINTÝRAEYJAR**
Í sumar er tilvalið að nota fríið til þess að skoða hinar mörgu eyjar Íslands.
FERÐIR 3





2 fyrir 1 til
Mallorca
2. júlí
frá kr. 19.990

*Ótrúlegt verð - aðeins 11 sæti í boði!*
Heimsferðir bjóða nú allra síðustu sætin til Mallorca 2. júlí á einstökum kjörum í viku. Mallorca er er ein perla Miðjarðarhafsins og hér nýtur þú sumarsins til hins ítrasta í sólinni.
Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1.

Verð kr. 19.990
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 2.-9. júlí.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

allt heilsa
Alla þriðjudaga og fimmtudaga



Hún Guðrún talar mjög vel um bílinn sem hún og kærastinn keyptu fyrir ferðalag sitt um Evrópu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ekki bara fyrir eldra fólk

***Guðrún Magnúsdóttir háskólanemi er stoltur bíleigandi og eignaðist í vor sinn fyrsta bíl sem hún keypti ásamt kærasta sínum.***

„Við keyptum okkur þennan bíl vegna plássins í honum. Við ætlum okkur að ferðast á honum í Evrópu áður en við setjumst að í Austurríki í nokkra mánuði. Þess vegna getur verið gott að vera á bíl sem er rúmgóður og tekur mikinn farangur. Bíllinn er af gerðinni Nissan XTrail og við keyptum hann á útsölu nú í vor," segir Guðrún.

Guðrún og kærasti hennar ætla sér að sigla til Danmerkur og þaðan ætla þau að keyra um nokkur lönd í Evrópu í rúman mánuð. Þau hafa einnig farið víða um landið á bílnum það sem af er sumri og ætla að halda því áfram þar til þau leggja land undir fót og fara til Evrópu. „Ég er mjög ánægð með bílinn en hingað til hef ég alltaf verið á bílum foreldra minna en nú er ég komin á minn eigin og líkar vel við það. Við eigum hund og búrið hans kemst vel fyrir í skottinu og því afar hentugt að fara í ferðalög og getað tekið hundinn með," útskýrir guðrún.

Guðrún leitaði að bíl með mikið notkunargildi og það hefur þessi bíll svo sannarlega. Svona bíll er kannski ekki það fyrsta sem ungt fólk stekkur á og hafa vinir Guðrúnar og kærasta hennar oft nefnt að þau séu komin á eldrimannabíl.

„Við mótmælum því algjörlega enda er þetta ekkert frekar eldrimannabíll en eitthvað annað. Hann er kannski ekki sportbíll eða búinn óteljandi aukahlutum heldur er hann rúmgóður og þægilegur. Það fer afar vel um alla sem í honum sitja en stundum tökum við smáþátt í gríninu og spilum tónlist að hætti gamalmenna," segir Guðrún og hlær.

*mikael@frettabladid.is*

kristy.is kristy.is kristy.is

kristy.is
Póstsendum um land allt
Sími: 437 1234
VICTORIA'S SECRET
Bath & Body Works
JONATHAN



kristy.is kristy.is kristy.is


















# Sparneytinn vörubíll

*Flugmálastjórn Keflavíkurflugvallar fékk á dögunum afhentan DAF CF 75 vörubíl frá Vélaborg ehf.*


Nýr vörubíll Flugmálastjórnar er sérlega sparneytinn.

„Þetta er 360 hestafla vörubíll með pall sem getur sturtað á þrjá vegu. Hann er með krana og krabba á honum. Fullkomin fjarstýring er á krananum sem getur stýrt bæði krana, krabba og snúningi vélar á bíl,“ segir Unnar Steinn Jónsson söluráðgjafi Flutningadeildar hjá Vélaborg.

Daf-verksmiðjurnar eru hluti af Paccar-samsteypunni og er vélin í bílnum sérlega sparneytin. Hún er 9,2 lítrar og er togið nýtt eins vel og hægt er, en hún togar 1450 nm í tólf hundruð snúningum. Vélin er með Euro 5-stöðlum sem gerir það að verkum að hún stenst mengunarkröfur sem verða innleiddar 2010. Byltingarkenndast við bílinn er þó sjálfskiptingin sem er einn takki í mælaborðinu og stýrir hann tölvu sem velur þann gír sem hentar að hverju sinn. „Vélaborg hefur afhent marga Daf-vörubíla og viðskiptavinirnir hafa verið mjög ánægðir og þá aðallega með sparneytnina og þægindin. Daf er fyrirtæki sem vinnur að því að bílstjórinn hafi það sem allra best í vinnunni. Í bílnum er einnig fullkomin aksturtölva sem segir til um flesta þætti bílsins, eldsneytiseyðslu, viðhald og vegalengdir,“ segir Unnar. Bíllinn verður notaður í þau verkefni sem til falla á flugbrautunum.

*mikael@frettabladid.is*

## Vinsælastur í Rússlandi

Í RÚSSLANDI HAFA VOLVO-BÍLAR NOTIÐ MIKILLA VINSÆLDA AÐ UNDANFÖRNU OG RAKA ÞEIR AÐ SÉR VERÐLAUNUM.



Volvo XC90 jeppinn hlaut nýlega verðlaun sem besti jeppinn í Rússlandi. Þetta er ekkert nýtt enda hlaut hann sömu verðlaun árið 2005 og 2007. Vinsældir Volvo í Rússlandi eru miklar og hefur bíllinn aldrei verið jafn vinsæll og nú. Haft er eftir fjölmiðlafulltrúa Volvo í Rússlandi að samkeppnin sé hörð og afar jákvætt að tróna í efsta sæti.
Rússneskir bíleigendur völdu Volvo XC90 einnig bestu kaupin á bílamarkaðnum en það er 4X4 klúbburinn í Rússlandi sem heldur keppnina um bestu kaupin. Að þessu sinni voru um hundrað bílar tilnefndir og sextán komust í úrslit.

*- mmr*






**Ferðataska** er nauðsynleg þegar farið er í lengri ferðalög. Þegar ákveðið er hvað skal taka með sér þarf að vanda valið því oft er hætta á að fólk taki með sér of mikið eða of lítið.



Mikið er af gömlum og fallegum húsum í Flatey á Breiðafirði.



Í Hrísey er fjölbreyttur gróður og fuglalíf. MYND/ KRISTJÁN J KRISTJÁNSSON



Viðey hefur að geyma mikla sögu en hún er einnig vinsæll útivistarstaður. Viðeyjarstofa er opin daglega um sumartímann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Út í ævintýraeyjar Íslands

***Gaman er að sigla út í eyjar Íslands og njóta þess sem þær hafa upp á að bjóða.***

Ef fólk er orðið þreytt á endalausum bílferðum þá eru eyjaferðir góður kostur. Ísland hefur að geyma þúsundir eyja og eru nokkrar þeirra mjög vinsælir ferðamannastaðir. Þannig býðst fólki tækifæri til að fara í siglingu og njóta gönguferða í eyjunum.

Hrísey er önnur stærsta eyja landsins og liggur í utanverðum Eyjafirðinum. Þar er meðal annars vinsælt að fara í skoðunarferð á heyvagni og njóta útsýnisins úr efstu hæð vitans. Ferjan Sævar flytur fólk frá Árskógssandi mörgum sinnum á dag; nánari upplýsingar á www.hrisey.is.



Hægt er að fara að Dyrhólaey bæði sjó- og landleiðis. MYND/KAI-UWE KÜCHLER

Flatey er næststærsta eyja Breiðafjarðar og er algengt að fólk komi þar við á siglingum um fjörðinn. Gaman er að ganga um eyjuna og skoða gömul og falleg húsin. Hótel Flatey er samsett úr þremur uppgerðum pakkhúsum og þar býðst ferðamönnum bæði gisting og matur. Ferjan Baldur siglir frá Stykkishólmi til Brjánslækjar á Vestfjörðum alla daga með viðkomu í eynni. Nánari upplýsingar á www.saeferdir.is.

Dyrhólaey er syðsta eyja landsins. Hún er fremur lítil en mjög falleg enda umkringd háum klettadröngum. Hægt er að skoða eyna bæði sjó- og landleiðis og er í báðum tilvikum lagt af stað frá bænum Dyrhólum. Nánar á www.dyrholaey.is.

Viðey er flestum Reykvíkingum vel kunn enda rétt við borgarkjarnann. Eyjan er vinsæll útivistarstaður og hægt er að snæða í Viðeyjarstofu, sem opin er daglega yfir sumartímann. Ferja flytur fólk frá Skarfabakka út í eyjuna daglega, nánar á www.elding.is.

## Skosku Hálöndin



AÐDÁENDUM ÞÁTTANNA UM HÁLANDAHÖFÐINGJANN GEFST NÚ TÆKIFÆRI TIL AÐ HEIMSÆKJA SÖGUSLÓÐIR OG TÖKUSTAÐI ÞÁTTANNA.

Sjónvarpsþættirnir um skoska Hálandahöfðingjann áttu vinsældum að fagna hér á landi og nú verður hægt að heimsækja tökustaði þáttanna, en ferðaskrifstofan Úrval Útsýn býður upp á ferðir til Hálandanna í júlí, ágúst og september. Einnig verður ferðast annars Loch Lomond, Glen Coe, Fort William og Loch Ness og gamlir kastalar skoðaðir en þeir eru margir í Hálöndunum. Skotar státa jafnan af því að framleiða besta viskí í heimi og í ferðunum verður einnig farið yfir sögu og framleiðslu viskísins. Ferðirnar verða farnar undir leiðsögn Ingibjargar Geirsdóttur og Snorra Guðmundssonar en nánar má lesa um þær á www.uu.is *- rat*

KAUPMANNAHÖFN – LA VILLA
Heimagisting á besta stað í bænum.
Býður alla Íslendinga velkomna.
Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. S.0045 3297 5530. GSM. 0045 2848 8905

Mallorca
2. eða 9. júlí
frá aðeins kr. 29.990



Flug og gisting - ótrúlegt verð!
Heimsferðir bjóða nú síðustu sætin til Mallorca 2. eða 9. júlí í 1 eða 2 vikur á einstökum kjörum. Mallorca státar af heillandi umhverfi, fjölbreyttri náttúrufegurð, fallegum ströndum og frábærri aðstöðu fyrir ferðamanninn. Þú bókar flug og gistingu og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Verð kr. 29.990
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í íbúð. Stökktu tilboð 2. eða 9. júlí í viku. Aukavika kr. 10.000.

Verð kr. 39.990
Netverð á mann, m.v 2 saman í herbergi / stúdíó / íbúð. Stökktu tilboð 2. eða 9. júlí í viku. Aukavika kr. 10.000.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Er þér heitt?
-TÖLVUKÆLING
-LOFTKÆLING
-RAKATÆKI
-VIFTUR
ís-húsið
Smiðjuvegi 70 - 200 Kópavogi - s: 566-6000
netverslun ishusid.is

BÍLALEIGUBÍLAR
SUMARHÚS Í DANMÖRKU
Ódýrari bílaleigubílar fyrir Íslendinga.
Bílar frá dkr. 1.975.- pr. viku.
Innifalið í verði;
ótakmarkaður akstur, allar tryggingar, engin sjálfsábyrgð. ( Afgr.gjöld á flugvöllum).
Höfum allar stærðir bíla, 5 – 7 manna og minibus 9 manna og rútur með eða án bílstjóra.
DanCenter
Sumarhús
Útvegum sumarhús í Danmörku af öllum stærðum
Lalandia
LALANDIA - Rødby
Lágmarksleiga 2 dagar.
LALANDIA - Billund
Nýtt frábært orlofshúsahverfi rétt við Legoland.
Fjölbreyttar upplýsingar á www.fylkir.is
Fylkir.is
Ferðaskrifstofa
Bestir í Danmörku
Hraunbær 18 - 810 Hveragerði - Sími 456 3745

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER OPINN ALLA DAGA KL. 8–17

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000 smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN: VIRKA DAGA 8–17

## BÍLAR & FARARTÆKI



SSANGYONG REXTON RX-270 1 EIGANDI MOLI DÍSEL SJÁLFSKIPTUR . Árgerð 2005, ekinn 35 þ.km, DÍSEL, Sjálfskiptur. Verð 2.590.000.- Bílalán 1.900.000.- Bílabankinn S 588-0700 Sjá myndir www.bilabankinn.is Fallegur bíll vel með farinn

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**www.bilabankinn.is**



**Volvo BL71+ Traktorsgrafa**
Eigum til afgreiðslu strax mjög vel útbúna Volvo BL71+ traktorsgröfu. Upplýsingar í síma 515 7000 eða 893 4435 Ólafur.



**Volvo EC240C Beltagrafa**
Eigum til afgreiðslu strax einstaklega vel útbúnar Volvo beltagröfur. Upplýsingar í síma 515 7000 eða 893 4435 Ólafur.

**Brimborg**
**Bildshöfða 6, 110 Rvk.**
**Sími: 515 7000**
**www.brimborg.is**



Volvo XC90T6 AWD, árg. 2005, ek.48þús. km, Sjálfsk. Fjarlægðarskynjarar, Topplúga og fl. Stgr.Tilboð 4190þús.kr, Ásett Verð 4490þús.kr.

**Ford Mustang GT/CS 4.6 V8**
**Nýr 2008, Beinskiptur 5gíra, Mikið breyttur !! Supercharger, 20"Felgur ofl.Verð 6.490.000.- Skoða öll tilboð og skipti. Uppl. í síma : 862-2992**



**100 bílar ehf**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**Fæst gegn yfirtöku á láni 5.4 m.**
BMW 545 árgerð 2004 ekinN 117.000 km. Bílinn er með öllum helsta aukabúnaði og vel farinn. Áhugasamir hafið samband í síma 868 5001.




**Vantar allar gerðir bifreiða á skrá, Mikil sala**
Netbílar.is stórlækka þinn sölukostnað. Föst þóknun upp að tveimur milljónum aðeins 34.900 fyrirþitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð. Bílasalan Netbílar.is, Hlíðasmára 2, S. 588 5300




Nýjir og nýlegir bílar frá öllum helstu framleiðendum allt að 30% lægra verð. T.d. 2007/2008 Dodge Grand Caravan frá 2050þús, Dodge Caliber frá 1790þús, Ford Mustang frá 2400þús, Toyota Camry frá 2650þús, Volvo S60 frá 2950þús, Audi A4 Turbo frá 3250þús, Dodge Charger frá 2390þús, Benz C230 frá 3700þús. Sími 5522000. www.islandus.com



Toyota Land Cruiser 120 GX 05/06 Ljósgrár, dísel, ssk ekinn 33þ. Filmur og dráttarkúla. Litur mjög vel út. Verð 5400þ Tilboð 4900 Uppl. 896 6766.



Til sölu Ford MUSTANG GT (500 HÖ) árg. '95 Hvítur 5000cc 5g 1450 kg 2 dyra, körfustólar og fl. s. 662 0080.



**Hyundai Starex H-1, 7 manna, 4x4, diesel**
Skr. 01/02, ek. 103 þús. Ný heilsársdekk, dráttarkúla, bsk, 5 gíra, hátt og lágt drif.Ásett verð 1.550.000.- tilboð kr. 1.250.000.- Uppl. í s. 820 3206.



RANGE ROVER 4,6 HSE '00. Stórglæsilegur bíll í toppstandi (nýr knastás, undirlyftur, súrefnisskynjari, kerti, viftureim og fl.) Fæst á rugl verði ! 495.000 kr !!! + yfirtaka á láni upp á 1,6 (afborgun 42 þús á mán.) Dráttarkúla, leður , rafmagn í öllu, bluetooth og miklu fleira ! s.865-7578



**695 ÞÚS STGR.**
MMC Pajero disel 33" uppt.vél. ssk. topplúga 7 manna ekinn 220.þús. fallegur bíll. Simi 8477-663



Gullfalleg Honda S2000 árg. 2001, ek. 49 þús. km, 240 hö, 6 gíra bsk., leður, 18" auk 16" felgur, eyðsla 10 L/100km, sjón er sögu ríkari, TILBOÐ 1.990.þús. stgr. Sími 8248066



**Kia Rio 1600 EX**
Árg. 2006, ekinn 37.000 km. Verð 1.300.000. Bíllinn er til sýnis við Nýbílaveg 90 Kóp. Ath skipti. Nánari uppl. www.pyrite.is

Uppl í s. 840 8282



**Bmw 540 induvidual**
Bmw 540 induvidual ssk. 03.02. Glæsilegur bíll Með nánast öllu 18" BBS álf. Leður, lúga ofl ofl. Getur fengist á yfirtöku. Skipti ath. Uppl. s. 898-8228





Ford Transit húsbíll árg. '94, VW LT 55 bílaflutningabíll árg. '90 og MMC Pajero Sport árg. '99. Uppl. í s. 437 1300 og 692 5525.



**Góður ferðabíll**
Jeep Cherokee árg. '93. Ek. 225 þ.km. Nýsk. Verðhugm. 190 þ. Uppl. í s. 894 8080.



til sölu Audi s4 230hö 4wd gott stgr verð fleiri myndi inn a www.myspace. com/audi_100_s4 uppl S:6996829



**Einstakt tækifæri**
Eitt glæsilegasta eintak sinnar tegundar. Pontiac Bonneville '68 blæjubíll, ekinn 37 þ.mílur. Bíll í frábæru standi, mikið endurnýjaður. Myndir og uppl. á www. blog.central.is/bonneville áhugasamir hringi í 692 3099.



**Frúarbíll**
VW Passat, árg. '05, ek. 62 þ.km. Fæst með yfirt. á láni. 2,2 mil. Uppl. í s. 821 3790.



**M5 Indivitual 2001**
M5 2001 individiual með öllu + lækkunar kitt,20" felgur ,18" felgur bad look húdd ,sport siur, splunku ný 20"dekk og margt annað einn sá fallegasti. verð 3.9 mill. lán 3,1 mill. Uppl. í s. 847 7663.



**BMW 318 M-Tech '02**
Til sölu glæsilegur BMW 318 facelift. Keyrður aðeins 74 þús.km. M-Tech framstuðari, 18" M6 glænýjar álfelgur, M-Tech aðgerðarstýri, Cruise Control, 6 diska magasín og margt fleira! Sjón er sögu ríkari. Verð Yfirtaka á 1.7 m.kr láni + 200 þús. út. Nánari uppl. í s. 868 9295, Stebbi.



Peugeot 406 1.8 árg. '00, ek. 160 þ. CD, sk. '09. Verð 280 þ. S. 845 3173.



Til sölu Ford F350 Harley Davidson, árg. '07, diesel. Tölvukubbur, 5" púst, án hraðatakm. Ath. skipti. Uppl. í s. 897 3327



Dodge magnum 2006 ek 55.000 5.7hemi leður,topplúga, mjög heillegur bíll fæst á yfirtöku uppl 8687308



Til sölu Hyundai Getz. Árg. '05 ssk. 1600 ek. 35000 ásett v. 1370 þ. fæst á 990 þ.. Uppl. í s. 898 8835.



**Tilboð 1.350.000. !!**
Til sölu Chervolet Corvette Stingray árg.'74 Ek.44.þ.mílur 350cc sjálfsk. orginal bíll í toppstandi. Fæst fyrir 1.350.000. uppl. 896-5290



Toyota Rav4, árg 2001, ek 100þús, sjálfsk, 5 dyra, ný vetrar- og sumard fylgja, verð 1050, áhv. 550, skoða sk á yaris, s:8999968



FORD RANGER SUPER CAB XLT Árg. 2005, 4x4, sjálfskiptur, ek. 28 þús. mílur, álfelgur, dráttarkúla, cd. Ásett verð 1350 þús. Uppl. 861-3316.

Toyota Landcruiser 120 GX, '03. Ssk., diesel. Ek. 143 þ.km. Skipti möguleg á ód., td. fellihýsi. Uppl. s. 695 9543

Grand Cherokee árg. '91. Ek. 266 þ. Óska eftir skiptum á kross-eða fjórhjóli. S. 693 4177.

Kawasaki 250 fjórhjól. Óska eftir skiptum á stærri hjóli. Uppl. í s. 868 7219.

**Þrír góðir!**
Nissan Patrol 1985 3,3 D. 35" dekk, álfelgur, kastaragrind ofl. Kr. 370. þús. stgr. Mitshubishi Pajero 1999, 2,8 TDI. Sjálfsk. 32" sumar og vetrardekk á álfelgum, þakbogar, Farangursbox, sk. 09. Áhvílandi ca. 1.350. þús. Fæst gegn yfirtöku + 50 þús. Toyota Corolla 1998, 1,6. Álfelgur, bassabox, kraftmagnari, þakbogar. 290. þús. stgr. Uppl. í síma 862 8629

Nissan Primera '00 tilboð 350 þ. Verður að seljast vegna fluttninga. S. 897 4673.

Til sölu M Bens 320s árg 95 ekin 210þ km þarfnast smá viðgerðar á boddýi,skoða öll skipti, uppl 8491682

Toyota Hilux árg. '94, 2,4 bensín 38" mudder, ek. 200 þ. en ca. 65 þ. á vél. Auka tankur, loftdæla. Vantar smá aðhlynningar á boddy. Verð: tilboð, skoða skipti á fólksbíl. Uppl. í s. 663 4453.

Renault Megane '99 ek. 103 þ.km. Óskoðaður, fæst fyrir lítið. Deawoo Nubira '99 sk. '09 í góðu standi. V. 180 þ. S. 894 1748.

Honda RR 950 árg. 2002 til sölu. Ekið 14 þús. glæný dekk. Áhvílandi um 560 þús. Verð 850 þús. Upplýsingar í síma 860-1728.

Vw Polo árg.'96. Ek. 123þ. Mikið uppf. Td. nýjar bremsur og diskar o.m.fl. V. 150þ. S. 822 8498 eftir 4.

MMC Lancer station. Fsk. Með dráttarkúlu. Árg. '97 V. 130 þ. Upplýs. í S. 840 2200.

Til sölu Vw Golf árg. '96. Þarfnast lagfæringar, góður varahlutabíll. Verð. 35 þ. Uppl. í s. 770 7026 Gúndi.

Til sölu Toyota 4 Runner '94 diesel. Nýskoðaður. Uppl. í s. 696 1324.

Til sölu Mitshubishi L200. Árg. '00, ssk., ek. 168 þ. V. 840 þ. Uppl. í s. 891 8493

Landrover Discovery árg. '95 er bilaður. Fæst á 150 þ. S. 864 1578 e. kl. 14.

Toyota Hiace árg. 12/'06 ek. 49 þ. 4x4 langur, álfelgur. Nýja útlitið. S. 661 1977.

Kia Pride árg. '02 ek. 130 þ. Lítur vel út. Verð 85 þ. S. 662 3146.

## 0-250 þús.



Toyota Hilux 4cyl. bensín árg 92 ekinn 178 þús. km. upplýsingar í síma 8213558



Toyota Corolla. árg. '99. ek. 137 þús. Mjög gott eintak. V. 250 þús. Uppl. í s. 891 7292.



M.Benz 300 E formatic, árg '88. Ek. 270 þ.km. Sk. '09. Leður, lúga, CD. Verð 200 þ. Uppl. í s. 661 1979

Opel Astra ssk. '98 ek. 102 km sk. '06 þarfnast lagf. Sumar/vetrardekk fylgja 150 200 þús. S. 867 6664.

Daewoo Nubira '99, ekinn 132 þ.km. Í góðu standi, reyklaus og óskemmdur. Climatronic. Verð. 200 þ. Uppl. í s. 847 2093. Tala ensku.

Ódýr Nissan í þokkalegu standi, á sama stað óskast notaðir Legó kubbar og playmobile leikföng uppl. milli kl.17og21 í dag 8940991 Jenni

**Toyota og Benz**
Til sölu Corolla station, árg. '00, ek. 124 þ.km. Mögul. á 100% láni, v. 390 þ. Einnig er til sölu Benz 190 E, árg. '91, ek. 215 þ.km. V. 210 þ. Ath. skipti, td. fjórhjól, poolborð o.fl. Báðir nýsk. '09. Uppl. í s. 898 3590

## 250-499 þús.



Suzuki Intruder 800. Árgerð 96, ekið 12 þ. Uppl. í síma 892 5005



Kreppubíll. Mazda 323F árg. '99, ekinn aðeins 115 þ. og stútfullur af rándýru bensíni. Verð aðeins 330 þ. S. 862 3606 & 894 1705.



Toyota Yaris '02 keyrður 118þús. Verð 580þús, áhvílandi 275þús óverðtryggt lán. Uppl í 8696911

# heimili&hönnun

LAUGARDAGUR 28. JÚNÍ 2008

**● GARÐURINN**

## Nýir straumar í garðahönnunn

**● INNLIT**

## Barnaherbergi á vinnustöðum

**● BYGGINGARLIST**

## Framtíðarleg Peking




FRÉTTABLAÐIÐ

Gallerí List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is



eitthvað alveg
einstakt





HEIMILISHALD
MIKAEL MARINO RIVERA

# Hinir hæfustu lifa af

Á flestum heimilum er barist um einhverja hluti. Hver kannast annars ekki við að berjast um besta sætið í sófanum eða rífast um það hver eigi að vaska upp eða þurrka leirtauið, svo dæmi séu tekin. Átökin standa oft milli kynjanna og er gjarnan ýmsum bellibrögðum beitt til að fara með sigur af hólmi.

Sumir reyna að setja einhvers konar reglur til að skipta heimilisverkum á milli kynjanna, eins og félagi minn sem hélt því fram að eina heimilisverk karlmannsins væri að skipta um sjónvarpsstöð, konan ætti að sjá um rest. Auðvitað stóð sá töffaraskapur ekki lengi yfir og nú er hann jafnspakur og blindrahundur.

*Sumir reyna að setja einhvers konar reglur til að skipta heimilisverkum á milli kynjanna. Eins og félagi minn sem hélt því fram að eina heimilisverk karlmannsins væri að skipta um sjónvarpsstöð, konan ætti að sjá um rest. Auðvitað stóð sá töffaraskapur ekki lengi yfir og nú er hann jafnspakur og blindrahundur.*

Sjálfur hef ég alla tíð verið mikill snyrtipinni eins og þeir sem til mín þekkja vita (nú glottir móðir mín sjálfsagt við lestur þessa pistils og hugsar með sjálfri sér: „Já, Mikael, þú hefðir nú átt að búa með þér hér á árum áður“). Ég hef því ekki nennt neinu óþarfa ströggli um hvernig sé best að skipta með sér heimilisverkunum, heldur inni þau vel flest af hendi þótt þau falli mér misvel í geð.

Baráttan geisar engu að síður á mörgum heimilum. Þannig eru því miður sumir kúgaðir til að sjá um öll leiðinlegu heimilisverkin; fá aldrei besta sætið í sófanum eða þurfa alltaf að þurrka leirtauið í stað þess að vaska upp. En ótrúlegt er hversu algengt vandamál þetta er á tímum þegar jafnrétti kynjanna hefur aldrei verið í eins góðum farvegi.

Sjónvarpsáhorf er líka algengt bitbein á heimilum. Oft eru tækin tvö, annað í stofunni og hitt í svefnherberginu, en læknar og aðrir sérfróðir menn hafa rannsakað og tekist að sanna að sjónvörp inni í svefnherbergjum séu ávísun á lítinn svefn og kynlíf og almenna vanlíðan (þótt það eigi að sjálfsögðu ekki við í mínu tilfelli). Sérfræðingarnir hafa hins vegar ekki tekið með í dæmið átökin sem geta brotist út þegar eitt sjónvarp er á heimilinu og heimilisfólk ósammála um hvað eigi að horfa á.

Já, fátt bendir til þess að baráttunni linni á næstunni. Ég neyðist því víst til að halda áfram að safna mér inn punktum með kúst og ryksugu að vopni til að fá besta sætið í sófanum og fjarstýringuna að auki. Enda uppsker maður víst eins og maður sáir.



● **Forsíðumynd:** Arnþór Birkisson tók mynd í barnaherbergi Samskipa **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Roald Eyvindsson roald@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.



● **DEMANTUR Í HÚS OG GÓÐA GARÐA** Þessi garðbekkur minnir á risavaxinn strákúst sem sveiflast um gólfin. Hann er úr Spirit Song-línu hönnuðanna hjá Diamond Teak og handsmíðaður úr gylltu tekki. Hönnunin sýnir vel einstaka áferð viðarins og festingar úr ryðfríu eðalstáli tryggja viðhaldsfría framtíð. Sígild fegurð sem stenst tímans tönn og má jafnt nota úti sem inni. Fæst á www.diamondteak.com.

# Táknrænt málverk

● Guðný Ólafía Pálsdóttir fékk stærðarinnar málverk að gjöf frá vini sem lýsir henni vel.

Guðný Ólafía Pálsdóttir, ein af forsvarskonum söfnunarátaksins Á allra vörum, sem hrundið var af stað til kaupa á nýjum stafrænum röntgenbúnaði sem greinir brjóstakrabbamein, er mikil félagsvera og á málverk því til staðfestingar. „Vinur mannsins míns, Guðmundur Björgvinsson listmálari, málaði verkið handa okkur hjónum og er það að ég held táknrænt fyrir okkur. Það er litríkt og á því er fullt af fólki,“ segir Guðný, sem kveðst vera mjög félagslynd. „Ég sækist eftir því að gera eitthvað með góðu og skemmtilegu fólki eins og sést á söfnunarátakinu,“ segir hún, en yfir 35 milljónir króna söfnuðust í tengslum við Á allra vörum, sem sýndur var á Skjá einum í síðustu viku.

Henni þykir afar vænt um málverkið. „Það er risastórt og ætti vel heima á safni.“ Undir myndinni er nýlegur sófi úr Natuzzi en við hlið hans er Guðný með lítið stofuborð frá föðurömmu sinni. „Það hefur verið í ættinni í yfir 90 ár en er framúrstefnulegt miðað við hversu gamalt það er og meðal annars með ljósi í.“

Guðný segist hafa gaman að því að byggja, græja og gíra á heimilinu en segir þó ýmislegt hafa breyst í gegnum tíðina. „Hérna áður fyrr þurfti allt að vera klippt og skorið og hver hlutur á sínum stað en svo er lífið bara ekki þannig. Nú reyni ég bara að hafa reglu í óreglunni.“

Guðný, sem er samstarfskona og góð vinkona Gróu Ásgeirsdóttur, upphafskonu Á allra vörum, segir að nú sé átakið orðið að góðgerðarfélagi helgað konum og börnum. Að söfnunarþættinum frátöldum hefur fjármunum verið safnað með því að selja varagloss frá Yves Saint Laurent og var Dorrit Moussaieff forsetafrú afhent tuttuguþúsundasta glossið í vikunni. Salan, sem fer fram um borð í vélum Icelandair, í fríhöfnum Flugfélags Íslands og hjá Krabbameinsfélaginu, hefur að sögn Guðnýjar farið fram úr björtustu vonum. *- ve*



**Guðný og eiginmaður hennar fengu stóra málverkið að gjöf frá Guðmundi Björgvinssyni. Stofuborðið við hlið sófans er um níutíu ára gamalt.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Ímyndaðu þér stað.....



## ...þar sem erfiði dagsins er létt af þér...



30%
afsláttur
af Chiro Collection rúmum
í júní

## .....hvert einasta kvöld



Chiro Collection
heilsurúm

### Ný hönnun

Chiro heilsudýnan er uppbyggð til að veita hámarksslökun og hvíld í svefni. Gormakerfið er stífara á mjaðmasvæði og mýkra á axlasvæðum. Gormakerfið er læst saman langsum til að dreifa líkamsþyngdinni á sem flesta gorma. Fjöldi gorma er 220 pr fm. í MultiSpring kerfinu. Dýnuna getur þú valið með Conforma heilsu- og hægindalagi, Latex eða ViscoPedic þrýstijöfnunarefni. Steyptir hliðarkantar sem veita 25% meira svefnsvæði. 5 ára ábyrgð á gormakerfi Chiro heilsudýnunnar.

### Þú þarft aldrei að snúa henni

Ólíkt venjulegu viðsnúanlegu dýnunum þá byggist ending Chiro heilsudýnunnar ekki á því að henni sé snúið við. Gæti ekki verið auðveldara.

- 7 svæða heilsu og hægindalag.
- Aukin þægindi og fullkomlega nýttur svefnflötur.

Betra BAK

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
Laugardaga frá kl. 11-16

Reykjavík
Faxafeni 5
Sími 588 8477

Ísafirði
Skeiði 1
Sími 456 4566



**● MELTDOWN-STÓLLINN** Þessi flotti blái reipisstóll, hannaður af Tom Price, er búinn til með því að hita og ýta sætislaga formi inn í reipisbunka. Reipið bráðnar þegar það kemst í snertingu við heitt formið. Þegar það kólnar myndast sæti í miðju reipinu. Stóllinn er aðeins búinn til úr bráðnuðu reipi. Sjá www.tom-price.com.

## hönnun



**● FÍNGERT SKRAUT** Hönnuðurinn og listakonan Re Jin Lee, sem starfar í New York, skreytir leirtau með fíngerðum teikningum. Hvern hlut málar hún fríhendis og því eru engir tveir nákvæmlega eins. Hún notar mikið einfaldar línur og einstaka fugla.

Markmið hennar er að teikningarnar þjóni tilgangi í daglegu lífi enda nota jú flestir leirtau. Verkin má nálgast á slóðinni http://www.etsy.com/shop.php?user_id=5768478&order=&section_id=&page=1.









Eva Magnúsdóttir segir barnaherbergi Mílu vinsælt.

„Börnum þykir orðið mjög eftirsóknarvert að koma með foreldrum sínum í vinnuna. Einhvern daginn voru tveir strákar að leika sér á ganginum og smá læti voru komin í þá. Þá heyrðist annar segja við hinn: „Uss, við megum ekki hafa svona hátt, annars fer mamma með mig heim“," segir Eva Magnúsdóttir hjá Mílu um barnaherbergið, sem starfsmenn innréttuðu sjálfir. Flest húsgögnin voru keypt í Ikea. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fjölskylduvæn fyrirtæki

● Vinnustaðir bjóða í auknum mæli upp á sérstök barnaherbergi sem lið í sterkari fjölskyldustefnu. Míla, Samskip og Marel eru á meðal þeirra fyrirtækja sem farið hafa þá leið.

Barnaherbergi á vinnustöðum eru mikið notuð þegar starfsdagar eða önnur frí eru í leik- og grunnskólum. Þau eru ætluð börnum sem geta séð um sig sjálf, þótt foreldrar geti stundum fylgst með þeim úr vinnutölvunum sínum fyrir tilstilli vefmyndavéla. Í herbergjunum er flest það sem finna má í barnaherbergjum, svo sem leikjatölvur, sjónvörp, bækur, púsluspil og fleira.

„Það getur orðið mjög glatt á hjalla hjá okkur; þetta bætir miklu við fyrirtækjamenninguna," segir Eva Magnúsdóttir, forstöðumaður sölu hjá Mílu. „Þegar við mótuðum stefnu fyrirtækisins ákváðum við að vera fjölskylduvæn og undirstrikuðum það með því að innrétta barnaherbergi. Fólk þarf þá ekki að nota sumarfrísdagana til að mæta á frídögum í skólum. Þetta kemur sér vel fyrir alla."

Samskip eru með svipaða aðstöðu fyrir börn, sem sett var upp þegar fyrirtækið flutti í nýtt húsnæði. „Húsið var hannað með það fyrir augum að hérna ætti öllum að líða vel og börnunum líka ef á þyrfti að halda," segir Bára Mjöll Ágústsdóttir, forstöðumaður mannauðsdeildar Samskipa, en barnaherbergi var hannað af starfsmönnum í samvinnu við Ikea. „Við lögðum spilin á borðið og útkoman var svona glimrandi."

Marel kom barnaherbergi fyrir í nýjum höfuðstöðvum. „Við notuðum tækifæri þegar við gátum lagað umhverfið að okkar þörfum til að móta barnaherbergi," segir Ylfa Edith Jakobsdóttir, starfsmannastjóri Marels, en nýlega var lappað upp á herbergið. Iðnhönnuður hjá fyrirtækinu teiknaði það en innanstokksmunirnir eru héðan og þaðan. „Herbergið er mjög vinsælt meðal barnanna. Þeim finnst spennandi að koma með foreldrum í vinnuna og geta fylgst með þeim."

*- mþþ*



Bára Mjöll Ágústsdóttir er hæstánægð með barnaherbergi Samskipa.

„Herbergið er gríðarlega mikið notað hjá okkur og næstum því of spennandi því börnin vilja helst bara alltaf vera með. Okkur finnst þetta mjög jákvætt. Það er allra hagur að þessir hlutir séu í góðu lagi," segir Bára Mjöll hjá Samskipum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



Ylfa Edith Jakobsdóttir segir að nýlega hafi verið lappað upp á barnaherbergi Marels.

„Hugmyndin spratt út frá því að við vorum að vinna saman tveir kollegar eina helgi. Sonur hans var hjá honum og var að vappa á milli og hundleiddist," segir Ylfa Edith hjá Marel um tilurð barnaherbergisins, sem nýtur mikilla vinsælda. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



KRISTÍN INGVADÓTTIR
3 BARNA MÓÐIR SEM ER NÝ BYRJUÐ Í GOLFI. HÚN ER AUK ÞESS MIKIL ÁHUGAMANNESKJA UM ÚTIVIST.
NO WIND JAKKI: HALLA CM-842
KVARTBUXUR: JÚLÍANA CM-141
CINTAMANI // AUSTURHRAUNI 3 // 210 GBÆ
WWW.CINTAMANI.IS
CINTAMANI
SPJARAÐU ÞIG



Eggið er óperuhús Peking, sem hannað var með tilliti til umhverfisins. Húsið mátti ekki raska jafnvægi þess en sumir íbúar Peking telja það of nútímalegt. NORDICPHOTOS/GETTY

# Glerhýsi hindra ekki flug drekans

Framtíðin í byggingarlist skýtur rótum í hinni fornu borg Peking þar sem Ólympíuleikarnir verða haldnir í sumar. Kínversk stjórnvöld hafa varið milljörðum í byggingarframkvæmdir þar sem hefðir og nýir tímar togast á.

Vegna Ólympíuleikanna í ár hefur Peking tekið á sig framtíðarlega mynd með nýstárlegum byggingum og glerhýsum. Ævaforn menning Kínverja er þó ekki látin víkja því á einu glerhýsinu er stórt gat svo að drekar geti flogið þar í gegn. Þar eru höfuðstöðvar CCTV, sem rekur sjö sjónvarpsstöðvar með útsendingar um allan heim, meðal annars á Íslandi.

Kínversk stjórnvöld hafa lagt milljarða í byggingu á þessum glæsihýsum og ber þar hæst íþróttaleikvanginn sem arkitektarnir Herzog og de Meuron hönnuðu og kallaður er Fuglshreiðrið, en hann lítur út eins og stórt hreiður. Leikvangurinn tekur um 100 þúsund manns í sæti og þar mun opnunarhátíð Ólympíuleikanna fara fram.

Í grennd við leikvanginn er síðan að finna Vatnskubbinn, sundhöll Ólympíuleikanna. Ferköntuð bygging sem virðist alsett vatnsbólum eða sameindamódelum og gæti allt eins átt heima í vísindaskáldsögu. Hún er þó hönnuð með kínverskar goðsagnir og hefðir í huga þar sem kassalega formið er eitt frummótið.

Eggið er ein byggingin sem boðar breytta tíma í Peking, en var þó ekki sérstaklega reist fyrir Ólympíuleikana. Eggið er óperuhús borgarinnar og eins og nafnið bendir til er það egglaga. Við hönnun hússins var reynt að ögra umhverfinu ekki um of og láta það falla vel inn í. Ekki eru borgarbúar þó á eitt sáttir um hversu vel tókst til.

Peking státar því nú af risastóru hreiðri, eggi og flugleið fyrir dreka sem vísar til þess að goðsögur og ævintýri ráða för í kínverskri byggingarlist nútímans þótt stál, gler og víravirki segi annað. *- keþ*



Íþróttaleikvangur Peking verður miðdepill Ólympíuleikanna. Hann kallast Fuglshreiðrið og er hannaður af hinum heimsþekktu arkitektum Herzog og de Meuron.



Sundhöll Peking kallast Vatnskubburinn og lítur út eins og vatnsfylltur kassi. Útveggir kubbsins geta skipt litum, auk þess sem hægt er að nota þá sem risaskjái.



Hér sést innan í glæsilegan íþróttaleikvanginn í Peking.



Senlin Gongyuan Nanmen-neðanjarðarlestarstöðin á að þjóna nýrri lestarleið vegna Ólympíuleikanna.


Besam sjálfvirkur opnunarbúnaður
Trégluggar og -hurðir
Prodema viðarklæðning
Álprófílar – Sapa Building System
Sólstofur og svalalokanir
Hraðhurðir
Stálhurðir með og án glugga
Gæði og þjónusta í meira en 50 ár!
Álklæddir trégluggar
Álgluggar og -hurðir
Bílskúrs- og iðnaðarhurðalausnir
Rennihurðir
Alux öryggislokanir
Renson loftunarristar
Gluggasmiðjan
Viðarhöfði 3 - Sími 577 5050 - www.gluggasmidjan.is


Meira mið er tekið af formi hússins í garðahönnun í dag.
MYND/BIRKIR EINARSSON


Garðurinn endurspeglar hvernig við lifum í dag að sögn Birkis.
MYND/BIRKIR EINARSSON


Birkir segir ekki vinsælt að búa til skóg í garðinum sínum. MYND/BIRKIR EINARSSON

# Hús höfð til hliðsjónar

Garðahönnun tekur í auknum mæli mið af byggingarlist, að sögn Birkis Einarssonar landslagsarkitekts.

„Fólk hugsar pínulítið meira út í það hvað passar við húsið," segir Birkir Einarsson landslagsarkitekt. „Stíllinn er ekki lengur eins og algengt hefur verið undanfarin ár, það er þessi mjúku form og að garðurinn taki á sig aðra formgerð en húsið sjálft. Margir sáu garðinn sem villta náttúru, sem væri óháð húsinu."

Hann bætir við að sumir hafi þó ekki horft eins mikið í náttúrutenginguna heldur látið garðinn taka mið af arkitektúr hússins, og það sé að færast í aukana. „Nú er meira tekið mið af formi hússins. Það endurspeglast meira í garðinum. Með öðrum orðum eru línurnar orðnar örlítið stífari og aukinn einfaldleiki birtist í hönnuninni." Birkir segir einfaldleikann einnig koma fram í gróðurvali í garðinn. „Fólk er ekki að búa til skóg í garðinum sínum."

Samfélag nútímans er orðið hraðara og það endurspeglast í garðahönnun eins og öðru að sögn Birkis. „Garðurinn endurspeglar hvernig við lifum í dag; við höfum ekki tíma til neins en viljum samt hafa hann flottan. Við viljum hafa pall, grill í lagi og pott. Þetta þarf að vera heima og helst í sumarbústaðnum líka. Svo er það gamla góða sagan að umhirðan þarf að vera lítil sem engin. Það eru ekki margir sem nenna að vera á fjórum fótum að sinna garðinum,"


Birkir Einarsson landslagsarkitekt segir fólk hugsa um hvað passi við húsið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

segir Birkir, en bætir við að garðar krefjist þó meiri viðhalds en áður.

Spurður hvaða garðaskraut sé vinsælt segir Birkir fólk hrífast af öllu sem viðkemur vatni. „Spegiltjarnir eru vinsælar. Þetta eru tjarnir sem hafa gjarnan steypta umgjörð og eru oft mjög grunnar. Vatnsflöturinn í þess háttar tjörnum sýnir skýjafarið frekar en hreyfinguna á vatninu." *-mmf*

20% afsláttur

Vandaðir leður
Lúxus-hvildar
sófar
með stillanlegu baki og skemli
Frábærir sjónvarps-sófar og stólar
Einnig fáanlegir rafknúnir

2 sæti m/borði
Verð kr. 175.000.-
Verð nú aðeins kr. 140.000.-

3 sæti m/2 borðum
Verð kr. 273.000.-
Verð nú aðeins kr. 218.400.-

4 sæti m/2 borðum
Verð kr. 336.000.-
Verð nú aðeins kr. 268.800.-

Raðgr. Visa og Euro





Einnig fáanlegir stakir stólar

Val húsgögn
Ármúla 8 •108 Reykjavik
Símar 581 2275 • 568 5375

Opið virka daga kl.10-18 / Laugard. kl.11-16


Landsins mesta úrval
af ferðavögnum
FRÁBÆR TILBOÐ
LÍTTU VIÐ OG KYNNTU ÞÉR ÚRVALIÐ
TILBOÐ
CHALET A-HÚS
KR. 1.950.000.
FULLT VERÐ KR. 2.150.000.
100%
FJÁRMÖGNUN
TILBOÐ
PALOMINO COLT
KR. 1.290.000.
FULLT VERÐ KR. 1.499.000.
100%
FJÁRMÖGNUN
TILBOÐSPAKKI
ÖLLUM HJÓLHÝSUM FYLGIR
SÓLARSELLA, SKYGGNI OG
SJÓNVARP MEÐ DVD
TILBOÐSPAKKI
ÆGISTJALDVAGN MEÐ
KASSA OG YFIRBREIÐSLU
KR. 640.000.
FULLT VERÐ KR. 745.400.
0% VEXTIR
100% FJÁRMÖGNUN
HELGARTILBOÐ
Á NOTUÐM VÖGNUM
ALLA HELGINA
OPNUNARTÍMI:
MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA 10.00 - 18.00
LAUGARDAG 11.00 - 16.00
SUNNUDAG 12.00 - 16.00
95 ÁRA
SEGLAGERÐIN ÆGIR
1913 - 2008
Eyjarslóð 5 101 Reykjavík
S: 511 2200 www.seglagerdin.is













# Góðar sumarstundir

● Á fallegum sumardögum og -kvöldum er gott að njóta lífsins í hópi vina og vandamanna. Einstök stemning getur myndast ef veðurguðirnir eru í góðu skapi því þá er hægt að njóta þess að borða úti. Ekki skemmir að hafa réttu tækin sem geta átt þátt í því að skapa eftirminnilegar stundir.




**1. Hringlaga pitsusteinn** sem hægt er að setja pitsu eða brauð á og snæða undir berum himni á meðan veður leyfir. Fæst í Egg á 5.729 krónur.

**2. Gourmet raclette-grill** með steini, fyrir átta manns. Fæst í Rafha á 6.390 krónur (útsöluverð).

**3. Kleinuhringjajárn** er alveg tilvalið fyrir sælkera í síðdegiskaffinu. Fæst í Rafha á 3.490 krónur (útsöluverð).

**4. Töffaraleg grillspjót** Fást fjögur saman í Egg á 2.849 krónur.

**5. Fondú** er líklegt til að vekja hrifningu. Þetta flotta Mondo fondú-sett fæst í Einari Farestveit & Co hf. á 13.600 krónur.





HÉR VIRKAR HEIMAVÖRNIN BEST
Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring. – Njóttu þess að vera að heiman.
Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.
SECURITAS
HEIMAVÖRN
GOTT FÓLK

# Fyrsta sæti

## Það skiptir máli að spara á réttum stað

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi allt frá stofnun. Síðastliðna 12 mánuði er ávöxtun sjóðsins **16%***

**Peningamarkaðssjóður SPRON** hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á **spronverdbref.is**

**SPRON Verðbréf**
**Peningamarkaðssjóður SPRON**
**16% ávöxtun**

Glitnir
Sjóður 9
15,5% ávöxtun

Landsbankinn
Peningabréf Landsbankans
15% ávöxtun

Kaupþing
Peningamarkaðssjóður
14,9% ávöxtun



TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA - 082554

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

spron VERÐBRÉF

*Nafnávöxtun 31. maí 2007–31. maí 2008 skv. www.sjodir.is. Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is. Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

## Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Herb. til langtíma leigu í Reykjavik & Hafnarfirði. Aðgangur að eldhúsi, baðherb., þvottav. og þurrkara, gervihnattasjónv. og interneti. Uppl. í s. 824 4530.

56 fm. íbúð 2. herberg. íbúð í Kóp. Með garði og svölum. Sér stæði. 125 þ. www.karnesbraut@yahoo.com Upplýs. í s. 845 3990

Til leigu uppgert raðhús 5 herb. á einni hæð. Með innbyggðum bílskúr. Gufubað, heitur pottur og fleira. Stutt í skóla og alla þjónustu. Uppl. í s. 660 6690 Böðvar.

Tvær tveggja herb. íbúðir lausar frá 01.07 n.k. í nágr. iðnskóla Rvk. Má hafa hund. Mánaðarleiga. 110-120 þús. plús trygging fyrsta mán. Leigugreiðslur m/ bankaábyrgð skilyrði. s. 552 5017 eða blasol@centrum.is

Til leigu sérhæð með 5 herb. og frábæru útsýni við Starrahóla (182fm). Garður og timburverönd. Möguleiki að leigja tvöfaldan bílskúr (48.1fm). Verð 200.þ á mán. (240.þ með bílskúr). Myndir: http://thekkingarsetrid.com/sh2efrihaed.pdf. Uppl. í s. 898 7160

Einbýli á fallegum stað um 40 mín frá Reykjavík til leigu. 849-6734 Guðrún

3. herb. 70 fm íbúð til leigu í 200 Kóp. Laus strax. Langtímaleiga. Uppl. í s. 693 0158 e. kl. 17.

Til leigu 3. herb. 77 fm. íbúð í kjallara m. sérinngangi í Kópavogi. Laus 1. júlí. Leiga 120. þús. Uppl. í s. 693-8483

80 fm íbúð til leigu í Garðabæ, m/bílskýli og verð 130 þ. Uppl. í s. 437 1930 og á kvöldin 435 1388.

50 fm íbúð í góðu fjölbýli í Reykjanesbæ til leigu. Leigist aðeins í gegnum greiðsluþjónustu í banka. Eitthvað af húsg. fylgja eftir samkomulagi. Sendið nafn og síma á pósthólf, ibud08@visir.is

3 herb. kjallaraíbúð, í Árbæ, til leigu. Sendið póst á netfangið atli@heima.is

3-4 herb. íbúð í efra Breiðholti. Leiga 125 þ. á mán. Laus 1 júl. S. 587 1474 & 849 7428.

ATH 90m2 nýleg ósamþ íbúð í Garðabæ til leigu - Appartment for rent 120,000 tel 8927858

Til leigu 3 herb.íbúð í vogum á vatnsleysu.uppl.í síma 8991806

3 herb. íbúð á sv. 110 til leigu. Leiga 130 þ. 3 mán. fyrirfram. Uppl. í s. 696 5460.

Room for rent í Reykjavik 104. Inclutet WC, kitchen and washingmacin. Tel 691 4858

Til Leigu 3herb nýstandsett góð íbúð á Laugavegi. Leiga 150þ bankaáb. S-8985698

Tvö frábær herb. í 101 m. aðg. að öllu. 65 & 85 + 2 mán. trygging. Two fabulous rooms in prime 101. Very reasonable rent. 2 m. deposit. Sími: 865-7661.

Til leigu 2 herb. íbúð í Hamraborg Kóp. á kr. 110 þ. á mán. Uppl. í s. 661 4832.

Til leigu 3 herb. 90 fm. íbúð í Grafarvogi. V. 140 þús. Uppl. í s. 893 3350.

Til leigu 4 herb. íbúð, 125 fm., ásamt 24 fm. bílskúr á svæði 201 Kóp. Laus frá 15 júlí og leigist til eins árs. Uppl. í s. 893 8099.

Ca. 22 fm. bílskúr til leigu undir lager eða sem geymsla. Á góðum stað í Grafarvogi. Uppl. í s. 699 5801.

2 herbergja 80m2 íbúð til leigu í 107 Vesturbæ. Leiga 120.000, hiti og hússjóður innifalið. Laus 1 júlí. Bankaábyrgð skilyrði. Sími 847 8813 Reynar. 2 pokojowe mieszkanie 80m2, Rvk. 107 do wynajecia od 1 lipca, cena 120.000 za miesiac, zabezpieczenie w postaci weksla za 3 miesiace. Tel. 847 8813, Reynar.

Til leigu 3. herbergja 84 fm íbúð á Fjólugötu (101). Leigus. 1. ár. Laus 1. júlí. Trygging 3 mán. Uppl: Stefán - GSM: 865-8440.

Til leigu 60 fm. 2 herb. íbúð í 104 Rvk. Uppl. í s. 842 5512

Til leigu 2. herberg. íbúð í norðurbæ hfj. ca. 63 fm. neðri hæð í einbýli. Langtímaleiga. Leigist reglusömum. Laus 1. júl. V. 110 þ., með hita og rafm. S. 821 3929 / 565 3929.

4ja herb. íbúð í litlu fjölb.ásamt bílskúr í Lindarhv. kóp. til leigu. Laus í byrjun júlí. Leiga 190 þús á mán. Uppl. í síma 6607067

4 herb. íbúð til leigu í neðra Breiðholti. Uppl. í s. 895 9564.

Stór 3 herb. íbúð í Hfj. Á Efstu hæð í litlu fjölbýli. Stutt í skóla og aðra þjónustu. Laus 1.júlí. Leiga 145 þ., með hússjóð + rafm. + hita á mán. S. 661 8902.

3 rooms for rent í einbýli í 104 rvk. leiga 66 þ. + trygging. Hiti, rafm.+ net innif. Laus 1. júl. Uppl. 697 8720.

Óska eftir meðleiganda. Aðeins konur koma til greina. S. 822 3337.

## Húsnæði óskast

**Herbergi eða einstaklingsíbúð óskast !!**
**Blaðakonu vantar samastað í júlí og ágúst. Gott herbergi, einstaklingsíbúð eða ég get passað íbúð meðan húsráðendur eru að heiman og séð um hunda og ketti.**
**Nánari uppl. í síma 824 7504 eða á eddajo@gmail.com**

Reyklaust og reglusamt par óskar eftir íbúð á leigu í grend við iðnskólann í Hafnarfirði, en annað kemur til greina. Skilvísum greiðslum heitið S: 8490565

Reyklaust og reglusamt par óskar eftir 4 til 5 herbergja íbúð frá 1 sept. Skilvísum greiðslum heitið og meðmæli.6904971.

3 herb. íbúð óskast á leigu, reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. S:847-2464

2 stúlkur í leit að íbúð í 101,105 eða 107. Greiðslugeta 80-120 þús. Reglusemi og öruggum greiðslum heitið. Værum til í að flytja inn eigi síður en 1.júlí. Agnes S:6913510 og Blythe S:6919506

Reyklaus kk. óskar e. 30-60 fm í Rvk. eða nágr. Uppl. hjá bj.orn@internet.is / Björn í s. 869 2159.

## Húsnæði til sölu

Íbúð til sölu í Barnet, norður London. Góð staðsetning í gamalgrónu úthverfi Lundúna. 2 svefnherbergi, stofa, eldhús og baðherbergi. Nánari upplýsingar í síma 8950291

## Sumarbústaðir



**Grímsnesi, Hraunborgir**
96m2 sumarhús til sölu/skipti 130m2 sólpallur, rafmagn,rotþró, rétt við sundlaug og stutt í 4 gólfvelli. Útveggir einangraðir. Lagnir í plötu. Upplýsingar síma 693 6717 Kristinn.



**Sumarhús á eignarlandi**
Til sölu glæsilegt 105 fm hús á 2,5 hektörum og 5 hektara landi í Grímsnesi. Hentar til beitar eða ræktunar. Hitaveita á staðnum. Uppl. í s. 821 4958 & 555 4968

Sumarbústaðalóðir til sölu í nágrenni Þingvallavatns, 40 km frá Rvík. www.kroksland.is S: 552 8000.

Til leigu sumarbústaður í Grímsnesi við Búrfell. 5 svefnherb., leigist í daga eða vikur. Uppl. í s. 867 4446.

## Atvinnuhúsnæði

**Atvinnuhúsnæði fyrir veisluþjónustu/veitingastað til leigu.**
**Gott kæli og frystipláss til staðar. Einnig góð aðstaða fyrir uppvask. Rafmagn og gaslagnir til staðar. Einnig góð loftræsting. Hagstæð leiga.**
**Uppl. í s. 869 2426 Villi**

100 fm skirfstofuhúsnæði við Síðumúla til leigu. Gott húsnæði. Hagstæð leiga. Uppl. í s. 896 8068.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 4990.- kr á mán. geymslur.com S. 555 3464

## Bílskúr

27fm bílskúr í Hafnarfirði til leigu. Er á afgirtu og vöktuðu svæði. Verð 42Þ /mán. Laus strax. S: 823 5050

## Gisting

Budget accommodation Rvk/Hfj. for sleeping bag. Dorm 1.500 kr./p.day. Info 770 5451.

Svefnpokapláss í Rvk/Hfj. Uppl. í s. 770 5451.

# ATVINNA

## Atvinna í boði




**Employment agency seeks:**
**Carpenters, general workers, electricians, ironbinders, plummers, masons, heavy duty drivers, paintors and more for the construction area.**
**- Proventus -**
**Call Margrét 699 1060**

**Café Roma Kringlunni**
**Óskar eftir starfskrafti í framtíðarstarf. 20 ára og eldri. Sveigjanleiki og góð laun í boði. Uppl. gefur Halla í s. 690 0557.**

**Sjávarkjallarinn**
**Laus sæti í úrvalsliði þjóna og aðstoðarfólks á kvöldin og um helgar. Bjóðum einnig verðandi framreiðslu- og matreiðslumönnum frábæran stað til þess að læra fagið á. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu eða framreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík?**
**Uppl. veitir Valtýr (661 9912) alla virka daga milli 10-12 og 14-17 í síma eða á staðnum.**
**Umsóknir berist á: atvinna@foodco.is**

**Veitingastaðurinn Domo**
**Óskar eftir duglegu og áhugasömu starfsfólki til þjónustu í sal í kvöld- og helgarvinnu. Óskum einnig eftir vönum barþjónum. Íslenskukunnátta æskileg. Reynsla og aldur yfir 20 ára kemur einungis til greina.**
**Upplýsingar gefur Magnús í síma 869 7846, 552 5588, eða á maggi@domo.is**

**Garðaþjónusta Íslands**
**Óska eftir tveimur hörkuduglegum mönnum í jarðvegsframkvæmdir. Bílpróf skilyrði. Góð laun í boði.**
**Upplýsingar í síma 866 9767 & 844 6547.**

**JC Mokstur**
**Óskum eftir mönnum með vinnuvélaréttindi eða meirapróf. Góð laun í boði, næg vinna.**
**Upplýsingar í síma 824 2340.**

Vélamann vantar í vaktavinnu á Akureyri. Upplýsingar í s. 898 8040. Jón Þór.

Óskum eftir snyrtifræðimeistara til starfa. Nánari upplýsingar í síma 892 5368.

Óska eftir mönnum í smíðavinnu. Looking for carpenters. S. 849 8785.

Vantar mann í vinnu við heyskap ofl. Uppl. í síma 434 7729.

We are looking for a housekeeping staff, for weekends bankholidays and more. Starting asap. Must speak English. Please contact lobby@hotelvik.is

Starsfólk óskast í mötuneyti. Líflegur vinnustaður. Helst 30 ára og eldri. Umsóknir sendist á magnus@veislulausnir.is

Jarðvinnu fyrirtæki óskar eftir vélamanni. Einnig vonum manni við hellulagnir. Upplýs. í S. 893 0173.




Fíton/SÍA

# Fáðu ferskar íþróttafréttir á hverjum morgni



**Fréttablaðið stendur vaktina á hverju kvöldi – líka á laugardögum. Þannig færum við þér nýjustu úrslitin og staðgóða umfjöllun á morgunverðarborðið hvern einasta morgun.***

*Sunnudagsútgáfa *Morgunblaðsins* er prentuð á laugardegi áður en íþróttaúrslit dagsins liggja fyrir og *24 stundir* koma hvorki út á sunnudögum né mánudögum. Auk þess fara *24 stundir* í prentun aðra daga áður en íþróttaleikjum kvöldsins er lokið. **Fréttablaðið** er eina dagblaðið sem færir þér ferskar íþróttafréttir alla morgna vikunnar, líka á sunnudögum.

**Allt sem þú þarft – alla daga**





**HJÓLATÍSKA Í VÍETNAM** Líklega er langt í að vindurinn leyfi slíkar skreytingar á Íslandi. En þetta er tískan í Hanoi. NORDICPHOTOS/AFP

Hægrirétturinn hvarf á bak við biðskyldumerkin og gangbrautirnar í borginni hverfa óðum. Þær eru sagðar skapa „falskt öryggi“ gangandi vegfarenda. Og annars þyrftu bílstjórar að fylgjast með því hvort einhver ætlaði yfir þær. Það er erfitt á 110 kílómetra hraða á Miklubrautinni. Betra þykir að hafa sem flest umferðarljós eða hraðahindranir.

Annað dæmi um íslenska samgönguhugsun er þegar götur eru þrengdar með eyjum, til að draga úr hraða. Þess í stað mætti leggja hjólabraut. Þannig fengju heilbrigðar samgöngur pláss og það myndi um leið hægja á bílunum.

„Þetta er sú aðferð sem öll nágrannalöndin nota. En við erum á svipuðum basis og Bandaríkjamenn,“ segir Magnús.



**ÞRAUTSEIG** Sama hvað hjólagarparnir segja getur nú verið leiðigjarnt að hjóla í snjónum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## EKKI GERT RÁÐ FYRIR HJÓLINU

Tvær sérstakar akreinar fyrir reiðhjól fyrirfinnast í gjörvallri höfuðborg Íslendinga; við Laugaveg og við Lönguhlíð. Á Laugaveginum er stutt salíbuna og önnur í Lönguhlíð. Svo eru göngustígar, en á þeim er rönd fyrir hjól.

Víðast er því varla gert ráð fyrir hjólum. Hjólafólk hefur undanþágu í lögum til að hjóla á gangstéttum, sem getur verið mun hættulegra en að hjóla í umferðinni.

Magnús Bergsson hvetur fullorðið fólk til að forðast ringulreið gangstéttanna og nota göturnar.

En reiðhjólafólk er annars flokks á íslenskum strætum. Hér eru fáar sérmalbikaðar hjólakreinar. Í Evrópu eru hjólreiðamenn svo sjálfsagðir í umferðinni að þeir hafa sérakreinar og sérstök umferðarljós. Er þetta ekki besta lausnin?

„Ekki endilega,“ segir Pétur Þór Ragnarsson. Mörg hjólaslys, til dæmis í Danmörku, verði vegna þessara akreina. Bílstjórar gleyma þá að líta í kringum sig þegar þeir beygja til hægri og keyra yfir hjólreiðamanninn.

Magnús Bergsson bendir á að akreinalausnin sé einnig dýr og tímafrek. Bæta þurfi umferðarmenninguna sem fyrst, þannig að hún geri ráð fyrir hjólum.

„Það þarf að gera eitthvað strax. Það þýðir ekki að gera einhverja fimmtíu ára áætlun um sérstakar akreinar.

Ódýrasta og fljótlegasta lausnin kann að vera sú sem Magnús leggur til; að mála svokallaða hjólavísa í götuna. Merki sem gefi til kynna að á götunni megi hjóla, en sé ekki sérstakt afmarkað pláss. Önnur fljótleg lausn gæti verið tillaga Gísla Marteins; að setja skýrar línur í malbikið. Landamæri hjólreiða.



**HJÓLAVÍSIR** Þetta er lausn sem hefur verið reynd í Bandaríkjunum, þar sem eru fáar akreinar fyrir hjól. Mun hún hafa gefist vel. Formaður samgöngunefndar er hrifnari af því að marka einfalda línu í götuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR SAFNI


571 HUNDAR AF 84 TEGUNDUM VERÐA SÝNDIR AUK 31 UNGRA SÝNENDA!







HUNDARÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

félag allra hundeigenda - stofnað 1969

Sumarsýning Hundaræktarfélags Íslands
28.-29. júní í reiðhöllinni Víðidal, Reykjavík

Dómarar sýningar eru frá Svíþjóð, Puerto Rico, Írlandi og Hollandi

Sýningin hefst kl. 9 á laugardag og sunnudag.
Áætluð dagskrárlok um kl. 17 báða dagana

Meðal viðburða:

- Keppni ungra sýnenda
- Ungviði og hvolpar setja skemmtilegan svip á sýninguna
- Virðulegir öldungar láta ljós sitt skína
- Fallegustu hundar sýningar valdir
- Viðamikil starfsemi félagsins kynnt
- Kynning á hundategundum
- Sölu- og kynningarbásar - ýmis sértilboð
- Veitingasala

Pedigree

Fyrir hundinn þinn

VÍS Agria Dýravernd



Sjá dagskrá sýningar á www.hrfi.is
Aðgangseyrir er 500 kr. fyrir fullorðna
Börn yngri en 12 ára í fylgd með fullorðnum fá frítt inn, annars 300 kr

Stjórn 365 hf. boðar til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður á Hilton Reykjavík Nordica þriðjudaginn 1. júlí 2008, kl. 14.00.

HLUTHAFA-FUNDUR 365 HF.

Dagskrá:

1 Tillaga um að stjórn félagsins verði falið að óska eftir afskráningu hlutabréfa félagsins úr kauphöll OMX Nordic Exchange á Íslandi.

2 Tillaga um að stjórn félagsins verði falið að kaupa hluti þeirra hluthafa í félaginu er þess óska fyrir kl. 16.00 þann 11. júlí 2008. Greitt verði á kaupverði kr. 1.20 á hvern hlut.

3 Tillaga um að stjórn félagsins verði heimilað í tengslum við framangreind kaup á hlutabréfum í 365 hf., sbr. dagskrárlið 2, að kaupa allt að 15% eigin hluta fyrir kr. 1.20 á hvern hlut. Heimildin skal gilda til og með 31. júlí 2008. Verði eigin hlutir í eign félagsins umfram 10% eftir viðskiptin skal stjórn félagsins lækka hlutafé félagsins í samræmi við lög um hlutafélög til að eigin hlutir eftir slíka hlutafjárlækkun verði ekki umfram 10% af hlutafénu.

Atkvæðaseðlar afhendast og verða taldir á hluthafafundinum þann 1. júlí og verða einungis atkvæði þeirra hluthafa sem eru skráðir í hlutaskrá kl. 11.00 þann dag talin með.

Stjórn 365 hf.

# *Hannar fyrir Hollywood-leikkonur*

**Linda Árnadóttir** hefur stjórnað fatahönnunardeild LHÍ styrkri hendi frá upphafi en síðastliðið ár hefur hún hannað fyrir merkið Rue du Mail sem er vinsælt meðal stjarna eins og Cate Blanchett og Sofiu Coppola. *Anna Margrét Björnsson* forvitnaðist um þetta spennandi verkefni.

Ég vann lengi vel hjá franska hönnuðinum Martine Sitbon í París en hún er nú orðin yfirhönnuður hjá nýju merki sem heitir Rue du Mail. Þannig kom ég inn í þetta starf,“ útskýrir Linda yfir kaffibolla á Kjarvalstöðum. „ Fjárfestirinn á bak við merkið er kínverskur og heitir Jimmy Chan. Hann er menntaður grafískur hönnuður sem hefur mikla ástríðu fyrir hönnun og tísku og fannst vanta sköpunarkraft í heim sem einkenndist af peningum og völdum. Hann fékk Sitbon í lið með sér og saman hugsa þau fatnaðinn sem mjög kvenlegan en með töffaralegu ívafi.“ Sitbon hefur einmitt lengi verið þekkt fyrir slíka blöndu en hennar eigið merki var sérstaklega vinsælt á áttunda áratugnum og meðal aðdáenda eru til dæmis Marianne Faithful sem hefur haldið mikilli tryggð við alla hönnun Sitbon. „Ég geri mynstrin og prentin á fötunum. Ég vinn einnig beint í efnin og finn upp á ýmiss konar þrívíðri efnisnotkun og svo vinnur hönnuðurinn úr þeim,“ útskýrir Linda sem lærði og starfaði í París áður en hún tók við forstöðu fatahönnunardeildar Listaháskóla Íslands. „ Núna fer ég til Parísar reglulega en ég gæti ekki hugsað mér að flytja aftur alfarið þangað. Það bara hentar manni ekki þegar maður á börn. Ég sé hvernig þetta fólk vinnur úti og það er enginn kominn heim til sín fyrr en um tíu-ellefu á kvöldin.“



**„OFT SNÝST TÍSKUHEIMURINN MEST UM AÐ HAFA RÉTTU SAMBÖNDIN“** Linda Árnadóttir, hönnuður og forstöðumaður fatahönnunardeildar LHÍ. FRETTABLAÐIÐ/GVA

### Sendir nemendur sína til Parísar

Fatnaðurinn frá Rue du Mail er seldur í mjög fínum búðum um heim allan, meðal annars versluninni Corso Como á Ítalíu, Le Bon Marché í París og Saks í New York. „Merkið heitir eftir frægri götu í París sem er þekkt fyrir textíl og efni og er rétt hjá Place des Victoires í öðru hverfi. Þetta eru mjög dýr „prêt-à-porter“ föt og þau hafa gengið ofsalega vel. Það er farið að myndast pláss fyrir svona dýran fatnað, það er að verða til meiri lúxus í fatnaðinum sem ekki fellur undir hátísku. Fólk er farið að sækjast mikið eftir fatnaði sem er til í mjög takmörkuðu upplagi eða jafnvel einu eintaki. Meðal þeirra sem alltaf mæta á tískusýningar eru franska leikkonan Emmanuel Seigner sem er eiginkona Romans Polanski, leikstjórinn Sofia Coppolla, breska leikkonan Tilda Swinton og ástralska leikkonan Cate Blanchett sem hefur verið mynduð reglulega í fatnaði frá Rue du Mail.“ Sambönd Lindu við tískuheim Parísar hafa komið sér vel fyrir nemendur í fatahönnunardeildinni hér heima en þeir fá oft að fara í starfsreynslu hjá hönnuðum eins og Sitbon, Soniu Rykiel og svo Jeremy Scott og Marc Jacobs í New York. „En oft og tíðum vilja þessir krakkar ekki endilega fara út, heldur stofna litla búð á Laugaveginum og selja fatnað sinn þar en ég er hrædd um að það virki ekki sem langtímaplan. En ef maður vill ná langt í tískuheiminum er nauðsynlegt að fylgjast vel með því sem er að gerast í helstu tískuborgunum og koma sér upp samböndum. Oft snýst þetta mest um réttu samböndin því þau geta skotið manni upp á stjörnuhimininn.“ Það er nóg um að vera hjá Lindu í sumarfríi skólans þar sem hún er einnig að hanna eigin textíllínu – ofin teppi og sængurver sem hafa verið fáanleg í Epal. Spurð hvort Rue du Mail verði fáanlegt á Íslandi segist hún hafa rætt við systur sína, Hugrúnu í Kron, um að selja einhverja gripi. „En það er erfitt að selja svona dýran fatnað hér heima, markaðurinn er svo lítill. Við verðum bara að sjá til.“








BÓNUS BÓNUS BÓNUS
ALI FERSKT ÍSLENSKT GRÍSAKJÖT 30% - 40% AFSLÁTTUR
498
Ali ferskur svínabógur
498 kr./kg.
30% AFSLÁTTUR
Ali fersk kjötmikil svínarif
769 kr./kg. MERKT VERÐ 1098 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
Ali ferskar svínakódilettur
1070 kr./kg. MERKT VERÐ 1783 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
Ali ferskar svínhnakkasneiðar
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.
LAMBAKJÖT VINSÆLASTA GRILLKJÖTIÐ
1198
KS frosið lambalæri í sneiðum
1198 kr./kg.
808
KS ferskur kryddaður lambabógur
808 kr./kg.
30% AFSLÁTTUR
KF villikryddaðar lambalærissneiðar
1398 kr./kg. MERKT VERÐ 1998
HOLTA FERSKAR KJÚKLINGA-BRINGUR
1679 kr./kg.
MERKT VERÐ 2799 KR./KG
40% AFSLÁTTUR
2998
INNFLUTT UNGNAUTA-LUND
2998 kr./kg.
FRYSTIVARA
40% AFSLÁTTUR
Holta fersk kjúklingalæri með legg
449 kr./kg. MERKT VERÐ 748 KR./KG.
40% AFSLÁTTUR
Holta ferskir kjúklingabitar blandaðir
359 kr./kg. MERKT VERÐ 598 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
Bónus ferskir kjúklingabitar blandaðir
349 kr./kg. Merkt verð 498 kr./
30% AFSLÁTTUR
Ali ferskir kjúklingaleggir
559 kr./kg. MERKT VERÐ 798 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
Ali fersk kjúklingalæri
559 kr./kg. MERKT VERÐ 798 KR./KG.
30% AFSLÁTTUR
Ali ferskar kjúklingabringur
2098 kr./kg. MERKT VERÐ 2997 KR.
FYRSTA FLOKKS HOLLENSKT NAUTAKJÖT Á GRILLIÐ
2998
HOLLENSK RUMPSTEIK (lendastykki)
6 STK. 200g 2998 kr. (FROSIÐ)
1998
HOLLENSKT UNGNAUTAFILLET
4 STK. 200g 1998 kr. (FROSIÐ)
VINSÆLASTA LAMBALÆRIÐ Í BÓNUS 40% AFSLÁTTUR
KF EINIBERJAKRYDDAÐ LAMBALÆRI
1198 kr./kg. MERKT VERÐ 1998 KR./KG.
1198
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: LAUGARDAGA: 10.00 TIL 18.00 SUNNUDAGA 12.00-18.00
Með fyrirvara um prentvillur eða uppseldar vörur.

# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

### … stelpurnar okkar



Maður var farinn að vorkenna þeim grísku þegar íslensku stelpurnar skoruðu fjórða markið, hvað þá þegar þrjú voru komin til viðbótar. Þetta var algjört burst og væntanlega ekki það sem þær grísku ætluðu sér þegar þær lögðu af stað frá flughöfninni í Aþenu. Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta er komið í fremstu röð og skoraði í þessum eina leik álíka mörg mörk og íslenska karlalandsliðið hefur skorað á þessari öld. Kannski spurning um að fjárframlög ríkisins fari að endurspegla þessa staðreynd?

### … Dimmu



„Hún heitir Dimma, ekki Urður," sagði eigandi Doberman-hvolpsins þegar hann sótti tíkina á Dýraspítalann. Tíkin fannst grafin lifandi við Kúagerði og var á tímabili útlit fyrir nýtt Lúkasar-mál þegar bloggarar hömruðu lyklaborðin með kröfum um grimmilega hefnd fyrir illvirkið. Ómennin eru reyndar enn ófundin en tíkin hefur það gott og það er fyrir öllu.

### … Sólvá Ford



Söngkonan Sólvá Ford komst heldur betur í feitt þegar Ólafur F. Magnússon sá hana í Færeyjum, heillaðist algjörlega upp úr skónum og bauð henni umsvifalaust að troða upp á Menningarnótt í Reykjavík. Þetta er atburðarás sem líklega er hvergi nærri lokið og minnir helst á það þegar ofurstinn Tom Parker tók Elvis upp á arma sína.

### … náttúrulega Samfylkingu



Virkja? Tja..? Ha, dauðir ísbirnir? Uh hérna, alltaf í bolan- um!? Glansmyndabæklingi Samfylkingarinnar fyrir síðustu alþingiskosningar, Fagra Íslandi, hefur verið veifað nokkuð framan í flokksmenn að undanförnu, enda hvorki myndir af blóðugum ísbjörnum í útrýmingarhættu né Össuri að undirrita viljayfirlýsingu um álver á Bakka í honum. Það er því svo sem engin furða að Össur og Þórunn vilji banna myndatökur til að skaða ekki ímynd Samf..., ég meina, Íslands.

### … flugfarþega




Flugumferðarstjórar hafa fengið nóg af því að lepja dauðann úr skel og hófu „aðgerðir" til að minna á kröfur sínar. Flugfarþegum seinkaði og misstu jafnvel af tengiflugi. Sem betur fer náðust fljótt samningar, en flestir hljóta að hafa staðið með flugumferðarstjórunum enda námu heildarlaun þeirra ekki nema að meðaltali 809 þúsund krónum á síðasta ári.

### … flugfreyjur



Icelandair sagði upp tæplega 240 manns í vikunni, þar af 138 flugfreyjum. Þetta er versta áfallið í flugbransanum síðan afleiðingarnar af 11. september urðu ljósar.





**KLEMENS ÓLAFUR ÞRASTARSON KÍKIR Í ERLEND BLÖÐ**

# Allragagn í Madríd

Hetaira-hópurinn, nokkrar ábyrgar vændiskonur í Madríd og vinir þeirra, tók sig til í vikunni og hélt litla hátíð til að „verja kynfrelsi og samlífi borgaranna".

Þetta eru óvenjuleg hagsmunasamtök sem berjast fyrir réttindum portkvenna. Þau héldu til dæmis einu sinni blaðamannafund og skömmuðu þar löggurnar fyrir að bögga sig og sína kúnna óþarflega mikið.



Hetairas voru upphaflega forn-grískar gleðikonur. Þær áttu greiðan aðgang að auðmönnum og betri borgurum og eru sagðar hafa notið nokkurrar virðingar. Þessa vilja púturnar í Madríd líka njóta.

Og þeim gengur ágætlega, að vissu leyti. Frægur poppari, hann Manu Chao, samdi til dæmis lag til heiðurs hópnum og einnig er búið að gera kvikmynd; Prinsessur.

Ljúfurnar segja að fyrsta skrefið til að öðlast sjálfsvirðingu í þessu starfi sé að kalla sig kynlífsverkakonu. Þær berjast gegn „lögbannssinnum" sem vilja lögleysa vændi og auglýsingu þess.

„Við seljum öll líkama okkar. Sumir heilann en aðrir selja neðri hlutana. Þegar öllu er á botninn hvolft er lítill munur þar á," segir Pía kynlífsverkakona.

En Hetaira-fólkið komst í blöðin vegna hátíðarinnar á dögunum. Þá tóku skækjurnar sig til og gerðust fyrirsætur eitt kvöld. Þær klæddust dýrum tískufötum og gengu kisugang við mikinn fögnuð áhorfenda.

Og stuðningssamtök hópsins voru ekki af verri endanum. Kynskiptingaklúbburinn mætti auðvitað í sínu fínasta pússi, sem og eitthvað sem gæti verið þýtt sem Félags-erótískt lífsrými kokkála.

Ekki mátti Þríhyrningsfélagið heldur vanta, en lestina rak hið gamla góða Samband samkynhneigðra.

Þetta var kallað hátíð umburðarlyndis og átti meðal annars að bræða hjörtu íbúa og verslunareigenda í hverfinu.

En fyrst og fremst átti að vekja athygli borgarstjórnar. Fá hana til að hlera þarfir þessa almennings. Það þyrfti að bæta úr ýmsu í hóruhverfinu, sem á nokkrum mánuðum hefur breyst mikið.

Það er endurnýjun í gangi. Fjárfestar hafa keypt upp hóruhús og breytt þeim í virðulegri stofnanir. Fasteignaverð hefur rokið upp. Talskonur Hetaira óttast að þær fái bara alls ekki að vinna í fína hverfinu, sem borgarstjórn vill fá í staðinn.

Yfirlýst markmið endurskipulagningarinnar er nefnilega að „losna við það sem smánar hverfið". Nefnilega götudrósirnar stoltu. Þeim sárnaði þetta orðalag. Og mótmæltu auðvitað. Þetta heitir stéttvísi.









Lausn krossgátunnar, ásamt eldri gátum og lausnum, er birt á vefnum, www.this.is/krossgatur



Á FERÐALAGI
27.-28. júní | Egilsstaðir | Bylgjan á ferðalagi
4.-5. júlí | Akranes | Írskir dagar
11.-12. júlí | Vestmannaeyjar | Bylgjan á ferðalagi
18.-19. júlí | Hemmi Gunn og Svansí í útilegu
25.-26. júlí | Fáskrúðsfjörður | Franskir dagar
1.-2. ágúst | Verslunarmannahelgar-útvarp
8.-9. ágúst | Dalvík | Fiskidagurinn mikli
15.-16. ágúst | Bolungarvík/Ísafjörður | Ástarvika
22.-23. ágúst | Hella | Landbúnaðarsýning
29.-30. ágúst | Sandgerði | Sandgerðisdagar
BYLGJAN
á ferðalagi
um landið í sumar
Bylgjan og Olís eru komin í sumarskap og verða á ferðalagi með þér í allt sumar!
Það verður öllu tjaldað til og við hefjum leik á föstudagsmorgnum með Kollu og Jóni Erni í bítinu, Ívar tekur við og Rúnar fylgir fast á eftir. Við endum svo daginn með strákunum í Rvík síðdegis. Á laugardögum eru það Hemmi Gunn og Svansí sem skemmta hlustendum auk þess að draga heppinn hlustanda úr potti Ævintýraeyju Olís, sem er frábær ferðaleikur fyrir alla fjölskylduna. Nánari upplýsingar á www.olis.is.
Í dag verðum við á Egilsstöðum.
Vertu með Bylgjunni og Olís í allt sumar – á ferðalagi!
FÖSTUDAGUR:
Í bítið
Ívar Guðmunds
Rúnar Róberts
Reykjavík síðdegis
LAUGARDAGUR:
Hemmi Gunn og Svansí
BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!
Ævintýra-eyjan
olís

# EINA BLAÐIÐ Á SUNNUDEGI



## Síðustu hellisbúarnir hylltir
- Einn núlifandi Íslendingur bjó fyrstu æviár sín í hellinum við Laugarvatn.

## Með hjartað á réttum stað
– Trudi Odida var kaþólsk nunna sem giftist svo úgandískum manni en saman sinna þau hjálparstarfi fyrir ABC barnahjálp.

## Vinsælustu barir sumarsins
– Leiðarvísir Fréttablaðsins um djammstaði borgarinnar.

ferðalög

Ferðalög fylgja Fréttablaðinu á sunnudaginn :

Heimurinn með augum smáfólksins – hvert á að fara, hvað á að borða og hvernig á að drepa tímann á löngum ferðalögum?
Réttsýni ferðalangurinn – ferðir fyrir fólk sem þráir aðra hluti en sól, bjór og stuð.
Gönguferðir um Evrópu – frá söguslóðum Grikklands og upp á fjallatinda.

FRÉTTABLAÐIÐ

Allt sem þú þarft – alla daga




## STUÐ MILLI STRÍÐA Vampírur í Hlíðunum

RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR HRÆÐIR ÞVOTTADRENGINN



Það er misjafnt hvað fólk hræðist. Venjulega er fólk ekki hrætt við sömu hluti og það hræddist sem barn. Ég var til dæmis hrædd við myrka skotið bak við hurðina og teygði höndina stundum inn í herbergið til að kveikja áður en ég opnaði alveg. Mér var illa við hávaðann í stóru tækjunum á verkstæðinu hans pabba og ryksugan gat verið ógnvekjandi og hávaðasöm. En ég hef alveg vaxið upp úr þessu.

Þvottadrengurinn minn hefur hins vegar ekki vaxið upp úr ótta æskunnar og á sér veikan blett. Hann er logandi hræddur við vampírur.

Ég hef reynt að segja honum að vampírur séu ekki til en hann er ekki sannfærður og segir vel mögulegt að vampírur lifi meðal okkar. Hríðskjálfandi útskýrir hann fyrir mér að þær taki það bara rólega yfir daginn en fari á stjá þegar kvölda tekur. Samt getur hann ekki slitið sig frá sjónvarpinu ef sýndar eru vampírukvikmyndir heldur situr sem límdur. Dregur hnén upp að höku og kreppir tær, tilbúinn að stökkva ef vampíra sýnir tennurnar.

Ég á bágt með að vorkenna honum fyrst hann sækir svona í þær. Auk þess finnst mér kjánalegt að hræðast eitthvað sem er ekki til og segi honum að fullorðnast.

En stundum stríði ég honum aðeins af því það þarf svo lítið til. Læðist að honum og hvæsi. Hann er sérstaklega viðkvæmur þegar hann er niðursokkinn í vampíruteiknimyndasöguna sem hann gerir sér sérferð eftir á bókasafnið. Þá má ekki heyrast minnsta þrusk í húsinu án þess að hann þyrlist upp.

Auðvitað er ljótt af mér að láta svona og ég skammast mín fyrir að fara svona með drenginn. Það er samt fyndið að sjá fullvaxinn þvottadreng stökkva þvert yfir stofuna í æðiskasti við það eitt að heyra nafnið sitt hvíslað.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



www.ellingsen.is

# RISAafsláttur
# af hjólhýsum og húsbílum

**90%**
**FJÁRMÖGNUN**




**Nú er tækifærið til að tryggja sér góðan gististað fyrir sumarið; útilegurnar, ættarmótin, hestamannamótin og allt þetta skemmtilega sem er framundan. Það skiptir höfuðmáli að láta sér líða vel á ferðalaginu.**

**Allt að**
**1.200.000 kr.**
**afsláttur af húsbílum**

Eigum gott úrval glæsilegra húsbíla frá Adria, Hymer og Carado – allt eðalvagnar. Komdu og skoðaðu og kynntu þér hvað hentar best.






Hjólhýsi gerast ekki öllu vandaðri en Hymer. Um er að ræða þýska eðalframleiðslu hvort sem litið er á tæknibúnað eða öryggisatriði, hönnun innréttinga eða almenn þægindi. Hæsta einkunn fyrir upphitun og einangrun og endursöluverð er með því hæsta sem þekkist.

**Allt að**
**800.000 kr.**
**afsláttur af hjólhýsum**

Í 40 ár hefur Adria framleitt heimili á hjólum með áherslu á góða hönnun og þægindi. Hægt er að velja um fjölda gerða af hjólhýsum með mörgum mismunandi lausnum. Adria-hjólhýsin eru í hæsta gæðaflokki og búin öllum helstu tækninýjungum.



TBWA\REYKJAVÍK \ SÍA

Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • www.ellingsen.is • Opið mánud.–föstud. 10–18, laugard. 10–17 og sunnud. 13–17
Söluaðilar: BÍLASALA AKUREYRAR & BÍLASALA AUSTURLANDS

**Ellingsen**
*– fullt hús ævintýra*

**Kl. 14**

!

*Félagið Matur-Saga-Menning heldur opinn félagsfund í Skálholtsskóla í dag kl. 14. Þar verða kynntir matarhættir á hinum forna Skálholtsstað og garðrækt í klaustrum á Íslandi. Einnig verður farið í stutta staðarskoðun undir leiðsögn heimamanna og bragðað á krásum úr eldhúsi skólans. Aðgangseyrir er kr. 1.000 og eru kaffiveitingar innifaldar.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Tómas og Jómfrúin*

Þriðju tónleikar sumartónleikaraðar veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu fara fram síðdegis í dag. Kvartett kontrabassaleikarans Tómasar R. Einarssonar stígur þar á stokk og kætir viðstadda með sumarlegum tónum. Tónleikarnir hefjast kl. 15 og standa til kl. 17. Leikið verður utandyra á Jómfrúrtorginu ef veður leyfir, en annars inni á Jómfrúnni. Aðgangur er ókeypis.

Kvartettinn mun spila latínlög Tómasar R. af plötunum Kúbönsku, Havönu og Romm Tomm Tomm, ásamt sígrænum djasslögum í nýjum búningi. Tómas hefur gefið út fjórtán plötur sem innihalda einvörðungu eða



**TÓMAS R. EINARSSON** Kemur fram með hljómsveit sinni á smurbrauðsstofunni Jómfrúnni í dag.

aðallega frumsamda tónlist hans, síðast Rommtommtechno þar sem alþjóðlegur hópur skífusnúða endurhljóðblandaði tíu latínlög hans. Latínplötur hans hafa hljómað á útvarpsstöðvum í Ameríku og Evrópu og á síðasta ári var eitt laga hans valið á safnplötu hins virta Putumayo-fyrirtækis, Putumayo Presents Latin Jazz, þar sem hann var í hópi með flestum þekktustu flytjendum latíntónlistarinnar. Hann hefur komið fram með eigin hljómsveit og öðrum í meira en tuttugu löndum. Telja má næsta víst að smurbrauðssneiðarnar renni ljúflega niður við seiðandi og suðræna tóna kvartettsins. - vþ

**> Ekki missa af …**

Sýningunni List mót byggingarlist sem nú stendur yfir í Listasafni Íslands, en henni lýkur á morgun. Á sýningunni má sjá verk eftir listamennina Elínu Hansdóttur, Finnboga Pétursson, Franz West, Monicu Bovicini og Steinu, en þau takast í verkum sínum öll á við sýningarrýmið, hvert á sinn hátt.

## Braggi í Öxarfirði

Fimmta braggasýningin á vegum listakonunar Yst verður opnuð í Bragganum í Öxarfirði í dag. Umfjöllunarefni sýningarinnar er tilhugalíf, frjósemi, væntingar og vonir.

Á sýningunni má sjá þrettán verk eftir Yst, sem einnig gengst við nafninu Ingunn St. Svavarsdóttir. Verkin eru af ýmsum toga; teikningar á léreft og pappír, ásamt skúlptúr, innsetningu og einu atómljóði á ensku. Yst óskar eftir þýðingu á ljóðinu yfir á íslenska tungu og lofar þeim sem leggur til bestu þýðinguna teikningu í verðlaun. Enginn aðgangseyrir er að sýningunni og eru allir velkomnir. Sýningin stendur til 13. júlí og er opin alla daga frá kl. 11 til 18. - vþ



**TILFINNINGALÍF** Frá sýningu Ingunnar St. Svavarsdóttur.

CARNEGIE ART AWARD 2008

EIN STÆRSTU MYNDLISTARVERÐLAUN HEIMS KYNNA 26 NORRÆNA MYNDLISTARMENN

Í LISTASAFNI KÓPAVOGS – GERÐARSAFNI HAMRABORG 4 | KÓPAVOGI 19. JÚNÍ – 10. ÁGÚST OPIÐ ALLA DAGA NEMA MÁNUDAGA KL 11 – 17 LEIÐSÖGN MIÐVIKUD. KL. 12 OG SUNNUD. KL. 15

WWW.GERDARSAFN.IS | WWW.CARNEGIEARTAWARD.COM

## Menning og saga skoðuð

**Sveitarfélagið Garður býður upp á menningar- og sögutengda göngu í dag kl. 11. Lagt verður af stað frá stóra upplýsingaskiltinu við innkomuna í Garð við Garðbraut.**

**Gengið verður meðal annars að tóftum Heiðarhúsa, þar sem þjóðsagan segir að hafi verið stórbær með þrjátíu hurðir á hjörum sem aflagðist vegna reimleika.**

**Einnig verður gengið að Ellustekk en þar var að sögn heygður niðursetningur, sem dó á dularfullan hátt.**

**Sigrún Jónsdóttir Franklín mun leiða gönguna og fjalla um það sem fyrir augu ber. Gert er ráð fyrir að gangan taki um einn til tvo tíma.** - vþ

# Tvær hliðar orgelsins

**Björn Steinar Sólbergsson, organisti við Hallgrímskirkju og skólastjóri Tónskóla Þjóðkirkjunnar, leikur á tvennum tónleikum í Hallgrímskirkju nú um helgina á vegum Norrænu orgelhátíðarinnar. Á efnisskrám tónleikanna má finna norræn orgelverk en einnig verk eftir J.S. Bach og Charles-Marie Widor.**



**BJÖRN STEINAR SÓLBERGSSON** Leikur á tveimur tónleikum í Hallgrímskirkju um helgina.

Fyrri tónleikarnir fara fram kl. 12 í dag og eru um hálftíma langir. Seinni tónleikarnir verða svo kl. 17 á morgun og verða öllu lengri, um klukkustund. Á fyrri tónleikunum leikur Björn þrjú verk eftir Bach, Intermezzo, píanóverk eftir Pál Ísólfsson sem Björn hefur umritað fyrir orgel og svo fyrsta kafla Sinfóníu nr. 6 eftir Charles-Marie Widor. Sunnudagstónleikarnir hefjast á því að Björn leikur sjöttu orgelsinfóníu Widors í heild sinni, en svo taka við norræn orgelverk eftir Pál Ísólfsson og Edvard Grieg.

„Efnisskrár þessara tveggja tónleika skarast að nokkru leyti, en segja mætti að tónleikarnir á sunnudag séu þó aðaltónleikarnir," segir Björn. „Á þeim koma nefnilega glögglega í ljós tvær ólíkar hliðar orgeltónlistar; annars vegar sú norræna og hins vegar sú franska sem er öllu sinfónískari."

Flest þeirra norrænu verka sem Björn leikur um helgina voru upphaflega samin fyrir píanó, en hafa verið umrituð fyrir orgelið. „Það er afar misjafnt með píanóverk hvort gott er að umrita þau fyrir orgel, enda er um gjörólík hljóðfæri að ræða. Orgelið er svo umfangsmikið hljóðfæri að þetta minnir einna helst á að setja píanóverk í hljómsveitarbúning. Þannig getur orgelið opnað algerlega nýjar víddir í tilteknu verki. Mér þykja píanóverk oft hljóma betur í orgelútsetningum, en ég er reyndar ekki alveg viss um að flestir píanóleikarar séu sammála mér hvað það varðar," útskýrir Björn og hlær.

Orgelhátíðin Alþjóðlegt orgelsumar hófst um síðustu helgi með tónleikum í Hallgrímskirkju og stendur fram í ágúst. Björn segist afar ánægður með hvernig tekist hefur upp. „Hátíðin byrjaði vel; tónleikarnir um síðustu helgi voru afar vel sóttir og sama má segja um hádegistónleika sem fóru fram nú á fimmtudag. Von er á mörgum helstu orgelleikurum Norðurlanda til landsins í tengslum við hátíðina og því spennandi tónleikar í vændum næstu vikurnar."

Áhugafólk um orgeltónlist getur kynnt sér dagskrá hátíðarinnar nánar á slóðinni www.listvinafelag.is vigdis@frettabladid.is

Viltu skjól á veröndina?





REX

www.markisur.com og www.markisur.is

Veðrið verður ekkert vandamál

Hrein fjárfesting ehf, Dalbraut 3, 105 Reykjavík

Upplýsingar í síma 567 7773 og 893 6337 um kvöld og helgar

## Atwood fær konungleg verðlaun

Kanadíska skáldkonan Margaret Atwood hlaut nýverið spænsk bókmenntaverðlaun sem kennd eru við Prinsinn af Asturias, sem er Filippus krónprins Spánar. Í úrskurði dómnefndar segir að aðdáunarvert sé hversu auðvelt Atwood virðist eiga með að færa sig frá einni bókmenntagrein yfir í aðra, án þess að gæði verka hennar líði fyrir það á nokkurn hátt. Einnig þótti til fyrirmyndar að hún er óhrædd við að takast á við stjórnmál og félagsleg vandamál í bókum sínum. Atwood er 68 ára gömul og hefur sent frá sér hátt á þriðja tug bóka; ljóð, skáldsögur og heimildarverk. Hún hlaut hin eftirsóttu Booker-bókmenntaverðlaun árið 2000 fyrir skáldsögu sína The Blind Assassin. - vþ



**MARGARET ATWOOD** Spánverjar meta skáldskap hennar mikils.

KRINGLU KRÁIN

Skagfirsk sveifla með Geirmundi Valtýssyni í kvöld

Ný búið að opna stóra útisvalir


VÍDEÓIÐ ER DAUTT
VIÐ SELJUM BLU-RAY SUMIR EKKI !
FRAMTÍÐIN ER Í BT
1.999,-
Hver mynd
TILBOÐ
Ef þú kaupir tvær myndir þá færðu Blu-ray fjarstýringu á Playstation 3 með.
BT
Blu-ray Disc
BLU-RAY ER HÁMARKS UPPLIFUN Í MYND OG HLJÓÐI
BLU RAY ER FRAMTÍÐIN Í MYNDDISKUM. FRAMTÍÐIN FÆST EKKI Í BÓNUSVÍDEÓ
UPPLIFÐU ALLAR UPPÁHALDSMYNDIRNAR ÞÍNAR EINS OG Á AÐ GERA ÞAÐ
- Í HÁMARKS MYND- OG HLJÓÐGÆÐUM!
HD HÁMARKS 1080p MYNDGÆÐI
5 SINNUM BETRI UPPLAUSN EN DVD
7.1 SURROUND HLJÓÐ

## > FATNAÐUR ÚR KÓKOSHNETUSKEL

66°norður er fyrsta íslenska fyrirtækið sem hannar og selur fatnað úr spennandi efni sem kallast cocomatm. Það er unnið úr kókóshnetuskel og kolefni úr kókoshnetum er ofið inn í efnisþræðina til að auka endinguna. Það sem er svo skemmtilegt við þetta nýja efni er að það er umhverfisvænt, ver fólk fyrir útfjólubláum geislum og er einstaklega rakadrægt. Allur fatnaðurinn í Grettis-línunni er úr Cocomatm.



# stíll

utlit@frettabladid.is



**Ótrúlega fagur silkisamfestingur** frá Jun Okamoto. Fæst í Liborius, Laugavegi.

OKKUR LANGAR Í …



**Líkaminn angar af fersku sumri** með nýju „body lotion“ frá Armani sem kallast Diamonds. Namm.



**Fjólublár er litur haustsins** og um að gera að taka forskot á sæluna. Ballerínuskór frá Kron, Laugavegi.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Hjóla-„chic“*

Teikn voru á lofti í allan vetur um að þetta yrði mesta hjólasumar í manna minnum í Reykjavík. Fleiri og fleiri miðbæjarrottur sáust berjast mót vindinum á svörtum ömmuhjólum og þegar tískuverslunin Liborius fór að selja reiðhjól hönnuð af Marc Newson þá var orðið nokkuð ljóst að grænt er hið nýja svart. Hækkandi bensínverð, Björk og Sigur Rós að kyrja náttúrusöngva í Laugardalnum, og svo auðvitað alveg einstaklega gott veður hefur haft þau áhrif að borgarbúar sjást æ oftar á vistvænum tvíhjólum í stað fjögurra mengandi dekkja. Og þá á ég ekki við liðið sem er í hjólagalla frá toppi til táar á einhverjum svaka fjallahjólum heldur fólk í sínum smartasta hversdagsklæðnaði að hjóla að dönskum sið. Kaupmannahöfn er auðvitað ein mesta hjólaborg í heimi og í hvert sinn sem ég fer þangað og á stefnumót við vinkonur mínar birtast þær ferskar eins og gyðjur með vindblásið hár, rjóðar kinnar og glimt í augum þegar þær stíga af baki. Í Köben er fólk ekki útdekkað í einhverjum neoprene-hjólagöllum heldur er það bara hipp og kúl. Nú er komið skemmtilegt blogg á vefinn sem heitir „The Copenhagen Cycle Chic Blog“ þar sem aðallega eru birtar myndir af fögrum konum að hjóla í stuttum pilsum og svölum gaurum í nýjustu tísku. Eiganda vefsins, Mikael Colville-Andersen má því kalla eins konar Facehunter eða Sartorialist á hjóli þar sem hann smellir aðeins af ef fólk er töff. Colville-Andersen heldur því fram að aðrar þjóðir hafi verið heilaþvegnar og gangi með þá flugu í hausnum að hjólreiðar séu íþrótt eða tómstundagaman en ekki bara ferðamáti. Að hjólreiðar veki upp hugmyndir um að þurfa að fara í sturtu tvisvar á dag eða klæða sig í Lycra-alklæðnað. Og Daninn þessi vill að allar höfuðborgir heims taki Kaupmannahöfn til fyrirmyndar og geri hjólin að eftirlætisfarartækjunum í stað mengandi bifreiða. Þeir Íslendingar sem fussa og sveia og afsaka sig með því að það sé alltaf skítaveður hérna hafa greinilega aldrei lent í rigningu og roki í Köben. Eða snjókomu. En eitt hefur Norrebro þó fram yfir Þingholt Reykjavíkur. Þar er allt flatt. Maður er orðinn kófsveittur ef maður ætlar að hjóla upp Njarðargötuna. Og Laugavegurinn upp í móti á stuttu pilsi gæti endað illa. Ég sting upp á því að borgaryfirvöld láti bora göng í gegnum allar hæðir og hóla borgarinnar svo að við tískuþenkjandi fólkið getum verið „græn“ og töff á sama tíma. En þangað til mæli ég með því að allir dragi fram hjólin og leggi lóð sitt á vogarskálarnar og geri Reykjavík að vistvænni og grænni borg.



**ROKK OG RÓL** Töfffaraleg skvísa í svörtum stuttum kjól með hatt í stíl frá Anna Sui.



**„RETRÓ-LÚKKIÐ“** Gullfallegur … sundbolur? Kjóll? Það skiptir ekki máli en hann er svalur í hitanum. Frá Abaété.


Óska eftir að kaupa enskt Lingafon námskeið

Óska eftir að kaupa enskt Lingafon námskeið útgefið árið 1977 eða síðar. **Upplýsingar í síma 865 7013**

**Björgvin Ómar Ólafsson**

MOTOCROSSKEPPNI

Í dag á Álfsnesi rétt norðan Mosfellsbæjar



Keppni hefst kl. 14:00

Yngri flokkar kl. 12:00

Aðgangseyrir 1.000,- kr. frítt fyrir 12 ára og yngri

VÉLHJÓLAÍÞRÓTTAKLÚBBURINN

Ef komið er frá Rvík er ekið í gegnum Mosfellsbæ í norðurátt og beygt til vinstri út á Álfsnes (Sorpa).


HVORT SEM ÞÚ ERT Á NÁTTÚRU Í DAG EÐA STADDUR Í LEÐJUBAÐI Á GLASTONBURY ER MIKILVÆGT AÐ VERA TÖFF.

# TÓNLISTARSUMAR

Fyrsta sanna útitónlistarhátíð veraldar var hin sögufræga Woodstock-hátíð árið 1969 þegar Janis, Jimi og Joan stigu á svið. Í ár hafa hönnuðir hrifist af hippastílnum sem þá ríkti og blómakjólar, gallaföt og sandalar sáust hvarvetna fyrir sumarið 2008. Af nógu er að taka þegar kemur að tónlistarhátíðum í sumar, raftónlistarhátíðin Sónar í Barcelona er að vísu nýyfirstaðin en Glastonbury er í algleymi nú um helgina og Hróarskelda á næsta leiti. Nú og þeir sem heima sitja verða svo að drífa sig í Laugardalinn í dag með hummus-samlokurnar og te á brúsa og geta sótt fatainnblástur sinn beint frá þessari síðu. Gleðilega hátíð!

- amb



**HIPPALEGT** Þetta dress er fullkomið á tónlistarhátíðarnar í sumar. Frá Etro, sumar 2008.



**TEKNÓSKVÍSA** Stuttar buxur og neonlitaðir skór frá Anna Sui, sumar 2008.



**BLÓMARÓS** Stuttur, sætur og þægilegur kjóll frá Luella Bartley, sumar 2008.



**„INDÍ-CHIC“** Flott galladress með blómaskyrtu undir frá Peter Jensen.




## Öll mörkin í Landsbankadeildinni

# „Ég sá það fyrst á visir.is“

*Visir.is* var langfyrstur með mörkin í Landsbankadeildinni. Boltavakt *visir.is* og Fréttablaðsins er á öllum leikjum sumarsins í Landsbankadeild karla. Öll mörk, spjöld og helstu atriði leikjanna eru í beinni textalýsingu. *Visir.is* er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 og fréttatengdir þættir – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja *visir.is*.

visir.is

**...ég sá það á visir.is**



## > THURMAN TRÚLOFUÐ

Uma Thurman hefur loks eitthvað til að gleðjast yfir, en réttarhöld yfir eltihrelli hennar nú nýverið tóku mjög á taugar leikkonunnar. Nýi trúlofunarhringurinn á fingri hennar ætti því að vera gleðiefni, en unnusti hennar, svissneski athafnamaðurinn Arpad Busson, bað Umu að giftast sér. Hringurinn ku vera hinn glæsilegasti, enda heil átta karöt.



Fólk

folk@frettabladid.is

# Cortes auglýsir hágæðajakkaföt

Garðar Thór Cortes var gerður að sendiherra tískuhússins Ermenegildo Zegna á síðasta ári, og þeir Zegna menn blésu til veislu í London í gærkvöldi í tilefni af útkomu nýrrar sólóplötu Garðars, When You Say You Love Me. Auk Garðars eru stórleikararnir Michael Caine, Ewan McGregor og Sean Bean einnig sendiherrar merkisins. Þó að rómað sé hafa fáir heyrt af Zegna hér á landi.

Tískuhúsið er fjölskyldufyrirtæki sem stofnað var af Ítalanum Ermenegildo Zegna árið 1910, en það er nú í höndum fjórðu kynslóðarinnar. Zegna er hvað þekktast fyrir hágæðajakkafötin sem það framleiðir undir eigin merkjum, en fyrirtækið gerir einnig jakkaföt fyrir merki eins og Gucci, Yves St.Laurent og Tom Ford. Jakkaföt frá Zegna kosta á bilinu tvö til þrjú þúsund dollara, sem samsvarar um 160 til 250 þúsund krónum. Undir merkjum Zegna er einnig hægt að fá prjónavörur, bindi, skyrtur, íþróttaföt og aukahluti. Fyrirtækið er einnig með stærstu framleiðendum á gæðaefnum í heiminum, og hefur lagt mikla áherslu á að bæta ullarframleiðslu víða um heiminn. Fyrsta verslun Zegna opnaði í París árið 1980 og fimm árum síðar í Mílanó. Nú er verslanir þeirra að finna í Bandaríkjunum, Evrópu og Japan.



**GÆÐAEFNI** Zegna leggur mikla áherslu á gæðaefni og vönduð snið. Þessar myndir eru af sýningu tískuhússins á línu þess fyrir haustið 2008 og því ekki útilokað að við fáum að sjá Garðar Thór skarta þessum jökkum á næstunni.



**SÉRLEGUR SENDIHERRA** Eins og fram hefur komið var Garðar Thór Cortes gerður að sendiherra ítalska tískuhússins Ermenegildo Zegna.

# Yfirkeyrður, ofursvalur hasar

Wesley Gibson lifir aumkunarverðu lífi; hann hatar vinnustaðinn sinn, býr í lítilli kompu með kærustu sinni sem heldur fram hjá honum með besta vini hans, og hann fær reglulega kvíðaköst sem hann ræður ekki við. Einn góðan veðurdag kemur kynþokkafullur kvenmaður að honum og segir honum frá því að faðir hans hafi verið færasti leigumorðingi í heiminum, og að hann hafi verið drepinn deginum áður. Og að hann muni taka við af honum.

Wanted er byggð á samnefndum teiknimyndasögum eftir Mark Millar (sem ekki skal rugla við Frank Miller) og J.G. Jones. Myndinni er leikstýrt af Timur Bekmambetov, sem gerði garðinn frægan með hinni ofursvölu Night Watch. Líkt og með Night Watch gengur Wanted út á stílfærð, yfirkeyrð og ótrúverðug hasaratriði. Söguþráður myndarinnar er ekki upp á marga fiska, en í sjálfu sér fínn, en aftur á móti eru flest samtöl hallærisleg og illa skrifuð. En það er kannski ekki við öðru að búast þar sem myndin gengur út á ofursvalan og heiladauðan hasar.

Í raun eru aðalleikarar myndarinnar í aukahlutverki þar sem þeir flestir lúta lægri hendi fyrir stíl og hasaratriðum. James McAvoy, sem fór með aðalhlutverkið í Atonement, reynist vera prýðilegur hasarleikari og verður gaman að sjá hvort hann eigi eftir að leita í fleiri hlutverk á borð við þetta. Angelina Jolie er sama augnkonfektið og fyrri daginn, en lítið meira en það. Ekki er hægt að segja að það reyni eitthvað á leikhæfileika Morgans Freeman sem virðist leika núorðið í þremur til fjórum myndum á ári.

Leikstjóri myndarinnar Bekmambetov má eiga það að hann hefur svo sannarlega auga fyrir yfirkeyrðum og skemmtilegum stíl. Mörg hasaratriðin eru afar vel útfærð og leynast inn á milli góð gamanatriði sem létta myndina.

Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is



**KVIKMYNDIR**

**Wanted**

Leikstjórn: Timur Bekmambetov.
Aðalhlutverk: James McAvoy, Angelina Jolie, Morgan Freeman.

★★★

Ótrúverðug en vel útfærð og stílíseruð hasaratriði. Mynd fyrir þá sem vilja yfirkeyrðan hasar.



**EKTA ÍTALSKT** Alls bjóða tíu staðir á höfuðborgarsvæðinu upp á eldbakaðar pitsur og þeim fer fjölgandi.

# Eldbakaðar pitsur á hverju horni

**Það virðast engin takmörk vera fyrir vinsældum pitsu og reglulega bætast við pitsustaðir á höfuðborgarsvæðinu. Gæði pitsunnar eru þó jafn misjöfn og staðirnir eru margir, en færst hefur í aukana að fólk kjósi frekar að fá sér ekta eldbakaða pitsu á ítalska vísu.**

Alls eru tíu staðir á höfuðborgarsvæðinu sem bjóða upp á eldbakaðar pitsur og þeim fer fjölgandi. Eldsmiðjan sem hefur verið rótgróin í miðbæ Reykjavíkur frá árinu 1986 mun opna nýjan stað á Suðurlandsbraut um mánaðamótin og nýlega opnaði Rizzo pizzeria tvo nýja staði. Brynjar Steingrímsson, veitingastjóri Eldsmiðjunnar, vill þó ekki meina að umsvif Rizzo séu ástæða þess að þeir séu nú að opna nýjan stað.

„Það var löngu orðið tímabært að opna nýjan stað til að anna eftirspurn og minnka biðtímann. Það hefur alltaf verið mikið að gera hjá okkur og það hefur ekkert minnkað þó svo að fleiri staðir hafi bæst við. Það er til nóg af fólki sem vill eldbakaðar pitsur,“ segir Brynjar.

Aðrir staðir sem bjóða upp á eldbakaðar pitsur eru Castello í Kópavogi, Pizzuverksmiðjan í Lækjargötu, Reykjavík Pizza Company, Rossopomodoro, Caruso og Ítalía á Laugavegi. alma@frettabladid.is




# Byggir barnaspítala

Hótelerfinginn og skemmtanafíkillinn Paris Hilton hefur ákveðið að láta gott af sér leiða og ætlar að fjármagna viðbyggingu á barnaspítalanum í Los Angeles. Ekki fékkst uppgefið hversu há upphæðin er sem Paris lét af hendi rakna, en áætlað er að byggingin verði fullkláruð árið 2010. „Ég er svo ánægð og heppin að geta lagt mitt af mörkum við uppbygginu barnaspítalans. Þau börn sem ég hef kynnst í gegnum starf mitt hér hafa virkilega snortið mig,“ sagði Paris á blaðamannafundi. Paris hefur unnið sjálfboðastarf á spítalanum eftir að hún losnaði úr fangelsi, en stúlkan sat inni í 23 daga á síðasta ári fyrir ölvunarakstur. „Hin nýja spítalabygging mun veita gott og vinalegt umhverfi fyrir börnin og fjölskyldur þeirra um ókomin ár og ég er stolt af því að geta tekið þátt í starfi sem þessu þar sem ég get hjálpað börnum sem þurfa að takast á við alvarleg veikindi,“ sagði Paris jafnframt. Paris á víst ekki langt að sækja góðmennskuna því afi hennar, Barron Hilton, var efstur á lista yfir það fólk sem gaf hvað mest til hjálparstarfs í fyrra.



**PARIS HEFUR HINGAÐ TIL VERIÐ ÞEKKT FYRIR ANNAÐ EN GÓÐGERÐARMÁL.**

# Sumarið er tími kaffihúsanna

**Nú þegar sumarið er loksins komið til landsins vilja flestir nýta vel þá fáu sólardaga sem okkur er úthlutað. Margir sleikja sólina á bökkum sundlauga, aðrir leggja leið sína út á land og enn aðrir skella sér í miðbæinn þar sem þeir geta tyllt sér á kaffihús og notið veðurblíðunnar með svaladrykk sér við hönd.**



**GESTIR SLEIKJA SÓLINA** Útikaffihúsinu eru vinsæl á góðum sumardegi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sirkusportið fræga var mikið sótt á blíðviðrisdögum á meðan það var og hét. Þar safnaðist fólk á öllum aldri saman og naut sólarinnar. Þar var markaður, tónleikar haldnir, menn gátu tekið leik í backgammon og síðast en ekki síst, þar var ávallt skjól fyrir kaldri norðangolunni. Nú þegar þessi vin í eyðimörkinni er horfin verða menn að róa á önnur mið. Fréttablaðið gerði stutta úttekt á þeim kaffihúsum þar sem hægt er að eyða fallegum sólardögum í sumar.

Hressingarskálinn við Austurstræti er einn fárra veitingastaða sem geta státað af fallegum og gróðursælum garði. Hingað kemur breiður hópur fólks til þess að njóta veðurblíðunnar og sýna sig og sjá aðra. Á sumrin spila misgóðar hljómsveitir og trúbadorar í garðinum og hægt er að kaupa mat og drykk á viðráðanlegu verði.

Á bak við Te og kaffi, sem er til húsa í bókabúðinni Eymundsson á Austurstræti, er góður og skjólsæll pallur. Hingað sækja mikið nýbakaðar mæður og barnafólk með ungana sína og því er hér oft mikið og líf og fjör. Kaffidrykkjumenn hafa úr nægu að velja en þeir sem kjósa öl fram yfir kaffi ættu að leita annað.

Við Austurvöll eru allnokkur kaffihús og veitingastaðir þar sem hægt er að sitja úti á góðum sumardögum, þar á meðal eru Thorvaldsen og Kaffi París. Héðan er hægt að fylgjast með mannlífinu á Austurvelli en stundum hlýst ónæði af rónunum sem þar halda sig til.

Café Oliver er með ágæta veröndþar sem gestir geta notið sólarinnar og gætt sér á einum af þeim fjölda rétta sem staðurinn býður upp á. Hér er ágætt skjól en um helgar getur stundum verið erfitt að næla sér í borð.

Á bak við rokkbúlluna Dillon leynist ágætur garður með bekkjum og sviði þar sem ýmsar hljómsveitir og plötusnúðar skemmta gestum um helgar. Tónlistin er mismunandi eftir dögum og getur rúmað allt frá gömlum íslenskum slögurum yfir í þyngra rokk. Síðhærðir karlmenn í svörtum fötum eru áberandi meðal gesta en þó er hér að finna alla flóru mannlífsins.

Fyrir framan Qbar í Ingólfsstræti er lítill pallur þar sem fólk getur sest og fengið sér einn kaldann. Pallurinn snýr að götu þannig forvitnir geta fylgst með mannlífinu á meðan þeir sötra drykkinn sinn.

Vegamót eru enn einn vinsælasti staðurinn í bænum og útiaðstaðan pakkfyllist um leið og sést til sólar. Þolinmæði er það sem gildir ef fólk vill verða sér út um sæti hér.

Babalú er lítið kaffihús á Skólavörðustíg sem er með ágætar svalir þar sem hægt er að sleikja sólina þegar vel viðrar.

Café Flóra er í Grasagarðinum í Laugardal. Hér er hægt að setjast niður í fallegu og rómantísku umhverfi og fá sér veitingar á meðan maður nýtur sólarinnar og ilms af blómum. sara@frettabladid.is

# Föt Tonys Soprano seldust á 3,5 milljónir



TONY SOPRANO

Hið fornfræga uppboðshús Christie's í New York hélt á dögunum uppboð til styrktar hermönnum sem særst hafa í Íraksstríðinu. Meðal þeirra hluta sem hægt var að bjóða í voru blóðug föt mafíuforingjans Tonys Soprano úr samnefndum sjónvarpsþáttum. Fötin eru þau sömu og Tony klæddist þegar frændi hans, Uncle Junior, skaut hann í fyrsta þætti sjöttu þáttaraðar. Blóðidrifnar buxur, nærbolur og skyrta seldust fyrir 43.750 dollara, sem jafngildir um 3,5 milljónum íslenkra króna. Aðrir aðdáendur fengu þó líka tækifæri til að eignast flíkur sem átrúnaðargoðið hafði klæðst í þáttunum því í boði voru einnig önnur föt Tonys.










| ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 5:30 - 8D - 10:20D | 16 |
| WANTED | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| NARNIA 2 | kl. 2D - 5D - 8 - 10:40 | 7 |
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 | VIP |
| THE BANK JOB | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| INCREDIBLE HULK | kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:20 | 12 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 2 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| SPEED RACER | kl. 2 - 5 | L |
| NIM´S ISLAND | kl. 2 | L |

| KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| WANTED DIGITAL | kl. 6D - 9D - 11:15P-D | 16 |
| NARNIA 2 DIGITAL | kl. 3D - 6D | 7 |
| THE BANK JOB | kl. 9 - 11:15 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |
| SPEED RACER DIGITAL | kl. 3D | L |

| SELFOSS | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| FORBIDDEN KINGDOM | kl. 8 | 12 |
| THE HAPPENING | kl. 10:20 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 | 7 |
| SPEED RACER | kl. 2 | L |
| ZOHAN í síðasta sinn | kl. 5:30 | 10 |

| AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 8 - 10 | 12 |
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 - 8 - 10:30 | 7 |
| SPEED RACER | kl. 2 | L |
| NIM´S ISLAND | kl. 4:20 | 12 |

| KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| WANTED | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 2 - 5 | 7 |
| SPEED RACER | kl. 2 | L |
| INCREDIBLE HULK | kl. 5 - 8 - 10:20 | 12 |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BIG STAN | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| CRONICLES OF NARNIA 2 | kl. 1D - 4D - 7D - 10D | 7 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SEX AND THE CITY LÚXUS | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |
| ZOHAN | kl. 1 - 3.20 - 5.40 - 8 - 10.30 | 10 |
| HORTON ÍSLENSKT TAL | kl. 1 - 3 | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. SUMARTILBOÐ

| | | |
|---|---|---|
| HAPPENING | kl. 3.30 - 5.50 - 8 - 10.10 | 16 |
| MEET BILL | kl. 3.30 - 5.50 - 8 | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 4 - 7 - 10 | 14 |
| ZOHAN | kl. 3.30 - 8 - 10.30 | 10 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 10.20 | 12 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 ENSKUR TEXTI | 7 |

allar myndir - allar sýningar - alla daga í allt sumar

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BIG STAN | kl. 3.20 - 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| KJÖTBORG | kl. 3 - 4 ENSKUR TEXTI | |
| MEET BILL | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| THE HAPPENING | kl. 8 - 10 | 16 |
| SEX AND THE CITY | kl. 3 - 6 - 9 | 14 |
| INDIANA JONES | kl. 3 - 5.30 | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BIG STAN | kl. 3.30 - 8 - 10 | 12 |
| SEX AND THE CITY | kl. 3.30 | 14 |
| THE INCREDIBLE HULK | kl. 5.50 - 8 | 12 |
| THE HAPPENING | kl. 6 - 10.10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




500 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| WANTED- POWER / DIGITAL | kl. 5.50, 8 og10.10(P) | 16 |
| NARNIA 2 | kl. 2 og 5 | 7 |
| SEX AND THE CITY | kl. 2, 6, 9 og 10.30 | 14 |
| INDIANA JONES 4 | kl. 2 | 12 |


# Björk mætir en Hannes og Friðrik gera eitthvað annað

**Náttúrutónleikarnir fara fram í kvöld og er búist við miklu fjölmenni því sjálfir höfuðsnillingar íslensku tónlistarútrásarinnar ætla að spila ókeypis, Björk og Sigur Rós. Á milli þeirra, eins og „krækiber í helvíti“, verður Ólöf Arnalds að spila nýtt efni í bland við gamalt.**



### ALLIR Í DALINN?

Náttúrutónleikarnir fara fram í Laugardalnum í kvöld. **Hannes Hólmsteinn** verður á Þjóðarbókhlöðunni, **Friðrik Sophusson** er latur við að vera einn í fjölmenni en **Björk Guðmundsdóttir** mætir pottþétt.



Það hefur lengi loðað við náttúru-umræðuna að fólki er skipt í tvo hópa eftir skoðunum sínum. Til hafa orðið staðalímyndir. Annars vegar er það trjáfaðmandi „soja latté“-fólk, sem heldur að fjallagrasatínsla sé framtíðin; hins vegar eitilharðir verksmiðjusinnar sem hætta ekki fyrr en síðasta sprænan er virkjuð og landið orðið ein allsherjar álbræðsla. Það er auðvitað löngu vitað að fulltrúar fyrri staðalímyndaða hópsins fjölmenna í Laugardalinn, en hvað með seinni hópinn?

„Ég er nú bara önnum kafinn í grúski í Þjóðarbókhlöðunni þessa dagana og kemst ekki,“ segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor. Hann skrifaði síðast grein í Fréttablaðið í gær undir fyrirsögninni Fleiri virkjanir!, en tók fram að nýjar virkjanir yrðu að vera arðbærar og umhverfisvænar. Þetta hljómar væntanlega sem fínasta framtíðartónlist í eyrum Friðriks Sophussonar, forstjóra Landsvirkjunar. „Konan er í Suður-Afríku og fjórtán ára dóttir mín í Vestmannaeyjum, svo ég held ég fari frekar í bústaðinn eða í golf,“ segir hann. „Ég er voða latur við að vera einn í fjölmenni.“

Friðriki líst ágætlega á tónleikana og virðir þær skoðanir sem þar koma fram. Honum finnst það þó mótsögn þegar Björk segist ekki selja sig – „Það væri nú eitthvað sagt ef við legðum pening í þetta,“ segir hann. „Þá væri sagt að við værum að kaupa okkur inn á vinsældir Bjarkar. En fyrst það er Mogginn með tíu heilsíðuauglýsingar og Jakob Frímann með 4 milljóna framlag frá borginni þá virðist það allt í lagi.“

Björk og Friðrik eru náskyld og Gabríela, dóttir Friðriks, er náin vinkona Bjarkar. Þótt Björk og Friðrik séu á öndverðum meiði í skoðunum sínum segir Friðrik fjölskylduboðin síður en svo einkennast af rifrildi um þessi tilfinningaþrungnu mál. „Einu sinni ætlaði ég að fara eitthvað að tala um þetta við hana, en þá sagði hún bara að ég ætti ekki að taka þetta svona persónulega. Svo var það ekki rætt meira.“

Náttúrutónleikarnir fara fram í Þvottalaugabrekkunni í Laugardal í dag og hefjast kl. 17. Búast má við Björk á svið um kl. 19.

gunnarh@frettabladid.is





TILBOÐSVERÐ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ




SparBíó 550kr laugardag og sunnudag SAMbio.is SAMBÍÓIN



| NARNIA 2 | SEX AND THE CITY | HULK | SPEED RACER | Indiana Jones 4 | NIMS ISLAND |
|---|---|---|---|---|---|
| kl. 2 í Álf., á Self., Ak., og í kefl., kl. 3 í Kringl., | kl. 3 í Kringlunni | kl. 2 í Álfabakka og kl. 5. í Keflavík | kl. 2 í Álf., á Self., Kefl., og á Akureyri, kl. 3 í kringlunni | kl. 2 í Álfabakka | kl. 2 í álfabakka og kl. 4:20 á Akureyri |

# Plast í Kolaportinu



**STEYPTIR Í PLAST** Sprengjuhöllin og Hjaltalín kynna vínyl í Kolaportinu í dag.

Gamla góða vínylplatan er í blússandi uppsveiflu og nú eru tvær af betri plötum síðasta árs komnar út á þessu fornfræga formi. Sprengjuhöllin hefur sett Tímana okkar á tvöfalt lúxusplast og leggur fjórðu plötuhliðina undir aukaefni. Platan Sleepdrunk Seasons með Hjaltalín er líka komin á plast, en sú plata er einföld. Hljómsveitirnar ætla að kynna þessa útgáfu sína í dag í Kolaportinu á milli kl. 13 og 15. Það er heppileg staðsetning enda hvergi meira úrval af vínylplötum á landinu nú um stundir. Plöturnar verða boðnar á tilboðsverði og hljómsveitirnar leika órafmagnað fyrir gesti og gangandi.

# Flottur íslenskur púki

Grími Atlasyni finnst ekkert sérstaklega gaman að slappa af. Þegar hann missti vinnuna sem bæjarstjóri Bolungarvíkur fór hann á fullt við að finna sér eitthvað að gera. Þá lá auðvitað beinast við að halda innihátíðina Innipúkann, sem hann hafði gert oft áður, og það ætlar hann að gera um verslunarmannahelgina.

„Ég ætla að fá fullt af góðu fólki með mér í þetta,“ segir Grímur. Innipúkinn hefur verið haldinn árlega síðan 2002 svo þetta verður sjötti púkinn. Í fyrra var hátíðin lágstemmd en árið áður var blásið í herlúðra og erlendar hljómsveitir fluttar inn í kippum á hátíðina. Grímur segir Innipúkann í ár verða mitt á milli þessara tveggja síðustu Innipúka að umfangi: „Þetta verður flottur íslenskur púki. Við höldum þetta á Nasa, föstudags og laugardagskvöld frá því um kvöldmatarleytið og fram á nótt. Það verða bara íslensk bönd og það verður tilkynnt hver þau verða í næstu viku. Innipúkinn verður kynntur á sama hátt og alltaf, sem valkostur fyrir þá sem nenna ekki að fara út úr bænum um verslunarmannahelgina. Með bensínverðið eins og það er og þá glæsilegu dagskrá sem mér sýnist þetta stefna í, held að það ætti að verða þokkalega pakkað.“ - glh



**HELDUR SJÖTTA INNIPÚKANN** Grímur Atlason vill hafa nóg að gera.



**SPILAR HANN Í ÁR?** Mugison sló í gegn á Innipúkanum 2003 og hefur oft spilað á honum síðan.



**SVALUR** Sebastien Tellier.

# Miðasala hafin

**Hinn ofursvali Sebastien Tellier ásamt hljómsveit heldur tónleika á Rúbín í Öskjuhlíð 28. ágúst næstkomandi. Miðasala er nú hafin á midi.is, í Skífunni og verslunum BT á landsbyggðinni. Sebastien vakti mikla athygli á Íslandi þegar hann keppti fyrir Frakklands hönd í Eurovision í maí og fékk heil átta stig frá okkur. Nýjasta plata Sebastiens heitir Sexuality og er hið flotta Eurovisionpopplag Divine einmitt á henni.**

# Rhys á æskuslóðir

**Og enn fleiri fréttir af sambandsslitum Siennu Miller og Rhys Ifans. Rhys, sem er velskur, ætlar nú að eyða tvemur vikum á heimaslóðunum til þess að reyna að ná áttum. Leikarinn hefur hingað til drekkt sorgum sínum á öldurhúsum Londonborgar. „Hann veit að nú er komið nóg og hann ætlar aftur til Wales til þess að taka því rólega í tvær vikur. Hann hyggst eyða einhverjum tíma í Cardiff en líka slappa af í sveitasælunni,“ sagði vinur leikarans. Eftir afslöppunina hyggur Rhys á tónleikaferðalag um Bretland með hljómsveit sinni The Peth. Til gamans má geta að Rhys var til skamms tíma söngvari velsku rokksveitarinnar Super Furry Animals.**

# Tískusýning

**Seinustu þrjár helgar hefur verið þemamarkaður á Organ. Þemað þessa helgina er ungir hönnuðir á uppleið. Í dag klukkan þrjú er tískusýning einnig á boðstólnum. Fimm hönnuðir sýna að þessu sinni. Þá er einnig boðist til þess að klippa hár markaðsgesta og DJ Tara þeytir skífum yfir grillinu. Allir hönnuðurnir eru ungir og óþekktir. „Eina skilyrðið er að þú hafir búið til vöruna þína sjálfur,“ segir Gígja Ísis Guðjónsdóttir, annar skipuleggjanda. Hún segir markmiðið að kynna þessa nýju hönnuði fyrir landanum. En verðið rýkur ekki upp þó um íslenska hönnun sé að ræða. „Þetta snýst um að fólk geti keypt vörur á sanngjörnu verði, svona til tilbreytingar.“ Hún segir markaðinn ganga vel. „Það er búið að vera svo fínt veður.“ Markaðurinn er frá 14-19 alla föstudaga og laugardaga.** -kbs



# Europris

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**

# Halló



**99**

**SALERNISPAPPÍR**

- 8 rúllur
- Miljø-spar



**49.990**

**GARÐHÚSGÖGN**

- 2 stólar, borð og sófi



OBH NORDICA

**8.990**

**BJÓRDÆLA**

- OBH Nordica
- 5 ltr



**19.990**

**GARHÚSGAGNASETT**

- 4 hlutir
- Sessur, kr 2490 pr stk, tveir litir



MEÐ ÖRYGGISNETI!

**13.990**

**BARNATRAMPÓLÍN**

- Með öryggisneti
- 1,83 m



**2490**

**VÖKVASLANGA**

- 15 metrar



**1990**

**GARÐSLANGA**

- 20 metrar, Supaflex

Opið frá kl. 9 til 20 um virka daga og frá kl. 10 til 18 um helgar

## Ný Europris verslun hefur opnað að Baldursnesi 8, Akureyri.

MIKIÐ fyrir LÍTIÐ

PEPSI, 33 CL
49

# Akureyri!

**29.990**
GASGRILL
- 3 brennarar + hliðarhella
- Yfirbreiðsla, kr 4290

**199**
EINNOTA GRILL
- Skiljið ekki grillið eftir út í náttúrunni!

1 ltr

**199**
FAIRY UPPÞVOTTALÖGUR
- 1 ltr

**199**
GRILLKOL
- 2 kg

**990** pr. stk
BÓMULLARSKYRTA
- 100% bómull
- Margir litir

**79**
BOMBA ORKUDRYKKKUR
- 250 ml

**59**
7UP
- 33 cl

**59**
COCA COLA
- 33 cl

**49**
FAXE KONDI
- 33 cl

**16.990**
HÁÞRÝSTIDÆLA
- 120 bör
- Með verandahreinsi

BLACK & DECKER

**7990**
HÁÞRÝSTIDÆLA
- Compact
- 110 bör
- 1300 W

## Tilboðin gilda í öllum verslunum Europris

www.europris.is

Fiskislóð / Lynghálsi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

### > Komin verkefni fyrir landsliðið

Undirbúningur íslenska handboltalandsliðsins fyrir ÓL í Peking er að komast á hreint. Spænska landsliðið mun að öllum líkindum sækja Ísland heim 18. og 19. júlí og spila tvo leiki við strákana okkar. Í kjölfarið heldur landsliðið til Frakklands þar sem það tekur í þátt í þriggja liða móti með Frökkum, Spánverjum og Egyptum. Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, sagði að einnig yrði reynt að fá verkefni skömmu fyrir brottför til Kína og jafnvel kæmi til greina að fá leik í Peking.



**sport**
sport@frettabladid.is

**ÞÓRA B. HELGADÓTTIR:** SEGIR LAUGARDALSVÖLL VERA BESTA HEIMAVÖLL Í EVRÓPU

## *Sér ekki eftir því að eyða sumarfríi í landsliðið*



Stelpurnar í íslenska landsliðinu fögnuðu 7-0 sigrinum á Grikkjum með því að horfa á undanúrslit EM og borða síðan saman í höfuðstöðvum KSÍ. Rakel Hönnudóttir sló svo í gegn með gítarspili í hófi heima hjá Katrínu Ómarsdóttur. Katrín sjálf ku hafa látið gítarinn í friði en hún hefur þó gefið út að hún sé afbragðs gítarleikari.

Þóra B. Helgadóttir, markmaður liðsins, sér ekki eftir því að hafa snúið aftur í landsliðið. Hún hætti að gefa kost á sér vegna mikilla anna í vinnu en eftir meiðsli Guðbjargar Gunnarsdóttur sneri hún aftur. Hún vinnur hjá DHL í Belgíu þar sem hún spilar með Anderlecht.

„Ég nota sumarfríið mitt til að spila með landsliðinu en það er ekkert slæmt. Ég fæ eitthvert frí um jólin," sagði Þóra glaðbeitt. Hún gefur áfram kost á sér í landsliðið en hún hafði ekki mikið að gera í síðustu tveimur leikjum.

Enn hefur ekki verið ákveðið hvort spilaður verði vináttuleikur eða -leikir til undirbúnings fyrir leikinn gegn Frökkum, mikilvægasta leik í sögu íslenskra landsliða. „Ég er á báðum áttum hvort við eigum að spila leik, það væri mjög fínt þar sem þessir síðustu tveir leikir voru frekar auðveldir," sagði Þóra sem fékk á sig fjögur skot að markinu, og aðeins eitt á markið í leikjunum gegn Slóvenum og Grikkjum. „En það má ekki gleyma því að það er mikið álag á stelpunum um þetta leyti. Það er mikið spilað hér heima og Valur fer í Evrópukeppnina. Menn verða kannski fyrir álagsmeiðslum og slíkt. Það verður væntanlega farið vel yfir þetta," sagði Þóra en tímabilið hennar hjá Anderlecht hefst um miðjan ágústmánuð.

Þóra er vítaskytta Anderlecht og viðurkennir hún að hafa vonast eftir því að Ísland fengi vítaspyrnu gegn Grikkjum. „Ég var að vonast eftir því að skora úr víti. Ég hef reynt að gerast vítaskytta landsliðsins en án árangurs," sagði Þóra kímin en hún mat mikils stuðning áhorfenda á Laugardalsvelli.

„Stuðningurinn var alveg frábær. Ég held að þetta sé besti heimavöllur í Evrópu. Það er þessi stuðningur sem við munum sakna hvað mest úti í Frakklandi," sagði Þóra.






# Kiel til í að greiða um 100 milljónir fyrir Alfreð

**Þýskir fjölmiðlar hafa greint frá því að þýska stórliðið Kiel ætli sér að ráða Alfreð Gíslason sem næsta þjálfara félagsins. Kiel er talið vera tilbúið að greiða Gummersbach um 100 milljónir til að fá Alfreð strax en það er einstök upphæð.**

**HANDBOLTI** Sigursælasta félag Þýskalands síðustu ár og að margra mati besta félagslið heims, Kiel, er við það að ná samningum við Alfreð Gíslason. Hinn sigursæli Noka Serdarusic er hættur að þjálfa félagið eftir fimmtán ára veru en á þessum fimmtán árum gerði hann félagið ellefu sinnum að þýskum meisturum. Kiel vann meðal annars tvöfalt í ár og þrefalt í fyrra. Það var Ciudad Real sem stóð í vegi fyrir því að Kiel ynni aftur þrefalt.

Eftir því sem þýskir fjölmiðlar greindu frá í gær er málið langt komið og er búist við því að Alfreð skrifi undir fljótlega. Kiel þarf að greiða vel til að fá Alfreð en hann er samningsbundinn Gummersbach til 2010. Kiel hefur boðið Gummersbach 750 þúsund evrur til að losa Alfreð undan samningi en það eru rúmlega 95 milljónir íslenskra króna. Talið er að Gummersbach hafi einfaldega ekki efni á að hafna slíku tilboði.

Gangi félagið að tilboðinu, sem talið er að það geri, verður Alfreð dýrasti þjálfarinn í sögu þýsku úrvalsdeildarinnar en aldrei hefur slík upphæð verið greidd fyrir þjálfara áður í þýska boltanum.

Málið er það langt komið að Gummersbach er þegar talið vera búið að semja við Bosníumanninn Sead Hasanefendic um að taka við liðinu. Hann er þjálfari Túnis sem stendur en þjálfaði Gummersbach á árum áður og er þess utan búsettur í bænum.

Talið var að fimm þjálfarar kæmu til greina sem arftakar Serdarusic. Ásamt Alfreð var talað um Staffan Olsson, Magnus Andersson, Ola Lindgren og svo var einnig talið koma til greina að Stefan Lövgren yrði tímabundið þjálfari liðsins. Þýska blaðið Kölner Express hélt því aftur á móti fram að það væri enginn slíkur listi í gangi. Alfreð Gíslason væri listinn hjá Kiel.



**Á LEIÐ TIL BESTA FÉLAGS HEIMS?** Alfreð Gíslason gæti orðið dýrasti þjálfarinn í sögu þýsku úrvalsdeildarinnar fari svo að hann taki við Kiel sem margir telja besta félagslið heims. Kiel er tvöfaldur meistari í Þýskalandi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Uwe Schwenker, framkvæmdastjóri Kiel, sagði í viðtölum í gær að Kiel vildi fá norrænan þjálfara og tók sérstaklega fram að Alfreð Gíslason uppfyllti allar þær kröfur sem félagið gerði til næsta þjálfara.

Að Alfreð sé talinn líklegastur allra til að taka við Kiel segir meira en mörg orð um orðspor hans sem þjálfara. Kiel er gríðarlega sigursælt félag með marga af bestu handboltamönnum heims innan sinna raða. Félagið á mikið af peningum og að þjálfa Kiel er draumur flestra þjálfara.

Fari svo að Alfreð yfirgefi Gummersbach verður Róbert Gunnarsson eini Íslendingurinn eftir í herbúðum félagsins. Guðjón Valur Sigurðsson er farinn til Rhein Neckar Löwen og Sverre Jakobsson er farinn í HK. Serdarusic er reyndar orðaður við Löwen í þýskum fjölmiðlum en ljóst er að mörg félög renna hýru auga til þessa frábæra þjálfara sem af mörgum er talinn vera sá besti í heiminum.

Alfreð sagði við Fréttablaðið í gær að hann gæti ekkert tjáð sig að svo stöddu. **henry@frettabladid.is**






Eric Cantona er ekki að skafa utan af hlutunum:

## Verð besti stjóri í heimi

**FÓTBOLTI** Sjálfstraustið og hrokinn í Eric Cantona hefur ekkert minnkað þótt það séu meira en tíu ár liðin síðan hann lagði skóna á hilluna.

Cantona hefur ekki áhuga á að taka við franska landsliðinu þótt hann haldi því fram að hann myndi gera miklu betri hluti en fyrrverandi þjálfari, Raymond Domenech, eða líklegur eftirmaður hans, Didier Deschamps.

„Ég ætla að snúa aftur í ellefu manna fótbolta til að verða besti stjóri í heimi. Ég ætla nálgast starfið eins og listamaður og gefa fótboltanum eitthvað nýtt," sagði Cantona kokhraustur en hann hefur þjálfað franska strandfótboltalandsliðið að undanförnu.

„Auðvitað væri ég langbesti kosturinn til þess að taka við franska landsliðinu. Deschamps mun bara taka upp þráðinn frá Domenech en undir minni stjórn myndi liðið spila miklu fallegri fótbolta," sagði Cantona sem vill stjórna Man. Utd eða enska landsliðinu í næstu framtíð. **- óój**



**GUÐS GJÖF** Eric Cantona vill verða stjóri í Englandi. NORDICPHOTOS/GETTY

Margrét Lára Viðarsdóttir er búin að skora þrettán A-landsliðsmörk á þessu ári:

# Metár hjá „Marka-Láru“

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir setti nýtt met í leiknum á móti Slóveníu á laugardaginn þegar hún varð fyrsti A-landsliðsmaður Íslands, karla eða kvenna, til þess að skora tíu landsliðsmörk á einu ári. Hún bætti síðan tveimur mörkum við í stórsigri á Grikkjum í fyrrakvöld. Margrét Lára er nú komin með þrettán mörk í þeim átta leikjum sem hún hefur spilað á þessu ári og hefur þar með bætt met sitt (frá 2006 og 2007) um fimm mörk þó að enn séu að minnsta kosti tveir leikir eftir á árinu.

Margrét Lára hefur náð þeim glæsilega árangri að skora í öllum sjö leikjum íslenska liðsins í undankeppninni og enn fremur í átta leikjum í röð í undankeppni HM eða EM.

Margrét Lára hefur alls skorað ellefu mörk í undankeppni EM og er sem stendur markahæsti leikmaður undankeppninnar.

Margrét Lára er aðeins á 22. aldursári en hefur þegar náð að skora 42 mörk fyrir A-landsliðið, sem er nítján mörkum meira en sú sem kemur næst á listanum, Ásthildur Helgadóttir. Margrét Lára hefur enn fremur skorað 31 marki fleira en næsti leikmaður liðsins í dag en Katrín Jónsdóttir hefur skorað ellefu mörk. **- óój**

**A-LANDSLEIKIR OG MÖRK MARGRÉTAR 2008:**

| | | |
|---|---|---|
| Ísland-Pólland | 2-0 | 1 |
| Ísland-Írland | 4-1 | 2 |
| Ísland-Portúgal | 3-0 | 2 |
| Ísland-Finnland | 3-0 | 1 |
| Ísland-Finnland | 0-0 | 0 |
| Ísland-Serbía | 4-0 | 2 |
| Ísland-Slóvenía | 5-0 | 3 |
| Ísland-Grikkland | 7-0 | 2 |

**LANDSLIÐSFERILL MARGRÉTAR LÁRU:**

| | |
|---|---|
| 2008 | 8 leikir, 13 mörk |
| 2007 | 9 leikir, 8 mörk |
| 2006 | 8 leikir, 8 mörk |
| 2005 | 4 leikir, 2 mörk |
| 2004 | 9 leikir, 6 mörk |
| 2003 | 5 leikir, 5 mörk |
| Samtals: 43 leikir, 42 mörk | |

**FLEST A-LANDSLIÐSMÖRK Á EINU ÁRI:**

13 - Margrét Lára Viðarsdóttir 2008
8 - Margrét Lára Viðarsdóttir 2007
8 - Margrét Lára Viðarsdóttir 2006
6 - Margrét Lára Viðarsdóttir 2004
6 - Rakel Ögmundsdóttir 2000



**1,6 MÖRK Í LEIK** Margrét Lára hefur raðað inn mörkum á árinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**DAVÍÐ** Þekkir þjálfara Fram frá fyrri tíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fram fær nýjan markmann:

## Davíð Svansson í Safamýrina

**HANDBOLTI** Fram hefur samið við markmanninn Davíð Svansson sem féll með liði Aftureldingar á síðasta tímabili. Davíð hugnaðist ekki að spila í 1. deildinni. Framarar misstu Björgvin Pál Gústavsson sem hefur samið við Bittenfeld í Þýskalandi en Davíð kemur í markið í hans stað.

Davíð þekkir til Viggós Sigurðssonar, þjálfara Fram, frá því á tíma sínum með ungmennalandsliði Íslands sem Viggó þjálfaði á sínum tíma. **- hþh**

Heiðar á förum frá Bolton?

## Samkeppnin eykst í Bolton

**FÓTBOLTI Enska úrvalsdeildarfélagið Bolton festi í gær kaup á sænska landsliðsmanninum Johan Elmander frá Toulouse. Elmander er sóknarmaður líkt og Daniel Braaten sem fór til franska félagsins í skiptum auk níu milljóna punda.**

**Heiðar Helguson er á mála hjá Bolton. Hann hefur í enskum fjölmiðlum undanfarið verið orðaður við Notthingham Forest og Coventry. Síðarnefnda liðinu stýrir Chris Coleman sem fékk Heiðar til Fulham á sínum tíma. Heiðar er talinn falur fyrir 1,5 milljónir punda. - hþh**



**FAGNAÐ** Fylkir mætir FK Riga á morgun og gæti fengið sumarglaðning með því að komast áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Fylkir mætir FK Riga:

## 6,4 milljóna króna leikur

**FÓTBOLTI** Það er mikið í húfi hjá Fylki á morgun. Fylkir mætir FK Riga í seinni leiknum í fyrstu umferð Intertoto-keppninnar en eftir þrjár umferðir fara ellefu lið inn í aðra umferð UEFA-keppninnar. Fylkir vann fyrri leikinn úti í Lettlandi 2-1 og með sigri á Laugardalsvellinum á morgun fær Fylkir dágóða sumaruppbót, 6,4 milljónir íslenskra króna. Það er sú upphæð sem sigurliðið í hverri umferð fær en ef Fylkir kemst áfram mætir það Bohemian frá Írlandi í næstu umferð. **- hþh**



## > Ethan Hawke

„Ég held að maður geti miklu meira en aðrir gefa manni tækifæri til að sýna. Þess vegna skiptir miklu máli að maður skapi sér sjálfur tækifærin.“ Hawke leikur í kvikmyndinni Gattaca sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI NENNIR EKKI AÐ HAFA ÁHUGA Á FÓTBOLTA LENGUR

# *Lífið í sinni tærustu mynd?*

Ekki er langt síðan menningarvitar fúlsuðu við fótbolta og datt ekki í hug að þykjast hafa áhuga á honum. Breyting varð á þessu í kringum 1995 þegar strákakúlturinn (e. „laddism“) varð ríkjandi í Englandi og smitaðist hingað. Áður hafði fótbolti verið eitthvað sem verkalýðurinn einn hafði leyfi til að hanga yfir en nú gaf millistéttarlið eins og popparinn Damon Albarn úr Blur og rithöfundurinn Nick Hornby menningarlegt leyfi á að fíla fótbolta. Karllægar athafnir eins og að hanga á pöbbnum og glápa á fótbolta urðu „inn“.

Nú þykir fótbolti ægilega djúpt metafor fyrir sjálfa tilveruna. Tuttugu og tveir að sparka einum bolta á milli sín er ekki bara það heldur svo miklu meira, segja menn eins og Hallgrímur Helgason og Þorsteinn Joð djúpspakir hver um annan þveran og röfla sig hása yfir dýrðinni. Sparkið á vellinum og gargandi áhorfendurnir í stúkunni þykja eiginlega lífið sjálft í sinni tærustu mynd: Allar tilfinningar mannsins, væntingar, gleði og sorg koma saman í brennipunkti leiksins, bla bla bla. Svakalega er ég orðinn leiður á þessu kjaftæði.



**ÞJÓÐVERJAR EÐA SPÁNVERJAR EVRÓPUMEISTARAR?** Hverjum er ekki sama!?

Ekki það að ég hafi ekki reynt. Ég mætti á leiki Breiðabliks og reyndi að draga nördavini mína bölvandi með. Ég keypti mér landsliðstreyju Kamerún með númeri Roger Milla. Ég vaknaði eldsnemma til að sjá leiki á pöbbum þegar heimsmeistarakeppnin var haldin í Japan. Ég reyndi í einlægni að hafa brennandi áhuga á þessu og ég er ekki frá því að það hafi tekist um tíma.

En í ár er ég bara alveg dofinn fyrir þessu. Ég hreinlega nenni ekki að hafa áhuga á fótbolta lengur. Svo er auglýsingaáreitið í kringum þetta svo geigvænlegt að manni verður óglatt. Það er svo margt annað merkilegra hægt að gera en að æsa sig yfir því hvort Þjóðverjar eða Spánverjar verði Evrópumeistarar. Eins og til dæmis að japla á hundasúrum í Esjunni.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.00** PGA Tour 2008 - Buick Open Beint — STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.00** So You Think You Can Dance — STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.05** Bergmálsströnd (Echo Beach) — SJÓNVARPIÐ



▶ **20.25** Cow Belles — STÖÐ 2



▶ **21.00** King of Queens — SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** Gurra grís, Lítil prinsessa, Herramenn, Snillingarnir, Bitte nú!, Pip og Panik, Skúli skelfir, Hrúturinn Hreinn og Leyniþátturinn.

**10.00 Einu sinni var... - Maðurinn**

**10.30 Kastljós** (e)

**11.05 Skiptinemar** (Student Exchange)

**12.40 Saga rokksins**

**13.35 Í föðurleit** (What a Girl Wants) (e)

**15.20 Maríumyndir** (Picturing Mary) (e)

**16.20 Mansfield Park** (Mansfield Park)

**17.55 Táknmálsfréttir**

**18.05 Tímaflakk** (Doctor Who II) (3:13)

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.35 Veður**

**19.40 Sápugerðin** (Moving Wallpaper)

▶**20.05 Bergmálsströnd** (Echo Beach) Bresk sápuópera um viðburðaríkt líf þeirra Susan, Daniels, og Marks í strandbænum Polnarren á Cornwall-skaga.

**20.30 Jötuninn ógurlegi** (Hulk) Bandarísk ævintýramynd með Eric Bana og Jennifer Connelly í aðalhlutverkum.

**22.45 Blóðsuga í meðferð** (Vampires Anonymous) Bandarísk gamanmynd frá 2003. Aðalhlutverk: Paul Popowich, Michael Madsen og Judith Scott.

**00.15 Í loft upp** (Blown Away) Bandarísk spennumynd. Maður lætur lífið í sprengingu í Boston og sprengjusérfræðingur sem rannsakar málið grunar að þar hafi gamall vinur hans verið að verki. Aðalhlutverk Jeff Bridges og Tommy Lee Jones. (e)

**02.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Ella Enchanted**

**10.00 Robots**

**12.00 My Super Ex-Girlfriends**

**14.00 Big Momma's House 2**

**16.00 Ella Enchanted**

**18.00 Robots**

**20.00 My Super Ex-Girlfriends**

**22.00 Gattaca** Vísindaskáldsaga sem gerist í framtíðinni þar sem mönnum er skipt niður í stéttir eftir erfðaeiginleikum. Aðalhlutverk: Ethan Hawke og Umu Thurman.

**00.00 Inside Man**

**02.05 A Home at the End of the World**

**04.00 Gattaca**

**06.00 Be Cool**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Gordon Garðálfur, Funky Walley, Refurinn Pablo og Hlaupin.

**07.55 Algjör Sveppi** Sveppi sýnir börnunum teiknimyndir með íslensku tali.

**09.35 Ben 10**

**10.00 Íkornastrákurinn**

**10.25 Doctor Dolittle 3** Sjálfstætt framhald sögunnar um Dagfinn dýralækni en nú er komið að dóttur hans að nota hæfileikann til að tala við dýr.

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.30 Bold and the Beautiful**

**12.50 Bold and the Beautiful**

**13.10 Bold and the Beautiful**

**13.30 Bold and the Beautiful**

**13.50 Bold and the Beautiful**

**14.15 So you Think you Can Dance**

**15.45 Monk** (2:16)

**16.30 Curb Your Enthusiasm** (5:10)

**17.00 Two and a Half Men** (8:24)

**17.25 Sjáðu**

**17.55 Sjálfstætt fólk** Jón Ársæll Þórðarson ræðir við áhugavert fólk um lífshlaup þess og viðhorf.

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.10 Creature Comforts** (4:7) Þættir frá höfundum Wallace og Gromit þar sem hin skrautlegustu dýr eru í aðalhlutverkum. Fléttan er síðan sú dýrin þessi eiga í misgáfulegum samræðum sem fengnar eru beint að láni frá mannfólkinu. Útkoman er vægast sagt dýrslega fyndin.

**19.35 Primeval** (4:6) Sérstaklega vandaðir og æsispennandi þættir um hóp vísindamanna sem rannsaka hvað gerist þegar undarleg frávik í tíma eiga sér stað víðsvegar í Englandi. Óheppileg hliðarverkun veldur því að risaeðlur eiga nú greiðan aðgang inn í nútímann og það gerir rannsóknarhópnum mun erfiðara fyrir.

▶**20.25 Cow Belles** Ný fjölskyldumynd frá Disney um tvær ofdekraðar unglingssystur sem ganga endanlega fram af foreldrum sínum og eru sendar í sveit til að hugsa ráð sitt. Sveitalífið gæti ekki verið þeim meira framandi og þar lenda þær í mörgum ævintýrum.

**22.00 The Guardian**

**00.15 Hide and Seek**

**01.50 The Dreamers**

**03.40 Deliberate Intent**

**05.05 Curb Your Enthusiasm** (5:10)

**05.35 Fréttir**

## SPORT *besta sætið*

**10.00 Inside the PGA**

**10.25 PGA Tour 2008 - Hápunktar**

**11.20 Kaupþings mótaröðin 2008**

**12.20 Science of Golf**

**12.45 World's Strongest Man** Sterkasti maður heims 1990.

**13.45 Man. Utd. - Real Madrid** Liðin mættust í 8 liða úrslitum Meistaradeildarinnar árið 2000. Rauðu djöflarnir höfðu titilinn að verja og stóðu vel fyrir síðari leikinn á Old Trafford eftir markalaust jafntefli á Spáni.

**15.25 Landsbankadeildin 2008** Valur-FH

**17.15 Landsbankamörkin 2008** Allir leikirnir, öll mörkin og bestu tilþrifin í umferðinni skoðuð.

**18.15 Sumarmótin 2008 - Kaupþingsmótið** Fjallað um Kaupþingsmótið sem haldið var á Akranesi fyrr í sumar.

▶**19.00 PGA Tour 2008 - Buick Open** Bein útsending frá Buick Open í golfi en mótið er hluti af PGA mótaröðinni.

**22.00 Ali/s Dozen** Þáttur um Muhammad Ali þar sem farið er yfir mikilvægustu augnablikin á hnefaleikaferli hans.

**22.50 Box - Felix Trinidad - Roy Jones Jr.** Útsending frá bardaga 19. janúar.

## SPORT 2

**16.00 Bestu leikirnir** Man. Utd. - Arsenal

**17.45 10 Bestu - Sigurður Jónsson** Fimmti þátturinn í þáttaröð um tíu bestu knattspyrnumenn Íslandssögunnar.

**18.35 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.

**19.35 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum hliðum.

**20.05 Football Rivalries** Fjallað verður um ríg spænsku stórveldanna Barcelona og Real Madrid, innan vallar sem utan.

**21.00 EM 4 4 2** Íþróttafréttamenn Stöðvar 2 Sport ásamt sérfræðingum renna yfir hvern leikdag á EM.

**21.30 PL Classic Matches** West Ham - Sheffield Wed, 99/00. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.00 PL Classic Matches** Everton - Liverpool, 00/01

**22.30 Bestu bikarmörkin** Bikarveisla að hætti Liverpool en félagið hefur sex sinnum sigrað í keppninni (FA Cup).

**23.25 EM 4 4 2**

## SKJÁREINN

**07.50 Vörutorg**

**08.50 MotoGP** Bein útsending frá níundu keppninni í MotoGP sem fram fer í Assen í Hollandi. Það er ávallt frábær stemmning í Assen og þessi keppni er í miklu uppáhaldi hjá keppendum.

**13.05 MotoGP - Hápunktar** Sýndar svipmyndir frá síðustu keppni í MotoGP.

**14.05 Girlfriends** (e)

**14.30 Kimora. Life in the Fab Lane** (e)

**15.00 Hey Paula** (e)

**15.25 Top Chef** (e)

**16.15 Are You Smarter than a 5th Grader?** (e)

**17.05 Kid Nation** (e)

**17.55 What I Like About You** (e)

**18.20 Style Her Famous** (e)

**18.45 Top Gear** (e)

**19.45 Life is Wild** Bandarísk unglingasería um stúlku sem flyst með fjölskyldu sinni frá New York til Suður-Afríku. (e)

**20.35 Everybody Hates Chris** Bandarísk gamansería þar sem Chris Rock gerir grín af uppvaxtarárum sínum. Chris reynir að vera svalur en er gómaður með sígarettur og rekinn heim úr skólanum. (e)

▶**21.00 The King of Queens** Bandarískir gamanþættir um sendibílstjórann Doug Heffernan, Carrie eiginkonu hans og Arthur, hinn stórfurðulega tengdaföður hans. Doug reynir að sanna fyrir Carrie að hann sé ekki bara ómerkilegur bílstjóri þegar yfirmaður hans fer í frí og býður Doug og Deacon að fylla í skarðið á meðan. (e)

**21.25 Eureka** Bandarísk þáttaröð sem gerist í litlum bæ með stórt leyndarmál. Þar hefur helstu snillingum heims verið safnað saman og allt getur gerst. (e)

**22.15 The Wedding Planner** (e)

**23.55 C.S.I.** (e)

**02.15 Criss Angel Mindfreak** (e)

**02.40 The Eleventh Hour** (e)

**03.30 Jay Leno** (e)

**04.20 Vörutorg**

**05.20 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Valið endursýnt efni frá liðinni viku.** Endurtekið á klst. fresti.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# Einfalt mál

## EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT










Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga | Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2 | Markaðurinn á Vísi alla daga

VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.00

**The Guardian**



Ben er margverðlaunaður sundkappi og meðlimur í bandarísku landhelgisgæslunni. Hann missir félaga sinn í dauðann í misheppnaðri björgunaraðgerð á hafi úti. Hann söðlar um og tekur að sér kennslu í þjálfunarbúðum gæslunnar og þar kynnist hann hinum unga og hæfileikaríka nema Jake en hann hefur einnig sinn djöful að draga. Leikarar: Kevin Kostner, Sela Ward og Ashton Kutcher.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Jötunninn ógurlegi (Hulk)**
**Sjónvarpið kl. 20.30**

Jötuninn ógurlegi (Hulk) er bandarísk ævintýramynd frá 2003. Bruce Banner er vísindamaður sem lendir í óhappi við tilraunagerð og eftir það breytist hann í grænt risaskrímsli ef hann kemst í uppnám og eyðileggur allt sem á vegi hans verður.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.30** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Út um víðan völl
**09.03** Sólarglingur
**10.05** Veðurfregnir
**10.15** Mánafjöll
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Umhverfis jörðina
**15.00** Tímakorn
**15.40** Með laugardagskaffinu
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Á hestaslóð
**17.05** Brjóstdropar
**18.00** Kvöldfréttir
**18.26** Betri stofan
**18.52** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Bravó, bravó!
**20.00** Sögur af sjó og landi
**21.00** Látún
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Loki er minn Guð: Um skáldskap Guðbergs Bergssonar
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**15.00 Hollyoaks** Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**15.25 Hollyoaks**
**15.50 Hollyoaks**
**16.15 Hollyoaks**
**16.40 Hollyoaks**
**17.05 Talk Show With Spike Ferest-en** (16:22)
**19.30 Comedy Inc.** (21:22) Ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.
▶ **20.00 So you Think you Can Dance** (1:23) Keppendur vinna með bestu og þekktustu danshöfundum Bandaríkjanna til að ná tökum á nýrri danstækni í hverri viku þar til að lokum stendur einn eftir sem sigurvegari.
**21.35 Entourage** (12:20) Verðlaunaþættir sem eru lauslega byggðir á fyrstu árum Marks Wahlbergs í bíóborginni. Raunalegt framapot Vincents og félaga í Hollywood heldur áfram en leiðin á toppinn bæði skrykkjótt og brött.
**22.05 The Class** (12:19) Gamanþáttur þar sem við fylgjumst með bekkjarmóti skrautlegra skólafélaga sem mörg hver hafa ekki sést í 20 ár.
**22.35 Talk Show With Spike Ferest-en** (16:22)
**23.05 Comedy Inc.** (21:22)
**23.30 So you Think you Can Dance**
**01.00 Entourage** (12:20)
**01.25 The Class** (12:19)
**01.50 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## BBC PRIME

**10.00** The Weakest Link **11.00** Ballykissangel **12.00** Ballykissangel **13.00** Ballykissangel **14.00** Ballykissangel **15.00** Ballykissangel **16.00** Ballykissangel **17.00** Doctor Who **17.45** Doctor Who Confidential **18.00** Doctor Who **18.45** Doctor Who Confidential **19.00** The Lost Prince **20.30** The League of Gentlemen **21.00** The League of Gentlemen **21.30** The League of Gentlemen **22.00** Doctor Who **22.45** Doctor Who Confidential **23.00** Doctor Who **23.45** Doctor Who Confidential **0.00** The Lost Prince

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Boogie Listen **11.10** Øreræve i Namibias ørken **12.00** Det lille hus på prærien **12.45** Miss Marple: Invitation til mord **13.40** Walter og Carlo - op på fars hat **15.10** Før søndagen **15.20** Held og Lotto **15.30** Amuletten **16.00** Blandt vilde dyr og bleskift **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** SportNyt **17.05** De store katte **17.30** Hold masken **18.00** Robin Hood **18.45** Jumanji **20.25** Kriminalkommissær Barnaby **21.55** Speedway: Storbritanniens Grand Prix

## NRK 1

**8.00** H2O **8.30** En fortreffelig finne: Sami Hyypiä **9.00** NRKs sportslørdag **12.00** Wimbledon direkte **16.00** Barne-tv **16.30** Underbuksepiratene **16.35** Eventyr på hesteryggen **17.00** Dagsrevyen **17.30** Lotto-trekning **17.40** Etter at du dro **18.10** Retro **19.10** Sjukehuset i Aidensfield **20.00** Sport i kveld **20.20** Nachspiel Wimbledon **20.40** Verdensserien i sandvolleyball, Stavanger **21.00** Kveldsnytt **21.20** Duften av kvinne **23.50** Dansefot jukeboks med chat

## SVT 1

**9.00** Karamelli **9.30** Fieteri **11.05** Plus sommar **11.35** Packat & klart sommar **12.05** Kungsträdgården **13.05** Uppdrag granskning - sommarspecial **14.05** Tre kärlekar **15.00** Allsång på Skansen **16.00** Lenny och Knirp **16.05** Disneydags **17.00** Bröderna Lejonhjärta **17.30** Rapport **17.45** Sportnytt **18.00** Esa-Pekkas önskekonsert **19.00** Kriminaljouren **19.45** Gala för Nelson Mandela **21.45** Rapport **21.50** Sitcom **23.10** Rose och Maloney




## PERSÓNAN



*Birta Björnsdóttir*

**Aldur:** 31 árs.
**Starf:** Fatahönnuður.
**Fjölskylda:** Eiginmaður er Jón Páll Halldórsson og sonurinn Stormur Björn Jónsson, þriggja ára.
**Foreldrar:** Eygló Eyjólfsdóttir, starfsmaður hjá Orkuveitunni, og Björn Emilsson, dagskrárgerðarmaður hjá Ríkissjónvarpinu.
**Búseta:** Miðbær Reykjavíkur.
**Stjörnumerki:** Naut

Birta Björnsdóttir fatahönnuður opnaði nýja og stærri Júniform-verslun í byrjun maí í Ingólfsstræti 8.

# Árni fær formúlukappa sem tengdason

„Það kom ekki annað til greina hjá þeim en að gifta sig á Íslandi,“ segir Bryndís Guðmundsdóttir, eiginkona Árna Sigfússonar bæjarstjóra Reykjanesbæjar, en dóttir þeirra Aldís Kristín Árnadóttir mun ganga að eiga unnusta sinn Ralph David Firman í Landakotskirkju í dag.

Ralph er fyrrverandi formúlukappakstursmaður og keppir nú fyrir Honda í Japan, en Aldís Kristín er lögfræðingur og starfar bæði í London og Mónakó, svo parið á heimili á báðum stöðum.

„David er mjög hrifinn af Íslandi og hefur ferðast töluvert innanlands bæði með Aldísi og farið með okkur fjölskyldunni í lunda til Eyja. Hann er mjög góður drengur og fellur vel inn í fjölskylduna. Hann er líka mikill húmoristi og þar sem hann er hálfírskur grínumst við oft með að hann falli því vel inn í íslenska húmorinn,“ segir Bryndís, sem var önnum kafin við að undirbúa helgina þegar blaðamaður náði tali af henni, en helmingur brúðkaupsgestanna kemur að utan.

Ralph David er kaþólskur og að sögn Bryndísar verður athöfnin bæði með íslensku og írsku ívafi, en tveir prestar munu vígja þau Aldísi Kristínu og Ralph og tveir vinir hans verða svaramenn. „Þau vildu gjarnan vera á Reykjanessvæðinu svo veislan verður haldin á Lava í Bláa lóninu og brúðkaupsmyndirnar verða teknar á svæðinu í kring, enda birtan þar engu lík,“ segir Bryndís að lokum.

**- ag**





**LÁRÉTT** 2. eyja í asíu, 6. frú, 8. ósigur, 9. pfn., 11. átt, 12. framvegis, 14. blóm, 16. í röð, 17. maka, 18. samhliða, 20. rykkorn, 21. nabbi.

**LÓÐRÉTT** 1. þurrka út, 3. ólæti, 4. lítilsvirða, 5. herma, 7. rauðber, 10. æxlunarkorn, 13. fæða, 15. lengdareining, 16. kerald, 19. tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. java, 6. fr, 8. tap, 9. mig, 11. na, 12. áfram, 14. sóley, 16. áb, 17. ata, 18. með, 20. ar, 21. arða.

**LÓÐRÉTT:** 1. afmá, 3. at, 4. vanmeta, 5. apa, 7. rifsber, 10. gró, 13. ala, 15. yard, 16. áma, 19. ðð.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á blaðsíðu 8

1 Spánn og Þýskaland
2 Össur Skarphéðinsson
3 Nýhil






GEIR JÓN ÞÓRISSON: FER ROUTE 66 Á HARLEY Í SEPTEMBER

# Konan verður hnakkaskraut

„Ég hef verið með alvarlega mótorhjóladellu alveg frá því að ég var með skellinöðru á sínum tíma, en ég lét nú ekki freistast til þess að kaupa mér hjól fyrr en fyrir mánuði síðan,“ segir Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn sem nýlega splæsti í hjól af tegundinni Honda VTX 1300. Hann hyggur á hjólaferð til Bandaríkjanna í haust, þegar hann leggur upp í draumaferðina um Route 66 í Bandaríkjunum.

„Við förum til Los Angeles og leigjum þar splunkuný Harley Davidsson-mótorhjól. Svo ökum við eins og leið liggur eftir Route 66 langleiðina til Chicago. Þá beygjum við niður til hægri og endum í Orlando, þar sem við ætlum að slappa af í svona viku,“ útskýrir Geir Jón. Ferðin á að taka þrjár vikur, en Geir hefur ekki áhyggjur af því að aksturinn verði nokkuð stífur. „Hann verður það kannski, en með góðri skipulagningu hefst þetta alveg. Við erum með fínan fararstjóra, svo þetta á allt að ganga upp,“ segir hann. „Svo býðst okkur að kaupa hjólin þegar við erum búin að nota þau, sem væri nú kannski dálítið sniðugt að skoða,“ segir Geir Jón hugsi.

Geir Jón gekk nýlega í mótorhjólaklúbbinn Trúboðana, samtök kristinna bifhjólamanna, en Bandaríkjafararnir eru aðallega úr þeim félagsskap. „Þetta byrjaði allt saman þannig að ég var spurður hvort ég vildi ekki koma með í ferðina. Það var nú ekki annað hægt en að stökkva á það og láta drauminn rætast. Ég sagði já, og þá varð ég að rifja upp gömlu taktana til að vera klár í slaginn,“ segir Geir Jón, sem í kjölfarið gekk í Trúboðana og festi kaup á Hondunni góðu. „Þetta hefur allt gerst núna í júnímánuði,“ segir Geir Jón, sem nýtur fulls stuðnings konu sinnar, Guðrúnar Ingveldar Traustadóttur, í dellunni. „Hún hefur farið mikið með mér á hjólinu hérna heima og hefur voðalega gaman af. Hún fer með út og verður hnakkaskraut,“ segir Geir Jón og hlær við.

Hann hefur lagt fjölskyldubílnum og geysist frekar á hjólinu til vinnu. „Já, ég stórspara eldsneyti,“ segir Geir Jón, sem segir það þó ekki hafa komið til greina að festa kaup á vespu, sem hafa verið afar vinsælar upp á síðkastið. „Nei, maður verður að hafa kraftinn á milli fótanna, finnst mér, og komast leiðar sinnar almennilega,“ segir hann.

**sunna@frettabladid.is**



**MEÐ KRAFTINN Á MILLI FÓTANNA** Geir Jón Þórisson festi nýlega kaup á Hondu-mótorhjóli og hyggur á mótorhjólaferð eftir Route 66 í Bandaríkjunum í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Með Icelandair-vél frá París á fimmtudaginn flugu tveir helstu máttarstólpar landsins. **Geir Haarde** mætti í vélina ásamt þremur skjalatöskukörlum og tveimur lögregluþjónum og beygði til vinstri í Saga Class. Strax á eftir forsætisráðherranum arkaði **Björk** með sínu liði, en það hafði verið að spila í Olympiu-höllinni daginn áður. Hún beygði til hægri í almenninginn.



Mál **Ólafs F. Magnússonar** og söngkonunnar **Sólváar Ford**, sem hann bauð að syngja á menningarnótt, tekur stöðugt á sig nýjar myndir. Í Morgunblaðinu í gær sagði hún frá því hvernig kynnum hennar og borgarstjórans var háttað. Eftir að hún hafði sungið gospellag settist hann niður með kassagítar og spilaði lagið As Tears Go By með Rolling Stones, og heimtaði að sú færeyska tæki undir. Draumaendapunktur þessa máls væri vafalaust sá að Færeyingar myndu gjalda Ólafi greiðann og bjóða honum að syngja á Ólafsvökunni í Færeyjum. Sólvá myndi radda.



Mikið er rætt og ritað um dómgæslu í Landsbankadeild karla. **Egill Einarsson**, eða Stóri G, hefur meðal annarra látið dómara kenna á því í orði. Nú hefur hann látið **Valgeir Valgeirsson** fá það óþvegið á bloggi sínu fyrir að gefa **Prince Rajcomar**, leikmanni Blika, rautt spjald gegn Fram. Segir hann Prince hafa rekið framhandlegginn óvart í enni **Auðuns Helgasonar** enda það óhjákvæmilegt. „Hafið þið séð ennið á Auðuni Helga? Það væri hægt að byggja raðhús á enninu á honum,“ segir Egill ósáttur.

**-glh/shs**








# Jón Sæmundur á Glastonbury

Jón Sæmundur Auðarson, sem sumir þekkja betur sem Nonna Dead, hefur tónlistarferil sinn af krafti. Hann stígur á stóra svið Glastonbury-hátíðarinnar, Pýramídasviðið, á sunnudaginn klukkan tvö. Búist er við um 70-80 þúsund áhorfendum. Jón Sæmundur tekur lagið með hinni umdeildu Brian Jonestown Massacre, en hann á söng og texta við lagið Golden Frost, af My Bloody Underground, nýjustu plötu sveitarinnar.

Jón kynntist forsprakkanum Anton Newcombe seinasta haust, en hann tók plötuna að mestu upp hérlendis. Jón er ekki einn um að ljá bandinu rödd sína, en Krummi úr Mínus öskrar og Sigga af Boston talar, hvort í sitt laginu. Spurður hvort hann byrji á toppnum, en Golden Frost er fyrsta tilraun Jóns í hljóðveri og Glastonbury fyrsta sviðsframkoman, svaraði hann: „Er ekki bara fínt að byrja þar.“

Jón hefur, ásamt öðrum Íslendingum, unnið að myndböndum við lög nýju plötunnar, sem birtast á samnefndum DVD-disk, auk annarra myndbanda á DVD-disknum Book of Days, sem kemur út í haust.

Anton Newcombe er afar umdeildur, sérstaklega eftir heimildarmyndina Dig, þar sem fylgst er með Dandy Warhols og Brian Jonestown Massacre. Virðist hann þar í talsverðu rugli. En hvernig líst Nonna á bandið? „Ég þekki ekkert hina. Anton er mjög fínn og bara góður vinur minn. Erum á svipuðum aldri og með svipuð áhugamál.“ Varðandi Dig sagði hann: „Sú mynd er tekin á einhverjum tíu árum. En hann er ekki alveg svoleiðis núna, ég vona að minnsta kosti ekki. Hann er bara mjög rólegur og yfirvegaður.“

Í texta Golden Frost endurtekur Jón orðin „Andskotans helvítis djöfll“ og í myndbandinu sést hann framan við íslenskan fána. „Undiraldan er að ég er að blóta djöflinum. Svæla hann aftur niður þegar þriðji ísbjörninn kemur á land og Hekla gýs. Ég spái því að hann komi á sunnudaginn og Hekla byrji að gjósa, um leið og ég stíg á svið.“ Hann bætir við „En þið þurfið ekkert að vera hrædd.“

**- kbs**



**SPÁIR HEKLUGOSI OG ÍSBJÖRNUM** Jón Sæmundur syngur með Brian Jonestown Massacre. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Ethnicraft -Teak Rough




Gerum hús að heimili

TEKK
COMPANY

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA 10-18 OG LAUGARDAGA 10-16
BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS | WWW.TEKK.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




## BAKÞANKAR


Guðmundar Steingrímssonar


### ?

Fyrir nokkrum árum, þegar umræða um stóriðju og virkjun fyrir austan náði hvað hæstum hæðum, var það almennt viðurkennt og kvittað upp á af fræðimönnum, stjórnmálamönnum og hverjum þeim sem skoðun höfðu á málinu, að álvers- og virkjanaframkvæmdir væru þensluhvetjandi. Þær myndu með öðrum orðum hafa þau áhrif að verðbólga gæti aukist og vextir þyrftu að vera háir. Þá var verðbólgan 4-5% og menn voru að hækka vexti til þess að reyna að lækka hana. Núna er hún 12% og stýrivextir eru 15%, þannig að núna höfum við hvort tveggja: Okurvexti og okurverðlag. Ný met eru slegin í þessum efnum nánast daglega.

**VIÐ** stjórn peninga- og efnahagsmála hafa menn þannig algerlega runnið á bossann, en gott og vel. Eftir stendur spurningin: Ef álvers- og virkjanaframkvæmdir eru þensluhvetjandi, sem þær án efa eru, stendur þá ekki upp á aðalhvatamenn væntanlegra álvers- og virkjanaframkvæmda og forvígisfólk þeirra í ríkisstjórn Íslands að útskýra fyrir almenningi hvernig þessar fyrirhuguðu framkvæmdir eiga að leiða til þess að vextir og verðbólga lækki, eða í öllu falli hækki ekki enn frekar? Hvernig ætla menn að gera hvort tveggja: Reisa tvö álver og stækka eitt, efna til virkjanaframkvæmda og á sama tíma lækka vexti og verðlag? Eða hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að vextir og verðlag skipti almenning minna máli?

**SJÁLFSAGT** er ætlunin að réttlæta þessar framkvæmdir með efnahagsmálarökum, en grunsemd mín í þessum kringumstæðum er þó eftirfarandi: Felst ekki vandinn á Íslandi nú til dags fyrst og fremst í háum vöxtum og verðlagi? Okurtíð? Hvernig getur álver læknað það? Hvað þá tvö, jafnvel þrjú? Með öðrum orðum: Er ekki verið að beita röngum meðölum á efnhagsástandið? Kallast þetta ekki að henda björgunarhring inn í brennandi hús? Að ausa vatni á drukknandi mann? Eða í versta falli: Að hella olíu á eldinn.

**ÉG ER** eitt stórt spurningarmerki. Satt að segja er ég tvö stór spurningarmerki. Hitt varðar náttúruvernd. Annar flokkurinn í ríkisstjórn lofaði því að ekki yrði ráðist í frekari virkjanaframkvæmdir fyrr en búið væri að kortleggja á Íslandi hvar mætti virkja og hvar ekki. Þessari kortlagningu er ekki nándar nærri lokið. Að ráðast í tvö álver, stækkun á einu, virkjanir í Þjórsá og guð má vita hvað margar virkjanir fyrir norðan, á meðan þessari vinnu er ekki lokið, er þverbrot á því loforði.

**ÉG SPYR:** Hvað er að gerast?

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er laugardagurinn 28. júní, 181. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 3.02 | 13.31 | 23.59 |
| Akureyri | 1.15 | 13.16 | 0.40 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


